skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is
Hurðir & hurðasmíði

Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.

Græddu á gulli á Grand Hótel

Í dag frá kl 11:00 til 19:00

Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
30. apríl 2012
100. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011

Frumsýningarfjör
Fjölmennt á frumsýningu á Svari við bréfi Helgu í Borgarleikhúsinu.
fólk 22

Náttúruverndarinn 2012
Guðmundur Páll Ólafsson heiðraður fyrir ötula baráttu í þágu náttúrunnar.
tímamót 16

Allt galopið í körfunni
Þórsarar unnu óvæntan sigur á Grindavík í gær.
sport 24

veðrið í dag

HLÝNAR NA TIL 8-15 m/s og rigning V-til í dag en hægara og nokkuð bjart A-til. Dregur fyrir N-til eftir hádegið. Hlýnar í veðri NA-til, hiti að 16 stigum.

VEÐUR 4

Þjóðhagsstofnun endurreist en SÍ og FME ekki sameinuð

Hugmyndir um sameiningu Seðlabanka og Fjármálaeftirlits lagðar á hilluna. Til stendur að koma á fót nýrri þjóðhagsstofnun sem verði undir fjármálaráðuneyti. Hafró verður á forræði nýs atvinnuvegaráðuneytis.

STJÓRNSÝSLA Öll stjórnsýsla sem tengist peningastefnu landsins, þar með talinn Seðlabanki Íslands, verður færð undir fjármálaráðuneytið, gangi hugmyndir um breytingar á ráðuneytum eftir. Þar með hefur verið fallið frá hugmyndum um sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, en það síðarnefnda verður á forræði nýs atvinnuvegaráðuneytis.

Samkvæmt þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðardóttur um skiptingu ráðuneyta verða verkefni færð til og ráðuneyti stofnuð þannig að þrjú ný ráðuneyti verði til: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Ríkisstjórnin hefur síðan unnið að tilfærslu verkefna innan ráðuneytanna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður niðurstaðan sú að efnahagsþátturinn verði byggður upp í fjármálaráðuneytinu. Þangað færist Seðlabankinn og allt sem tengist peningamálastefnu. Samfylkingin hefur lagt mikla áherslu á þessa skipan mála.

Þá verði komið á fót nýrri stofnun, í ætt við Þjóðhagsstofnun sem lögð var niður árið 2002, sem vinni þjóðhagsspár.

Málefni atvinnulífsins alls, þar með talinn fjármálamarkaðurinn, færast undir atvinnuvegaráðuneytið. Þar verður einnig eftirlitsiðnaðurinn, Fjármálaeftirlitið og samkeppniseftirlitið, svo eitthvað sé nefnt. Stefnt er að áframhaldandi eflingu FME.

10 ár eru síðan ríkisstjórn Davíðs Oddssonar lagði Þjóðhagsstofnun niður. Frumvarp þess efnis var samþykkt 29. apríl 2002.

Nýtt umhverfis- og auðlindaráðuneyti mun fá það hlutverk að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda. Það verður því í mikilli samvinnu við atvinnuvegaráðuneytið.

Nokkuð hefur verið rætt um hvernig stofnanir núverandi ráðuneyta munu skiptast á milli þeirra nýju. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Hafrannsóknastofnun verða á forræði atvinnuvegaráðuneytis, en umhverfisráðuneytið fá aðkomu að stefnumótun. Kvótaúthlutunin verður þó á ábyrgð atvinnuvegaráðherra. Hins vegar hefur verið rætt um að Veiðimálastofnun færist yfir til umhverfisráðuneytis.

Þingsályktunartillagan er nú til umfjöllunar í stjórnkerfis- og eftirlitsnefnd, en gert er ráð fyrir að breytingarnar taki gildi 1. september.

- kóp

SJÖTUGIR Í RÁÐHÚSINU Á frísklegum gestum í Ráðhúsinu í gær var helst að sjá að Reykjavíkurborg hefði boðið þangað þeim borgarbúum sem verða sextugir á þessu ári en ekki sjötugir eins og raunin mun vera. Jón Gnarr borgarstjóri lá heima með lungnabólgu og missti af gleðskapnum en Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, fyllti skarð hans og ávarpaði samkomuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Aðstaða kvennadeildar bætt:

Erfið upplifun að missa barn

HEILBRIGÐISMÁL Kristín Guðmundsdóttir handboltakona hefur hrint af stað söfnun fyrir styrktarfélag Landspítalans en markmið hennar er að bæta aðbúnað þeirra kvenna sem missa barn á meðgöngu eða í fæðingu.

KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR

Kristín missti tvíbura í fyrra þegar hún var gengin 19 vikur. Henni fannst erfitt að liggja á kvennadeildinni innan um konur með nýfædd börn.

„Ég man að ég þurfti alltaf að hafa gluggana á herberginu mínu lokaða til að heyra ekki barnagrátinn.“

- áp / sjá síðu 6

Ný rannsókn sýnir að fjármálaákvarðanir eru betri ef ekki er hugsað á móðurmáli:

Taka jákvæða áhættu á spænsku

BANDARÍKIN Fólk tekur skynsamlegri ákvarðanir í fjármálum ef það hugsar á öðru tungumáli en móðurmálinu. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem var gerð við háskólann í Chicago og greint er frá í Science Daily. Meðal annars voru gerðar tilraunir á enskumælandi nemum sem einnig höfðu færni í spænsku. Þeir tóku skynsamlegri áhættu á spænsku en ensku.

Erlent tungumál veitir ákveðna fjarlægð, sem verður til þess að fólk fylgir síður innsæinu og tekur frekar meðvitaðar ákvarðanir, að því er fram kemur í rannsókninni. Þá er ekki eins mikið um tilfinningaleg rök þegar fólk hugsar á öðru tungumáli, en tilfinningar geta leitt til þess að fólk taki frekar ákvarðanir byggðar á ótta en á von, jafnvel þótt líkurnar á hagnaði séu miklar.

- þeb

NÝ KILJA EFTIR JAMES PATTERSON
Dramatísk átök og óbærileg spenna

www.forlagid.is

SÉRVERKEFNI
• Teppahreinsun
• Steinteppaþrif
• Parkethreinsun
• Bónvinna
www.iss.is

SPURNING DAGSINS

Jón, verður þú ekki bara að hjóla í hina frambjóðendurna?

„Jú, maður notar náttúrulega það sem maður hefur."

Jón Lárusson, lögreglumaður og frambjóðandi til embættis forseta Íslands líkir aðstöðu sinni gagnvart keppinautunum við mann á þríhjóli sem eltist við kappakstursbíl.

Samskipti Kína og Bandaríkjanna í uppnámi vegna horfins andófsmanns:

Chen fer enn huldu höfði

PEKING, AP Mál kínverska andófsmannsins Chen Guangcheng flækir samskipti Bandaríkjanna og Kína, en fullyrt er að hann hafist við í sendiráði Bandaríkjanna í Peking. Chen slapp úr stofufangelsi á heimili sínu í þorpinu Dongshigu. Ljóst þykir að hann hafi fengið hjálp þorpsbúa við flóttann, en hann er blindur.

Flótti baráttumannsins hefur gefið kínverskum andófsmönnum byr undir báða vængi, jafnvel þó að kínversk yfirvöld hafi handtekið nokkra stuðningsmenn hans og bælt niður öll skrif um hann á Internetinu. Meðal þeirra sem hneppt hafa verið í varðhald er He Peirong, sem ók Chen á öruggan stað eftir flóttann. Hún fullyrðir að hann sé ekki í sendiráðinu.

CHEN GUANGCHENG Flótti kínverska andófsmannsins úr stofufangelsi þykir flækja samskipti Bandaríkjanna og Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Chen er lögfræðingur og hefur barist fyrir réttindum fatlaðra og gegn þeirri stefnu kínverskra stjórnvalda að enginn megi eiga fleiri en eitt barn. Hann hafði verið í stofufangelsi allt frá því hann var látinn laus úr fangelsi árið 2010. Þar afplánaði hann fjögurra ára dóm fyrir meint eignaspjöll og að valda truflunum á umferð. - hhs

Shukri Ghanem fannst látinn:

Líkið fannst á útivistarsvæði

AUSTURRÍKI Fyrrum olíumálaráðherra Líbíu, Shukri Ghanem, fannst látinn í Vín í Austurríki í gær. Ghanem flúði Líbíu nokkrum mánuðum áður en uppreisnarmönnum tókst að fella Múammar Gaddafí í fyrra.

Ghanem, sem var einnig forsætisráðherra Líbíu árin 2003 til 2006, starfaði í Vín og var búsettur þar ásamt fjölskyldu sinni. Lík hans fannst í á nærri vinsælu útivistarsvæði. Ekki er ljóst hvort andlát hans bar að með saknæmum hætti. - áp

Fá dvalarleyfi í Sádi-Arabíu:

Eiginkonurnar eru saklausar

AP, SÁDÍ ARABÍA Stjórnvöld í Sádi-Arabíu segja engar sannanir vera fyrir því að eiginkonur Osama Bin-Laden tengist hryðjuverkastarfssemi og telja má líklegt að þær fái því dvalarleyfi í landinu.

Þrjár eftirlifandi eiginkonur al-Kaída foringjans og börn komust yfir landamærin frá Pakistan til Sádi-Arabíu á föstudagskvöldið. Tvær af konunum eru sádí-arabískir ríkisborgarar en Bin Laden var sviptur ríkisborgararétti í landinu árið 1994. Bin Laden fjölskyldan er umsvifamikil í landinu en hún sneri baki við Bin Laden fyrir mörgum árum. - áp

Sænskur stjórnmálamaður:

Sektað fyrir að henda stubbum

SVÍÞJÓÐ Lögin sem sett voru í fyrrasumar í Svíþjóð um sekt vegna sóðaskapar ná ekki til þeirra sem fleygja frá sér sígarettustubbum, karamellubréfum og munntóbaki. Nú vill stjórnmálamaður í Lundi, Mats Helmfrid, einnig sekta þá sem fleygja frá sér sígarettustubbum og segir undarlegt að löggjafinn hafi boðað að löglegt sé að fleygja úr heilum öskubakka á jörðina.

Stjórnmálamaðurinn Anders Rubin er ósammála og segir að þótt bannað sé að fleygja rusli eigi ekki að íþyngja lögreglu og réttarkerfinu með sektum vegna sígarettustubba. - ibs

LÖGREGLUMÁL

Gestir flúðu piparúða

Maður sprautaði piparúða inni á skemmtistaðnum Hressó í fyrrinótt. Úðinn dreifðist víða og fundu gestir fyrir óþægindum. Sumir hlupu á dyr. Að sögn lögreglu var staðurinn loftræstur og gátu gestir snúið aftur inn skömmu síðar.

Fjórðungur dauðra fálka finnst skotinn

Náttúruverndarsamtök Austurlands kalla eftir auknu eftirliti með skotveiðum. Brögð séu að því að alfriðaðir fluglar séu skotnir. Fjórðungur fálka sem finnst dauður er með högl í sér. Drápin eru sögð koma óorði á alla veiðimenn.

UMHVERFISMÁL Sjö högl fundust í hræi fálka sem nýverið fannst á Mýrum í Hornafirði. Í ályktunum aðalfundar Náttúrverndarsamtaka Austurlands (NAUST) frá því fyrr í mánuðinum er vakin á því athygli að í vöxt færist að alfriðaðir fuglar finnist skotnir.

Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands á undanförnum árum sýna að fjórðungur um það bil hundrað fálka, sem fundist hafa dauðir, hafði verið skotinn. Varpstofn fálkans er talinn vera um 300 til 400 pör. Hann hefur verið á válista og stranglega friðaður frá því árið 1940.

ELVAR ÁRNI LUND

„Að skjóta friðaða fugla er ekki veiði heldur dráp sem kemur óorði á alla veiðimenn," segir í ályktuninni og bent er á að á sama tíma og áhugi á skotveiðum hafi aukist hafi dregið svo úr eftirliti að nær ekkert eftirlit sé með fuglaveiðum.

„NAUST leggur til að koma upp kerfi eftirlitsmanna með fuglaveiði sem hafi heimild til að skoða afla og gera upptæk skotvopn finnist friðaðar tegundir í afla. Þá leggur NAUST áherslu á að þeir sem stoppa upp fugla stoppi ekki upp friðaða fugla heldur tilkynni til lögreglu þau hræ sem þeim berast."

Eins er vakin athygli á því að eitthvað sé um ólögleg vopn við fuglaveiðar, hlaðin miklu fleiri skotum en leyfilegt sé. „NAUST skorar á stjórnvöld að takmarka strax innflutning á vopnum sem ekki uppfylla löggjöf um veiðar enda ekki ástæða til að heimila innflutning á vopnum sem ekki má nota. Herða þarf eftirlit, viðurlög og sektir", segir þar.

Elvar Árni Lund, formaður Skotveiðifélags Íslands (Skotvís), segir félagsmenn Skotvís vel meðvitaða um þessa umræðu, þótt ályktanir NAUST hafi ekki borist honum til eyrna. „Allt hefur þetta verið í umræðunni," segir hann og kveður skoðun Skotvís að stóraukið eftirlit leysi engan vanda. „Það þarf að upplýsa veiðimenn betur og leggja meiri áherslu á fræðslu. Fyrir því hefur Skotvís staðið í mörg ár," segir hann og telur að í raun hafi Grettistaki verið lyft í siðbót á meðal skotveiðimanna. Hins vegar þurfi ekki marga til að koma óorði á allan fjöldann.

„Við erum á réttri leið. Þetta snýst um að vinna með veiðimönnum, upplýsa og fræða," segir Elvar Árni og kveður félagið í raun hafa sinnt í þeim efnum hlutverki sem stjórnvöld ættu að sjá um. Elvar Árni hvetur alla nýja veiðimenn til að ganga í Skotvís og undirgangast þar með siðareglur félagsins. „Með því má gera góða veiðimenn enn betri." olikr@frettabladid.is

MEÐ BRÁÐ Fálkar eru ekki algeng sjón í byggð. Þessi hér að ofan gæddi sér á dúfu undir vegg Héraðsdóms Reykjavíkur í Austurstræti í desemberbyrjun 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Úr siðareglum

Fyrsta grein siðareglna Skotvís (sem finna má á vef félagsins www.skotvis.is) er svohljóðandi: „[Skotveiðimaður] eykur stöðugt þekkingu sína á skotveiðum. Hér er meðal annars átt við:
Lög og reglur um veiðar, bráðina og lifnaðarhætti hennar.
Útlit og útbreiðslu friðaðra fugla.
Verndun veiðidýrastofna og skynsamlega nýtingu þeirra.
Eiginleika veiðivopna og skotfæra og annmarka þeirra."

Orkuveitan eykur gagnsæi:

Leynd aflétt af stjórnarskjölum

STJÓRNSÝSLA Aflétt hefur verið reglu sem sett var við samruna þriggja fyrirtækja í Orkuveitu Reykjavíkur um síðustu aldamót og fól í sér að fundargerðir og öll fundargögn stjórnar fyrirtækisins væru bundin trúnaði nema sérstök ákvörðun væri tekin um annað.

KJARTAN MAGNÚSSON

„Þessi regla var mjög óvinsæl meðal fjölmiðlamanna, sem kvörtuðu ítrekað yfir því að fá ekki afhentar fundargerðir og önnur fundargögn um ákveðin mál, sem til umfjöllunar voru á vettvangi Orkuveitunnar, þrátt fyrir að um opinberan rekstur og almannahagsmuni væri að ræða," segir í tilkynningu frá Kjartani Magnússyni, fulltrúa Sjálfstæðisflokks í stjórn OR sem fékk tillögu um afnám reglunnar samþykkta með þeirri breytingu að tillagan tekur ekki til samkeppnisstarfsemi fyrirtækisins. - gar

Sjálfstæðismenn í borgarstjórn:

Segja algjöran skort á samráði

REYKJAVÍKURBORG Borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna gagnrýnir harðlega vinnubrögð meirihluta Besta flokksins og Samfylkingar við fyrirhugaðar breytingar á sviðum og stjórnkerfi borgarinnar.

„Tillögur þessar hafa ekki fengið neina efnislega meðferð hjá borgarstjórn og eru því enn eitt dæmið um þann algjöra skort á samráði og lýðræðislegum vinnubrögðum sem einkennir störf núverandi meirihluta," segir í tilkynningu frá sjálfstæðismönnum. - gar

Formaður Þingvallanefndar segir kallað eftir bættri aðstöðu í þjóðgarðinum:

Keppni um stað undir „nýja Valhöll"

ÞJÓÐGARÐAR „Ég held að fáir hafi áttað sig á hvað þeir áttu fyrr en þeir voru búnir að missa Valhöll," segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, sem nú undirbýr samkeppni um staðarval fyrir „nýja Valhöll".

Hótel Valhöll gereyðilagðist í eldsvoða í júlí 2008. Álfheiður segir að í hugmyndaleit sem Þingvallanefnd efndi til hafi komið fram margar og miklar óskir um eitthvað sem komi í stað Valhallar. Fólk nefni mat- og kaffisölu, gistiaðstöðu og ýmiss konar fundar- og samkomusali.

„Svo komu líka fram ýmsar ábendingar um hvar svona mannvirki ætti að vera. Ein af fimm tillögum sem var verðlaunuð var einmitt um svona hús uppi á Gjábakka. Svo vildu margir að Valhöll yrði endurreist eins og hún var á sama stað og allt þarna á milli," segir Álfheiður. Gamli Valhallarreiturinn sé reyndar fremur erfiður byggingarstaður því landið þar sígi og framkvæmdir þar séu dýrar. Væntanlegar tryggingarbætur vegna gamla Hótels Valhallar séu eyrnamerktar uppbyggingu til að bæta upp fyrir aðstöðuna sem tapaðist.

Álfheiður segir Þingvallanefnd munu hittast á „hugarflugsfundi" 10. maí og kalla þar ýmsa aðila til þátttöku. Stefnt sé að því að efna til hönnunarsamkeppni í haust og hefja framkvæmdir á næsta ári.

HÓTEL VALHÖLL Bruninn á Þingvöllum í júlí 2009 batt óvæntan enda á langa sögu Hótels Valhallar í þjóðgarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

- gar

TM Software Applicon

Betri lausnir í **20 ár**
1992-2012

Starfsfólk Nýherja, 20 ára.

Nýjar lausnir – nýir tímar

Afmælisráðstefna Nýherja og dótturfélaga með fyrirlesurum frá Gartner, IBM og SAP á Hilton Reykjavik Nordica, 3. maí kl. 13-17

Dagskrá

- 13:00-13:10 **Nýherji í 20 ár.** Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja.
- 13:10-14:00 **Framtíðin í UT.** David Norton, Research Director, Gartner.
- 14:00-14:15 **Kaffihlé og skipting í tvo þræði.**

Hagræðing í rekstri

- 14:15-14:45 **Leiðin að „Lean fyrirtæki" með Atlassian lausnum.** Pétur Ágústsson, hópstjóri, TM Software.
- 14:50-15:20 **Öruggari notkun snjalltækja með Lenovo.** Guðmundur A. Þórðarson, lausnaráðgjafi, Nýherji.
- 15:20-15:40 **Kaffihlé.**
- 15:40-16:10 **Viltu einfalda áætlanagerð og uppgjör?** Kjartan J. Bendtsen, SAP Ráðgjafi, Applicon.
- 16:15-16:45 **Snjalllausnir með SAP.** Peter von Linstow, Solution Center Mobility Specialist, SAP.

Sóknarfæri með nýrri tækni

- 14:15-14:45 **Með vefinn í vasanum.** Soffía Þórðardóttir, hópstjóri, TM Software.
- 14:50-15:20 **Leiðir til hraðari ákvarðanatöku.** Thomas Madsen, SAP Solution Advisor, SAP.
- 15:20-15:40 **Kaffihlé.**
- 15:40-16:10 **Tölvuský - hámörkun ávinnings, lágmörkun áhættu.** Helgi Björgvinsson, lausnaráðgjafi, Nýherji.
- 16:15-16:45 **Plug and Play með IBM PureSystems netþjónum.** Torben Skov, NGP Platform Leader, IBM Denmark.
- 16:45 **Léttar veitingar í boði fyrir gesti.**
- 18:00 **Ráðstefnulok.**



Brandenburg

Nýherji er 20 ára á árinu 2012. Af því tilefni blásum við til afmælisráðstefnu þar sem lögð er áhersla á lausnir sem skapa hagræðingu í rekstri og þau sóknarfæri sem felast í tilkomu nýrrar tækni. Þátttaka er án endurgjalds, en skráning fer fram á **nyherji.is**.

Nýherji hf. Sími 569 7700 Borgartúni 37 Akureyri nyherji.is

NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

GENGIÐ 27.04.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,38	125,98
Sterlingspund	203,42	204,40
Evra	165,89	166,81
Dönsk króna	22,298	22,428
Norsk króna	21,907	22,037
Sænsk króna	18,639	18,749
Japanskt jen	1,5521	1,5611
SDR	194,20	195,36

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,003
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

LEIKSKÓLI Starfsdagar nema fjórðungi lágmarksorlofs á vinnumarkaði.

SA gagnrýna skipulagsdaga:

Foreldrar hinir þöglu þolendur

SKÓLAMÁL Samtök atvinnulífsins gagnrýna fjölgun skipulagsdaga hjá leikskólum Reykjavíkurborgar úr fimm í sex á ári. Samtökin segja einhliða fjölgun skipulagsdaga bitna illa á foreldrum og fyrirtækjum. „Foreldrar barna eru þöglir þolendur sem virðast ekki eiga auðvelt með að bera hönd fyrir höfuð sér," segir í yfirlýsingu SA.

Fram kemur að fjöldi skipulagsdaga hafi tvöfaldast á fimm árum. Foreldrar þurfi oftast að nýta orlofsrétt sinn á þessum dögum og jafngildi þessi dagafjöldi fjórðungi lágmarksorlofs.

Samtökin telja að endurskoða þurfi þessi vinnubrögð í leikskólastarfinu og leggja meiri áherslu á þjónustu við foreldra og atvinnulíf. - áp

HALDIÐ TIL HAGA

Misvísandi tölur um lögreglu

Tölur um fjölda lögreglumanna á forsíðu blaðsins á laugardag eiga við um heildarfjölda lögreglumanna, að meðtöldum héraðslögreglumönnum og nemum. Héraðslögreglumenn og nemar eru hins vegar ekki taldir inn í fjölda starfandi lögreglumanna í tölum lögreglunnar. Heildarfjöldi lögreglumanna var þannig 716 í fyrra, en þar af voru 652 starfandi lögreglumenn.

Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vildi að Íslendingar tækju tillit til erlendra kröfuhafa:

Barroso þrýsti á Geir vegna lánardrottna

DÓMSMÁL Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, José Manuel Barroso, hringdi í Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra Íslands, við hrun bankanna til að þrýsta á um að hagur erlendra kröfuhafa yrði tekinn með í reikninginn. Frá þessu greindi Geir í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun.

„Ég fann að hann var með undirbúinn texta sem hann var að hluta til að lesa upp gagnvart mér, þar sem ég skildi vel hvert hann var að fara. Hann lagði sem sé mikla áherslu á að við myndum koma vel fram við hina erlendu lánardrottna. Við vorum bara ekkert í þeirri stöðu að geta tekið við neinum ábendingum hvað þá fyrirmælum eða tilmælum frá Evrópusambandinu á þessum tíma. Það kom bara ekki til greina," sagði Geir. Hann segir að Ísland hefði lent í enn meiri vandræðum ef við hefðum verið í Evrópusambandinu þegar hrunið varð.

Þá talaði Geir um viðbrögð sín við dómi Landsdóms í síðustu viku. Aðspurður sagðist hann eflaust hafa gengið of langt. „Ég ætla ekkert að draga úr því að kannski tók maður fulldjúpt í árinni þarna.

GEIR H. HAARDE

Ég vil nú ekki meina að ég hafi verið í geðshræringu en ég varð mjög reiður," sagði Geir.

Geir útskýrði ummæli sín um að pólitíkin hefði laumað sér inn í Landsdóm á þann veg að hann héldi að dómarar hefðu verið að liðsinna pólitískt þeim sem væru upphafsmenn málsins. Hann héldi ekki að þeir hefðu verið að reyna að koma á sig pólitísku höggi. Hann sagði þetta vera vangaveltur af sinni hálfu.

Sigurjón M. Egilsson, umsjónarmaður Sprengisands, spurði Geir einnig um upptöku af samtali hans og Davíðs Oddssonar daginn sem neyðarlögin voru sett. Efnahagsnefnd Alþingis hefur óskað eftir því að fá upptöku af samtalinu. Geir segist ekki hafa tekið afstöðu í því máli. Honum hafi ekki verið kunnugt um að samtalið væri hljóðritað. Honum þyki ágæt spurning hvort láta eigi slíkar upptökur í umferð. - þeb

Vill ekki lögregluna í vopnakapphlaup

Meirihluti lögreglumanna vill í neyð geta gripið til skammbyssna úr læstum hólfum í lögreglubílum. Innanríkisráðherra segir lögreglumenn ekki eiga að vera berskjaldaða en kveðst óttast vígbúnaðarkapphlaup við ofbeldismenn.

LÖGREGLUMÁL „Það verður ekki flanað að neinu í þessum efnum," segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra um fregnir af áhuga meðal lögreglumanna á að geyma skammbyssur í lögreglubílum.

Innan lögreglunnar eru vaxandi kröfur um aukinn vopnabúnað. Samkvæmt fréttum Stöðvar 2 um helgina sýnir óbirt könnun meðal félagsmanna í Landssambandi lögreglumanna að meirihluti þeirra vill að lögreglan búist rafbyssum. Sömuleiðis að koma eigi fyrir skammbyssum í lögreglubílum fyrir neyðartilfelli. Er þá rætt um verklag sem tíðkast í Noregi og felst í því að skammbyssur eru geymdar í læstu hólfi í farangursgeymslu lögreglubíla. Ekki er hægt að nálgast byssurnar nema með leyfi frá höfuðstöðvunum í hverju tilviki.

SNORRI MAGNÚSSON

Innanríkisráðherra sótti í síðustu viku aðalfund Landssambands lögreglumanna. Ögmundur segir vopnaburð hafa borið þar á góma. Slík umræða hafi verið lengi innan lögreglunnar og sitt sýnst hverjum.

„Almennt hafa lögreglumenn verið mjög varkárir í þessu efni en nú fer heimurinn harðnandi og við viljum að sjálfsögðu ekki að lögreglan sé berskjölduð og óvarin frammi fyrir vopnuðum ofbeldismönnum. En þá vil ég minna á að Víkingasveitin hefur vopn undir höndum ef á þarf að halda," segir innanríkisráðherra.

ÖGMUNDUR JÓNASSON Innanríkisráðherra segir heiminn fara harðnandi og að lögreglumenn eigi ekki að vera berskjaldaðir frammi fyrir vopnuðum ofbeldismönnum.
FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

> Það er mjög auðvelt að lokast inni í vítahring þar sem vopnin kalla á meiri vopn.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> INNANRÍKISRÁÐHERRA

Ögmundur kveðst alltaf hafa verið mjög efasemdafullur þegar vopnaburður sé annars vegar. „Það er mjög auðvelt að lokast inni í vítahring þar sem vopnin kalla á meiri vopn og vígbúnaður á meiri vígbúnað. En það þýðir alls ekki að maður eigi að skella skollaeyrum við ósk um umræðu af þessu tagi. Ef þess verður óskað að taka þetta formlega upp þá munum við að sjálfsögðu gera það og hafa þá hliðsjón af reynslu annarra ríkja og þá hljótum við að horfa til Norðurlandanna," segir ráðherrann.

Ekki náðist í gær í Snorra Magnússon, formann Landssambands lögreglumanna. „Þetta kemur út úr þessari könnun að það er almennur vilji og mikill meirihlutavilji lögreglumanna að þetta sé gert," sagði Snorri hins vegar í samtali við fréttastofu Stöðvar 2.

gar@frettabladid.is

ESB styrkir jarðhitarannsóknir:

100 milljónir til Orkustofnunar

ORKUMÁL Evrópusambandið hefur ákveðið að styrkja Orkustofnun, Rannís og stjórnsýslustofnanir átta annarra Evrópulanda um samtals tvær milljónir evra, rúmlega 330 milljónir króna, til að styrkja rannsóknir á jarðhita.

Á vef Orkustofnunar kemur fram að stofnunin fái um 600 þúsund evrur, um 100 milljónir króna, í sinn hlut, en stofnunin fer með stjórn verkefnisins.

Samstarf ríkjanna er til fjögurra ára og mun verkefnið stuðla að auknu flæði peninga til jarðhitarannsókna, sem aftur getur leitt af sér ný verkefni á sviði jarðhitanýtingar, segir á vef Orkustofnunar. - bj

Yfirfara farsímarannsóknir:

Ekki sannað að símar skaði fólk

VÍSINDI Engar sönnur hafa enn verið færðar á að farsímanotkun geti haft neikvæð áhrif á heilsufar fólks. Þetta er niðurstaða vísindamanna sem fóru yfir hundruð rannsókna á áhrifum farsímanotkunar.

Ýmsar rannsóknir hafa bent til tengsla á milli farsímanotkunar og krabbameins, ófrjósemi og jafnvel röskunar heilastarfsemi. Ekkert slíkt var hægt að staðfesta með samanburði á rannsóknunum, að því er fram kemur í frétt BBC.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu sögðu vísindamennirnir að frekari rannsókna væri þörf á langtímaáhrifum farsímanotkunar. - bj

Vogir á góðum kjörum

Baðvog frá Adler
AD 8116b
5.400 kr. stgr.

Eldhúsvog
AD 3138b
2.700 kr. stgr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

KÚVENDING Svalt í morgunsárið NA-til en sumarhiti að vinnudegi loknum! Rigning V-til í dag og skúrir á morgun en nokkuð bjart A-til. Þó dálítil væta NA-til seinnipartinn í dag og á miðvikudag.



HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	16°
Berlín	22°
Billund	14°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	14°
Kaupmannahöfn	14°
Las Palmas	20°
London	16°
Mallorca	19°
New York	17°
Orlando	29°
Ósló	16°
París	17°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	11°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

TÖFRAR FRÁ MEXÍKÓ



TEX MEX
Santa Maria

BÓNUS HAGKAUP

LEYNIVOPNIÐ

KJÖRKASSINN

Finnst þér að gera eigi saksókn vegna hatursáróðurs á netinu auðveldari?

JÁ 75,5%

NEI 24,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér að lögreglan ætti að fá skammbyssur?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Sex netabátar fengu þúsund tonn á þremur vikum í netaralli Hafró:

Besti afli í netarallinu til þessa

SJÁVARÚTVEGUR Netarall Hafrannsóknastofnunar sýnir líkt og stofnmatið vöxt í hrygningarstofni þorsks á undanförnum árum. Netarallinu lauk 22. apríl síðastliðinn. Úrvinnsla gagna er á frumstigi og niðurstöður liggja ekki fyrir, en mjög góð veiði var á flestum svæðum og var þorskaflinn um þúsund tonn hjá þeim sex bátum sem stunduðu veiðarnar í þrjár vikur.

Markmið verkefnisins er að safna upplýsingum um aldur, lengd og þyngdarsamsetningu hrygnandi þorsks og vöxt á helstu hrygningarsvæðum. Einnig að meta árlega magn kynþroska þorsks er fæst í þorskanet á hrygningarstöðvum og breytingar í fiskgengd á mismunandi svæðum.

TVEGGJA HANDA FISKUR Rígvænn hrygningarfiskur mokveiddist í netarallinu þetta árið.

Um 300 netatrossur voru lagðar og er þeim dreift á helstu hrygningarsvæði. Metafli fékkst í Breiðafirði og einnig var talsverð aflaaukning á svæðinu frá Meðallandsbugt að Hvítingum. Á öðrum svæðum var afli svipaður eða aðeins betri en í fyrra. Eina undantekningin var kanturinn austur af Vestmannaeyjum en þetta er fjórða árið í röð sem afli hefur verið lélegur þar.

Gagnasöfnun í netaralli skilar mikilvægum upplýsingum en niðurstöður netaralls hafa hins vegar ekki verið notaðar beint til samstillingar í stofnmati, en eru hafðar til hliðsjónar við fiskveiðiráðgjöf. **- shá**

Stuðningur lögreglunnar:

Hjálparlína fyrir glæpamenn

SVÍÞJÓÐ Frá því að hjálparlína fyrir afbrotamenn var opnuð í Stokkhólmi fyrir fjórum vikum hafa fimm háttsettir félagar í glæpaklíkum í undirheimum borgarinnar hringt og fengið aðstoð. Afbrotamönnum sem hafa samband við lögregluna hefur fjölgað. Þeir hafa viljað hefja nýtt líf en ekki trúað að það væri hægt.

Lögreglustjórinn, Carin Götblad, segir þá sem leita aðstoðar glíma við vímuefnavanda, vera atvinnulausa og vinalausa. **- ibs**

Mæður sem missa börn fái betri aðstöðu

Kristín Guðmundsdóttir lenti í þeirri erfiðu reynslu að missa tvíbura á meðgöngu. Hún er að hefja söfnun svo bæta megi aðstöðu kvenna í þessum sporum á kvennadeild Landspítala. Söfnunin hefst á leik Fram og Vals í handbolta.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég man að ég þurfti alltaf að hafa gluggana lokaða á herberginu svo ég heyrði ekki barnagrátinn yfir til mín. Það var mjög erfitt," segir Kristín Guðmundsdóttir handboltakona sem var gengin 19 vikur þegar hún missti tvíburadrengi sína.

Hún er að hefja söfnun fyrir styrktarfélag kvennadeildar Landspítalans, Líf, en markmið söfnunarinnar er að bæta aðbúnað kvenna sem missa börn sín á meðgöngu eða í fæðingu.

Tíu mánuðir eru síðan Kristín þurfti að dvelja í tólf daga á Kvennadeildinni og var hún þá innan um konur sem voru annaðhvort barnshafandi eða með nýfædd börn. Það hafi gert erfiða lífsreynslu verri. „Mér finnst það ekki vera miklar kröfur að hafa til dæmis hljóðeinangruð herbergi afsíðis fyrir þennan hóp. Ég fékk að tala við prest og félagsráðgjafa en annars fannst mér ég þurfa að sækja allar upplýsingar sjálf."

Kristín greinir frá því að það hafi verið erfiðast fyrir hana að fara í skoðun aðeins fimm vikum eftir að hún missti drengina. Skoðunin fór fram á sama stað og barnshafandi konur fara í sónar. „Það var alveg hræðilegt. Ég sat á lítilli biðstofu innan um óléttar konur sem voru spenntar að fara í sónar á meðan ég var að syrgja mín börn. Ég man að ég var óvinnufær þennan dag og titraði öll og skalf þegar ég kom heim."

Kristín segir viðbrögð við söfnunarátakinu hafa verið mjög góð og draumurinn sé að stofna samtök, innan Lífs, sem annist þennan hóp kvenna.

GERA ERFIÐA REYNSLU BÆRILEGRI Handboltakonan Kristín Guðmundsdóttir er að fara af stað með söfnun til styrktar Lífi með það markmið að bæta aðstöðu þeirra sem missa barn á meðgöngu eða í fæðingu. Hér er hún ásamt tviburadætrum sínum, Telmu og Emblu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Ég sat á lítilli biðstofu innan um óléttar konur sem voru spenntar að fara í sónar á meðan ég var að syrgja mín börn.
>
> KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR

Söfnuninni verður hrint af stað á upphafsleik úrslitaeinvígisins í N1-deildinni í handbolta á miðvikudagskvöld. Þá mætast Valur og Fram en Kristín leikur með síðarnefnda liðinu. Hún hefur fengið styrki frá fyrirtækjum sem gerir það að verkum að frítt verður á leikinn.

„Ég vil fá sem flesta á leikinn og fulltrúar frá Lífi verða á staðnum að selja pylsur og hamborgara. Það er því tilvalið að gera sér glaðan dag með fjölskyldunni og styrkja gott málefni í leiðinni."

Hildur Harðardóttir, yfirlæknir kvenlækninga á Landspítalanum, er sammála Kristínu um að það þurfi að hlúa betur að þessum hópi. „Það er ekki spurning að það þarf að bæta verulega aðstöðuna fyrir þessar konur til að gera erfiða upplifun bærilegri. Ég kann henni bestu þakkir fyrir framtakið enda þarf mikinn kjark og kraft til að opna sig og standa í þessu."

Styrktarreikningur hefur verið stofnaður þar sem tekið er á móti frjálsum framlögum. Reikningsnúmer 0345-13-202244 og kennitala 180778-3819.

alfrun@frettabladid.is

Aðalfundur

Lífeyrissjóðs verkfræðinga

Grand Hótel – Reykjavík
Þriðjudaginn 15. maí kl. 17:00

Dagskrá fundarins:

- **Hefðbundin aðalfundarstörf**
- **Tillögur til breytinga á samþykktum**
- **Önnur mál, löglega upp borin**

Tillögur til breytinga á samþykktum verða sendar með fundarboði til sjóðfélaga og verða auk þess aðgengilegar sjóðfélögum á heimasíðu og skrifstofu sjóðsins.

Kosið verður um 2 stjórnarmenn og 1 varamann í stjórn sjóðsins. Þeim sjóðfélögum sem hafa hug á að bjóða sig fram er boðið að kynna sig stuttlega á heimasíðu sjóðsins og eru þeir beðnir um að hafa samband við starfsmenn sjóðsins.

Í sjóðnum er virkt sjóðfélagalýðræði og hafa allir sjóðfélagar sem mæta á aðalfund atkvæðisrétt.

Stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga.

LÍFSVERK
LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA

Engjateigi 9, 105 Reykjavík
www.lifsverk.is

Íslendingar eru bjartsýnni á að stjórnendur hlusti á umkvartanir starfsfólks:

Kannanir benda til aukinnar streitu

VINNUMARKAÐUR Átta af tíu samevrópskum skoðanakönnunum sýna að fólk hefur áhyggjur af vinnutengdri streitu.

Að könnuninnni stóð Ipsos MORI fyrir hönd Vinnuverndarstofnunar Evrópu. Könnuð voru viðhorf 35 þúsund manns í 36 Evrópulöndum til málefna sem tengjast vinnuvernd.

Í fréttatilkynningu um niðurstöðurnar kemur fram að 80 prósent vinnandi fólks í Evrópu telji að fjöldi þeirra sem þjáist af vinnutengdri streitu muni aukast næstu fimm árin og rúmur helmingur telur að aukningin verði umtalsverð. „Hlutfallið er þó talsvert lægra hér á landi þar sem aðeins 47 prósent telja að vinnutengd streita muni aukast á næstu árum," segir í tilkynningunni.

Niðurstöðurnar eru sagðar í takt við niðurstöður ESENER könnunar Vinnuverndarstofnunarinnar um nýjar og aðsteðjandi áhættur á vinnustað. Hún leiddi í ljós að 79 prósent stjórnenda telja að streita sé vandamál í fyrirtæki þeirra. „En það þýðir að vinnustreita er jafnmikilvægt úrlausnarefni fyrir fyrirtæki og vinnuslys." Þá kemur fram að Íslendingar eru heldur bjartsýnni en meðalevrópubúinn á að stjórnendur fyrirtækja komi til með að taka mark



HALDINN STREITU Auknar kröfur eftir hrun auka vinnutengda streitu, segir framkvæmdastjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu. NORDICPHOTOS/GETTY

á kvörtunum varðandi öryggi og heilbrigði á vinnustað. Alls telja 74 prósent aðspurðra í Evrópu að svo muni vera, en 86 prósent Íslendinga. **- óká**

ÚTIFUNDUR Á INGÓLFSTORGI

BSRB hvetur alla félagsmenn til að mæta á baráttufund þann 1. maí og minnir á kaffisamsæti í BSRB-húsinu, Grettisgötu 89, að loknum útifundinum á Ingólfstorgi

Dagskrá 1. maí hátíðarhaldanna í Reykjavík 2012

Safnast saman á Hlemmi kl. 13.00. Gangan hefst kl. 13.30
Örræður á leið göngunnar niður Laugaveg

Útifundur á Ingólfstorgi hefst kl. 14.10

FUNDARSTJÓRI
Þórarinn Eyfjörð

TÓNLIST
Kvennakór Léttsveitar Reykjavíkur
syngur 2 lög

RÆÐA
Þuríður Einarsdóttir, formaður
Póstmannafélags Íslands, heldur ræðu

TÓNLIST
Drengjakór Reykjavíkur

RÆÐA
Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður
Rafiðnaðarsambands Íslands, heldur ræðu

TÓNLIST
Karlakór Reykjavíkur
Kvennakór Léttsveitar Reykjavíkur og Karlakór Reykjavíkur syngja 1 lag saman
Kórar og lúðrasveitir syngja og spila „Internationalinn“

Fundi slitið um kl. 15.00

svavar@skakkapopp.is

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu mikið fækkaði skráðum afbrotum hjá lögreglunni milli áranna 2010 og 2011?*
2. *Hver tekur við starfi knattspyrnustjóra hjá Barcelona?*
3. *Meðlimir hvaða hljómsveitar sitja naktir fyrir á umslagi nýrrar plötu?*

SVÖR:
1. Um fjórðung 2. Tito Vilanova 3. Kitchens family

MÓTMÆLT Hópurinn lét til sín taka við bensínstöð Skeljungs við Vesturlandsveg. MYND/AMNESTY

Mættu á Skeljungsstöð:

Mengun í Nígeríu mótmælt

SAMFÉLAGSMÁL Ungliðahreyfing Íslandsdeildar Amnesty International stóð nýverið fyrir mótmælum við bensínstöð Skeljungs við Vesturlandsveg.

Með mótmælunum, eða „hreinsunaraðgerðinni“ eins og ungliðahreyfingin kallaði aðgerðina, var athygli vakin á umhverfisspjöllum og mannréttindabrotum sem sögð eru hafa hlotist af olíuvinnslu móðurfyrirtækisins Shell á óseyrum Nígerfljóts í Nígeríu.

Ungliðarnir krefjast úrbóta en mótmælin voru þáttur í alþjóðlegri herferð Amnesty. **- shá**

BRETLAND

Varað við flóðum

Bresk yfirvöld vöruðu í gær við yfirvofandi flóðum í landinu. Mikil úrkoma hefur verið á Bretlandseyjum síðustu daga og er gert ráð fyrir áframhaldandi rigningu og jafnvel snjókomu á stöku stað.

FRÉTTAVIÐTAL: Robert C. Nurick, sérfræðingur í öryggis- og varnarmálum

Eftirlit og björgun mikilvægari

Staðsetning Íslands gerir það að verkum að landið verður í lykilstöðu nú þegar áhersla á norðurslóðir fer að aukast segir sérfræðingur í öryggismálum. Hlutverk Íslands verður ekki síst á vettvangi eftirlits- og björgunarmála á hafinu.

Ísland mun án efa fá aukið hlutverk tengt öryggismálum á norðurslóðum á komandi árum þó áhrifamikil ríki og ríkjabandalög hafi enn ekki veitt þessu svæði fulla athygli, segir Robert C. Nurick, bandarískur sérfræðingur í öryggis- og varnarmálum.

Nurick var staddur hér á landi í síðustu viku á vegum Bandaríska sendiráðsins hér á landi og hélt fyrirlestur um öryggismál á fundi á vegum Alþjóðamálastofnunar.

Augljóst er að Ísland verður í lykilhlutverki þegar kemur að björgunarmálum á þessu gríðarstóra hafsvæði þegar og ef skipaleiðir opnast með tilheyrandi olíuflutningum, eða þegar norðlæg ríki hefja frekari nýtingu á orkuauðlindum undir hafsbotni, segir Nurick í viðtali við Fréttablaðið. Hann segir að Ísland verði einnig í stóru hlutverki þegar komi að nýtingu þessara sömu orkuauðlinda.

„Nýting orkuauðlinda á norðurslóðum hefur ekki bara áhrif á samskipti ríkja á efnahagslegum forsendum, til að skipta þeim auðlindum sem finnast á svæðinu,“ segir Nurick. „Við það bætast til dæmis umhverfissjónarmið þar sem risavaxin olíuskip munu fara um svæðið með tilheyrandi hættu á skipssköðum og mengunarslysum.“

„Alþjóðasamfélagið áttar sig á því að það verður að undirbúa allar hliðar málsins, þar með talin viðbrögð við hættu af því tagi,“ segir Nurick. „Ríkin á þessu svæði verða að ná samkomulagi um ásættanlega hegðun á svæðinu og hver ábyrgð hvers og eins er. Þar verður einnig að koma skýrt fram hver eigi að bregðast við þegar eitthvað fer úrskeiðis.“

Staðsetning Íslands gerir það að verkum að landið verður afar mikilvægt í öllum þeim umræðum. Nurick nefnir að burtséð frá því hversu mikinn viðbúnað Ísland geti byggt upp geri staðsetningin Íslendingum mögulegt að fylgjast með skipaumferð á gríðarstóru hafsvæði, sem verði sífellt mikilvægara eftir því sem skipaumferð aukist.

Eftirlitið mikilvægt

„Það verður mjög mikilvægt í sjálfu sér að fylgjast með því hverjir eiga leið um hafsvæðið, hvert þeir eru að fara, hvernig ástandið er hjá hverjum og einum. Einnig verður að tryggja að sjófarendur geti átt samskipti hver við annan. Það er óhjákvæmilegt að Ísland taki stóran þátt í slíku eftirliti,“ segir Nurick.

Íslensk stjórnvöld hafa um nokkurra ára skeið lagt mikla áherslu á samvinnu á norðurslóðum á alþjóðavettvangi. „Það er enn einhver tími til stefnu, en þróun mála á norðurslóðum er hraðari en menn gerðu ráð fyrir,“ segir Nurick.

„Ég reikna með að ef ég yrði spurður myndi ég ráðleggja íslenskum stjórnvöldum að leggja enn meiri áherslu á samvinnu á Norðurslóðum. Ég myndi reyndar ráðleggja öðrum ríkjum á svæðinu að gera það sama, þar með talið Bandaríkjunum. Það er vissulega tími til stefnu, en það verður mjög flókið að leysa úr álitaefnum sem upp munu koma og betra að vera komin lengra en styttra þegar þau koma upp.“

Nurick segir ekki rétt að orða það svo að bandarísk stjórnvöld hafi takmarkaðan áhuga á norðurslóðum. Réttara væri að segja að þau viti af mikilvægi svæðisins og hafi áhuga á því að koma að samvinnu á þessum slóðum. Staðreyndin sé hins vegar sú að stjórnvöld vestra hafi nóg annað á sinni könnu í öðrum heimsálfum. Athyglin sé frekar á Mið-Austurlöndum, Afganistan, Norður-Kóreu og víðar.

„Bandarísk stjórnvöld eru þegar farin að leggja meiri áherslu á að móta sér stefnu fyrir norðurslóðir, en hvort sú vinna er komin upp á yfirborðið í samskiptum við önnur ríki er annað mál. En á næstu einu til tveimur árum mun þessi heimshluti fá meiri og meiri athygli í Washington. Það er óhjákvæmilegt,“ segir Nurick.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is

NORÐURSLÓÐIR Búast má við að bandarísk stjórnvöld muni auka verulega áherslu sína á að móta stefnu fyrir norðurslóðir á næstu tveimur árum segir Robert C. Nurick, sérfræðingur um öryggismál. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Martraðir fólks í netöryggisgeiranum

Netvarnir eru ólíkar öðrum vörnum að mörgu leyti, en eru að verða sífellt mikilvægari hluti af varnarmálum ríkja, segir Robert Nurick. Eitt af því sem aðskilur netvarnir frá hefðbundnari vörnum á landi, sjó og lofti er ekki síst að ríki geta ekki komið sér upp öllum nauðsynlegum vörnum án samvinnu við einkaaðila sem oftar en ekki eiga þau kerfi sem þarf að verja.

„Ísland hefur mikla hagsmuni af því að verja sitt netöryggi. Þar getur landið ekki treyst á aðra en eigin stofnanir. En það sama gildir um Ísland og önnur ríki, það er mikilvægt að kynna sér hvernig þessum vörnum er háttað í öðrum löndum, kynna sér þau atvik sem hafa komið upp og viðbrögð sem hafa dugað,“ segir Nurick.

„Það er allt of mikið í húfi til að hægt sé að stinga höfðinu í sandinn. Með netárásum er hægt að ráðast á tölvukerfi sem stýra raforku, vatni, olíudælingu og öðrum gríðarlega mikilvægum kerfum. Fólk sem vinnur að netöryggismálum fær martraðir um árásir af þessu tagi.“

Nurick segir Ísland geta grætt á samstarfi við Atlantshafsbandalagið (NATO) sem hefur á undanförnum árum aukið verulega áhersluna á netöryggi og ætlar að auka hana enn á komandi árum. „Það er mjög mikilvægt að læra af reynslu annarra og NATO virðist tilbúið að veita aðildarríkjum aðstoð.“

DEBENHAMS

Bláa bomban

VERÐSPRENGJA!

20%

viðbótarafsláttur

af allri útsöluvöru

Gildir út sunnudag

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

fókus

KOSNINGABARÁTTA Á FULLU Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti talaði á baráttufundi í Toulouse í gær. Kannanir sýna að hann muni lúta í lægra haldi fyrir Francois Hollande í annarri umferð forsetakosninganna í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

Náttúruverndarþing segir gengið gegn tillögum um verndun Reykjanesfólkvangs:

Telja virkjanir óásættanlegar

NÁTTÚRUVERND Virkjanir í Reykjanesfólkvangi eru óásættanlegar. Þetta er ályktun Náttúruverndarþings, sem fram fór á laugardag. Með virkjunum í Reykjanesfólkvangi þykir meðal annars gengið gegn áformum um að vernda fólkvanginn og stofna þar eldfjallaþjóðgarð, sem náttúruverndarhreyfingin og Samtök ferðaþjónustunnar hafi áður bent á að rík tækifæri felist í.

Almennt eru alvarlegar athugasemdir gerðar við tillögur um Reykjanesskaga í þingsályktunartillögu um rammaáætlun, þar sem flest jarðhitasvæði frá Krísuvík og vestur úr eru sett í nýtingarflokk. Minnt er á að jarðfræði Reykjanesskaga sé einstök á heimsvísu og gildi þess að upplifa lítt snortna náttúru á stórum svæðum í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sé hátt.

Ekki þykir þó allt neikvætt í þingsályktunartillögunni. Er því meðal annars fagnað að allmörg verðmæt svæði, sem löngu hafi verið tímabært að friðlýsa, hafi verið sett í verndarflokk samkvæmt tillögunni.

Nokkur önnur svæði, þar á meðal tengd Neðri-Þjórsá, Skrokkalda og Hágöngur hafi réttilega verið færð úr nýtingu í biðflokk. Leggur þingið ríka áherslu á að miðhálendi Íslands í heild verði um alla framtíð friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum, eins og ríkur stuðningur sé við hjá stórum hluta landsmanna. **- hhs**

AF NÁTTÚRUVERNDARÞINGI Því er fagnað að allmörg verðmæt svæði hafi samkvæmt fyrirliggjandi þingsályktunartillögu verið sett í verndarflokk, en lýst yfir áhyggjum vegna virkjana á Reykjanesfólkvangi. MYND/LANDVERND

DYNAMO REYKJAVÍK

EIN SÚ BESTA!

FRIÐRIK ERLINGSSON

Margrómuð verðlaunabók Friðriks Erlingssonar loksins fáanleg aftur í splunkunýrri útgáfu. Líf fjögurra drengja virðist óslitið ævintýri en það koma brestir í vináttuna og kaldur raunveruleikinn ryðst inn í líf þeirra.

Meðal hundrað bestu barna- og unglingabóka sem komið hafa út á íslensku að mati bókasafnsfræðinga.

VERÖLD

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

STJÓRNARRÁÐSHÚSIÐ Forstöðumenn ríkisstofnana eru ósáttir við ýmislegt í samskiptum sínum við ráðuneytin. Sérstaklega er viðhorf þeirra gagnvart samskiptum við fjármálaráðuneytið slæmt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ósáttir við samskipti við ráðuneytin

Forstöðumenn ríkisstofnana eru ósáttir við samskipti sín við ráðuneytin, sérstaklega fjármálaráðuneytið. Þorri forstöðumanna heilbrigðisstofnana segist ekki geta sinnt lögbundnum verkefnum.

STJÓRNSÝSLA Fleiri forstöðumenn ríkisstofnana eru óánægðir með samskipti sín við ráðuneyti nú en árið 2007. Verulega hefur dregið úr ánægju stofnananna með samskipti við fjármálaráðuneytið. Þetta kemur fram í könnun á störfum og starfsskilyrðum forstöðumanna ríkisstofnana, sem var gerð á vegum fjármálaráðuneytisins, Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands.

„Forstöðumenn virðast vera ósáttir við ýmislegt er varðar samskipti við ráðuneyti. Meðal annars eru þeir ósáttir við undirbúning fjárlaga og almennt virðist að þeir séu ósáttari nú en 2007,“ segir Ómar H. Kristmundsson, prófessor í stjórnmálafræði, en hann var einn þeirra sem unnu að könnuninni. Hann segir þetta athyglisvert með tilliti til þess að miklar breytingar hafi orðið í stjórnarráðinu frá 2007, þegar sams konar könnun var síðast gerð. „Það umrót hefur kannski haft þau áhrif að draga úr samskiptum við stofnanir frekar en hitt.“ Hann segir að það sé væntanlega tímabundin staða.

Tæplega helmingur forstöðumanna var óánægður með samskipti við ráðuneyti sitt vegna undirbúnings fjárlaga. Aðeins einn af hverjum tíu forstöðumönnum heilbrigðisstofnana telur stofnun sína geta sinnt lögbundnum verkefnum miðað við fjárveitingar. 64 prósent þeirra telja stofnunina frekar eða mjög illa geta sinnt verkefnum. Ef litið er til forstöðumanna ríkisstofnana almennt telja 44 prósent þeirra stofnun sína geta frekar eða mjög vel sinnt lögbundnum verkefnum.

90% forstöðumanna heilbrigðisstofnana telja sig ekki hafa fjárveitingar til að sinna lögbundnum verkefnum stofnananna.

KÖNNUN Á VEGUM FJÁRMÁLARÁÐUNEYTISINS, FÉLAGS FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS.

Þá telur tæpur helmingur forstöðumanna sig fá nauðsynlegan stuðning frá viðkomandi ráðuneyti. Minnsta ánægjan er meðal forstöðumanna stofnana heilbrigðis-, félags- og lýðheilsumála. Mesta ánægjan er hjá mennta-, menningar- og vísindastofnunum og í fjársýslu tolla- og dómsmála.

Forstöðumennirnir eru almennt ánægðari með það nú en árið 2007 hversu fljótt og vel ráðuneytið svarar erindum þeirra. Aðeins fjórtán prósent forstöðumanna telja sig þó fá endurgjöf á frammistöðu sína frá ráðuneytinu sem þeir tilheyra. „Veruleg breyting til hins verra hefur orðið í flokki sýslumannsembætta, löggæslu og fangelsa eða 44 prósent aukning óánægju milli kannana,“ segir í skýrslunni um endurgjöf. Þá gætir einnig vaxandi óánægju meðal heilbrigðisstofnana. Ómar segir að forstöðumennirnir kalli hreinlega eftir því að frammistaða þeirra verði metin. „Hún er ekki metin með formlegum hætti í dag.“ **thorunn@frettabladid.is**

Varahlutir í bíla



Framúrskarandi fyrirtæki 2011

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Lögreglan kvartar undan fjárskorti:

Verkefni nr. eitt

Málefni lögreglunnar hafa verið talsvert í deiglunni að undanförnu. Ályktun Landssambands lögreglumanna á þingi þess um síðustu helgi vakti athygli, en þar var lagt til að lögreglan í núverandi mynd yrði lögð niður.

Það er rétt sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra sagði hér í blaðinu á laugardaginn, að það er ekki sanngjarnt eða raunsætt af lögreglumönnum að gefa í skyn að stofnunin sem þeir vinna fyrir sé orðin einskis nýt. Hitt er víst að lögreglumenn hafa mikið til síns máls þegar þeir segja að lögreglan sé fjársvelt og eigi erfitt með að sinna hlutverki sínu svo vel sé.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nýleg könnun sýnir að almenningur telur lögregluna ekki eins sýnilega og áður. Það er meðal annars rakið til þess að akstur lögreglubíla hefur dregizt saman um nærri þriðjung á fimm árum vegna hækkandi eldsneytisverðs og niðurskurðar á fjárveitingum. Starfandi lögreglumönnum hefur jafnframt fækkað talsvert og fjárveitingar til lögreglunnar dregizt saman að raungildi.

Í erfiðu ástandi í ríkisfjármálunum hljóta bæði stjórnendur og starfsmenn hjá lögreglunni, rétt eins og öðrum ríkisstofnunum, að þurfa að spara eins og hægt er og leita allra leiða, þar með talinna breytinga á skipulagi, til að sinna þjónustu við borgarana með minni tilkostnaði. Ýmislegt bendir til að þetta hafi tekizt vel hjá lögreglunni. Það sýna að minnsta kosti tölur um að skráðum afbrotum hafi fækkað um fjórðung á síðasta ári frá árinu á undan. Það rakti yfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu meðal annars til aukins eftirlits og frumkvæðisvinnu lögreglu í samtali við Fréttablaðið.

Tölurnar sýna hins vegar líka að kynferðis- og fíkniefnaglæpum fjölgar þótt öðrum brotum fækki. Lögreglumenn geta sömuleiðis bent á tölur um að árásum á þá sjálfa fjölgar og harðara ofbeldi er beitt í undirheimunum. Það tengist bæði vaxandi fíkniefnaneyzlu og -viðskiptum og skipulagðri glæpastarfsemi, sem hefur haslað sér völl hér á landi.

Skoðanakönnun meðal lögreglumanna sýnir að þeir óska eftir að fá tæki sem auðvelda þeim að verja sig fyrir árásum. Meirihluti lögreglumanna vill rafbyssur og sumir vilja skotvopn, sem geymd yrðu í læstum hirzlum í lögreglubílum. Þörfina fyrir þessi tæki rökstyðja lögreglumenn meðal annars með því að vegna niðurskurðar séu þeir oftar einir á ferð.

Ögmundur ráðherra segist reiðubúinn að skoða þessar hugmyndir, en er efins um að rétt sé að vopna lögregluna frekar. Draga verður í efa að almennur stuðningur sé við að lögreglan sé vopnuð við sín daglegu störf. Það væri talsvert hátt gjald að greiða fyrir að lögreglumenn væru orðnir of fáir til að hægt væri að tryggja öryggi þeirra með öðrum leiðum.

Eitt verða yfirvöld að hafa í huga þegar metið er hvort gengið hefur verið of langt í niðurskurði hjá lögreglunni. Að gæta laga og reglu og öryggis borgaranna er verkefni ríkisvaldsins númer eitt. Með öðrum orðum hlýtur að þurfa að skera niður alls staðar annars staðar áður en skorið er niður hjá lögreglunni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fráleit tenging

Geir H. Haarde var gestur Sigurjóns M. Egilssonar á Sprengisandi í gær. Þar sagði Geir það „aldeilis fráleitt" að tengja virkjanaframkvæmdir á Austurlandi við bankahrunið. Þó þarf ekki að leita lengra en í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis til að finna nokkur orð um þetta efni. Þar segir að hið opinbera hafi aukið þenslu með stóriðjuframkvæmdum fyrir austan og látið undir hælinn leggjast að grípa til mótvægisaðgerða: „Ráðstafanir hins opinbera í þeirri uppsveiflu sem varð í aðdraganda falls bankanna urðu til þess að auka á þensluna."

Stoltur af verkunum

Geir sagðist líka stoltur af skattalækkunum sem hann stóð fyrir sem fjármálaráðherra. Um þær segir í rannsóknarskýrslunni: „Áhrif þeirra voru enn auknar framkvæmdir, aukin eftirspurn og meiri þensla. Af skýrslu Geirs H. Haarde fyrir rannsóknarnefndinni má ráða að hann hafi gert sér grein fyrir óæskilegum áhrifum skattalækkana við þessar aðstæður." Nú virðist Geir annarrar skoðunar.

Gegn orðaöfgum

„Það getur verið erfitt fyrir miðjuflokk sem byggir á rökhyggju að láta rödd sína heyrast hátt og skýrt í því ölduróti orðræðu og öfga sem harðindin skapa." Þetta sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins í upphafi ræðu sinnar á miðstjórnarfundi á laugardag. Skömmu síðar sagði hann í viðtali við RÚV að ríkisstjórn Jóhönnu hefði skapað meira efnahagstjón en hrunið sjálft gerði. Það er spurning hvort Sigmundur Davíð ætti að lúta eigin ráðum um öldurót öfgaorðræðunnar, eða er hann með reikninga sem sýna að Jóhanna og Steingrímur hafi toppað þessa a.m.k. tæpu 8.000 milljarða sem töpuðust í hruninu? **kolbeinn@frettabladid.is**

HALLDÓR



Iðnaðurinn staðfestir einangrun Samfylkingar

ESB

Ásmundur Einar Daðason
alþingismaður og formaður Heimssýnar

Á Iðnþingi fyrir skemmstu ákallaði starfandi iðnaðarráðherra, Oddný Harðardóttir, þingheim og bað um stuðning við stefnu Samfylkingarinnar í Evrópumálum. Orðrétt sagði Oddný: „Samfylkingin hefur – ein stjórnmálaflokka sem nú sitja á Alþingi – tekið skýra afstöðu um að stefna skuli að upptöku evru með inngöngu í ESB."

Forysta Samfylkingarinnar finnur til sívaxandi einangrunar með það stefnumál sitt að Ísland skuli inn í Evrópusambandið. Oddný bað um stuðning við stefnu Samfylkingar með þessum orðum: „Ég kalla hins vegar eftir enn sterkari stuðningi frá aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins á þeirri vegferð sem framundan er við að sannfæra íslenska kjósendur um mikilvægi þess að við göngum í Evrópusambandið og tökum upp evru." Ákall starfandi iðnaðarráðherra til iðnaðarins er skiljanlegt í ljósi þess að Samtök iðnaðarins hafa löngum stutt Evrópustefnu Samfylkingar þótt áhöld hafi verið um hvort iðnfyrirtækin sjálf og forsvarsmenn þeirra styðji pólitík Samfylkingar.

Skömmu eftir Iðnþingið þar sem Oddný auglýsti einangrun Samfylkingar og óskaði eftir stuðningi við að rjúfa einangrunina birtist skoðanakönnun sem tók af öll tvímæli um afstöðu iðnaðarins. Könnunin, sem gerð er af Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins, leiðir í ljós að 68,8% fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins eru á móti aðild Íslands að Evrópusambandinu. Til samanburðar er könnun sem gerð var fyrir samtökin árið 2007. Þar sögðust 39,4% vera hlynnt aðild og 43,4% vera andvíg aðild.

Evran, sem löngum hefur verið tromp aðildarsinna, fær þá útreið í könnun Samtaka iðnaðarins að 45% svarenda sögðust á móti því að Ísland tæki upp evru, en 36,5% sögðust vilja að Ísland tæki upp evru. Iðnaðurinn hefur snúið baki við Samfylkingunni sem stendur einangraðri en nokkru sinni fyrr með ESB-umsókn í höndunum sem þjóðin vill ekki vita af. Eina rökrétta niðurstaðan er að afturkalla umsóknina.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Útlendingurinn mótstæðilegi

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Þegar ég horfði á 79 af Stöðinni um daginn fór ég að hugsa um Ísland og Ameríku, Ísland og nútímann – Ísland í heiminum og þetta allt saman. Upphaf alls ófarnaðar í myndinni er ástarsamband Gógóar við Kanann, sem hún getur ekki hætt að hitta þótt hún eigi kost á myndarlegum, heiðarlegum, blíðlyndum – já yndislegum – íslenskum karlmanni: þetta var íslenskum karlmönnum gersamlega óskiljanleg ráðgáta: hvað dregur þær að þessum Könum þegar þær eiga kost á mér?

Aðdráttaraflið

Það er nú það. Aðdráttaraflið sem Kaninn hafði á þessum árum fyrir íslenska þjóð. Kaninn táknaði hið forboðna og ljúfa, hann var lágkúran sjálf í allri sinni dýrð, hinn spennandi og taktfasti nútími þar sem vegir liggja til allra átta, hinn ómótstæðilegi sálnagleypir, og hver sem honum gengi á hönd væri þar með glötuð sál sem stungin væri svefnþorni efnishyggjunnar, hugsaði bara um bíla og ísskápa og tyggigúmí en gleymdi eddukvæðunum og þjóðsögunum, markaskránum, rímnaháttunum og fimm gangtegundum íslenska hestsins – öllu því sem amma kvað og huldan spann. Sveik. Kaninn táknaði peninga og velsæld – stæl – framfarir, hann var handhafi framtíðarinnar. Sóley Sólufegri situr við hafið á kóralskóm og elskhuginn blundar alla stund – þjóðin lét fallerast og æ síðan hefur sektarkenndin verið djúpt í þjóðarsálinni. Það er sektarkennd yfir því að hafa yfirgefið dalinn fagra og þorpið góða, iðju þarfa til sjós og lands og rétta notkun orðatiltækja en haldið suður á vit braskara, bílaprangs og rangra beyginga. Enginn ræður för.

Þetta er íslenski blúsinn – 79 af Stöðinni fjallar um hann eins og fleiri bækur Indriða G. Þorsteinssonar. Þó að Kaninn sé baklægur í sögunni fer ekki milli mála að hann er sjálfur örlagavaldurinn. Þessi blús grasserar enn í menningu okkar og sögum en ein aðalpersónan er hins vegar búin að skrá sig út úr þessari sögu, sagði bless og var farin til mið-austurlanda að sinna erindum fyrir Ísraelsmenn og Halliburton. Og Íslendingar standa hálfhvumsa enn og finnst eins og sagan hafi ekki alveg verið búin – forsmáðir eftir að hafa fórnað svo miklu fyrir þetta samband.

Klaus kemur í heimsókn

Þetta rifjaðist allt upp í vikunni þegar birtar voru niðurstöður könnunar sem gerð var á viðhorfum Íslendinga til aðildar að Evrópusambandinu. Þar reyndust fimmtíu og fjögur prósent svarenda andvíg aðild. Að vísu eru ekki öll kurl komin til grafar – þjóðin á eftir að sjá samning og viðhorf kunna að breytast þá, sem er auðvitað skýringin á því hvers vegna andstæðingar Evrópusambandsins berjast um á hæl og hnakka að hindra að slíkur samningur verði kláraður, eða reyna þá að minnsta kosti – þeir sem eru í ríkisstjórn – að sjá til þess að hann verði sem allra óhagstæðastur fyrir Ísland.

Þetta snýst vissulega um lífskjör – um vöruverð og vöruúrval, gjaldmiðil, rekstrarskilyrði – og líka yfirráð og vald (íslenska valdastéttin er óvenju einbeitt í að halda öllum yfirráðum sínum). Þetta snýst um aðgang að mörkuðum, viðskipti og þar fram eftir götunum – en er ekki eitthvað fleira sem hér kemur til og mótar viðhorf Íslendinga til aðildar? Eitthvað svolítið óljóst? Eitthvað huglægt? Eitthvert rótgróið viðhorf Íslendinga til Evrópu…

Ef við prófum sögu eins og 79 af Stöðinni í nútímanum og reynum að kippa Kananum út úr frásögninni og setja í staðinn fulltrúa Evrópusambandsins, hvað gerist þá? Hann gæti heitið Klaus og verið frá Wiesbaden í Þýskalandi eða Jacques og verið frá Belgíu; Jukka Pekka frá Finnlandi, Howard frá Sheffield… Ég veit það ekki hvernig sem við reynum og hvern sem við setjum þarna inn í þennan frásagnarlið þá gengur þetta ekki upp. Gógó fellur ekki fyrir neinum þeirra. Maður sér hana ekki fyrir sér að laumast til að taka á móti einhverjum Evrópu-lúða vegna þess að allt sem hann stendur fyrir sé svo ómótstæðilegt. Hvað nákvæmlega? Evrovision-keppnin? Aðgangur að fiskmörkuðum? Makríldeilan?

Voruð þið búin að læra heima?

Evrópusambandið er ekki sexí. Það er útlendingurinn mótstæðilegi. Tengsl við það jafngilda ekki fyrirheitum um forboðnar ástir við hættulegan og heillandi mótspilara heldur er það meira eins og að lenda hjá umhyggjusamri frænku sem lítur inn til okkar og spyr: áttirðu ekki eftir að læra heima og ertu ekki búin að vera svolítið lengi í tölvunni? Það minnir okkur á að við eigum eftir að innleiða reglugerð númer átján samkvæmt tilskipun um innleiðingaraðlögunarréttindi sáttmála eittþúsund. Það áminnir okkur. Það er sífellt með nefið ofan í dótinu okkar, tilætlunarsamt og velviljað.

Og fullorðin. Evrópusambandið er fullorðins. Það er bandalag sjálfstæðra ríkja sem ákveðið hafa að koma sér saman um hlutina í stað þess að þjösnast áfram og grípa sitt hvert og eitt. Þar búa þjóðir sem hafa sams konar sjálfsmynd og fullorðið fólk sem binst samtökum um tiltekna hluti og myndar þannig samfélag. Íslendingar hugsa enn eins og gömul nýlenduþjóð, kenjóttur krakki, fullur mótþróa og sjálfstæðislöngunar en líka þarfar fyrir að láta sjá um sig og fyrir sér. Öldum saman var landið dönsk nýlenda og eftir tuttugu og fimm ára fullveldistíð með konungssambandi við Danmörku var stofnað lýðveldi í skjóli Bandaríkjamanna sem voru þessu lýðveldi bakhjarl allar götur fram yfir síðustu aldamót. Kaninn fór árið 2006. Hrunið varð árið 2008.

Árið á milli var 2007. Eina árið í Íslandssögunni sem er orðið hugtak.

AF NETINU

Formaður hæfir flokki

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hæfir öfgaflokki Framsóknar. Rökstyður hvorki né sundurliðar gaspur sitt um, að ríkisstjórnin hafi unnið meira tjón en sem nemur hruninu. Þetta er í stíl við aðrar upphrópanir hans og öfgaliðs hans á Alþingi síðustu misserin. Hratt hefur flokkurinn verið að öfgast að hætti le Pen í Frakklandi. Gælir við þjóðrembu og daður við þá, sem Bandaríkjamenn kalla „hvíta ruslið". Áður var flokkurinn tæki nokkurra græðgiskarla gegn almenningi og nú þykist hann þar á ofan gæta þjóðararfsins. Þú þarft ekki að elska ríkisstjórnina til að sjá, að SDG er lýðskrumari frá innsta grunni.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Ruslflokkur rammaáætlunar

Þegar litið er á það sem ætlunin er að gera á Reykjaneskaganum í virkjanamálum blasir við að virkjanahugmyndirnar miða að því að gera skagann að samfelldu neti virkjanamannvirkja.
Njörva á skagann niður í borholur, stöðvarhús, skiljuhús, gufuleiðslur, háspennumöstur og virkjanavegi og gera hann að allsherjar Hellisheiðarvirkjun.
Röðin nær allt frá Reykjanestá til Þingvallavatns og gera á Reykjanesfólkvang að virkjanasvæði.

blog.is/omarragnarsson

Ómar Ragnarsson

Vatnsmýrarþyrpingin í mótvindi

Nýr Landspítali

Guðjón Baldursson
læknir

Í skilmerkilegri grein Páls Torfa Önundarsonar, læknis á Landspítalanum, reifar hann hugmyndir sínar um viðbyggingu við Landspítalann. Eins og mörgum öðrum sem hafa kynnt sér tillögu að nýjum Landspítala sem nú liggur á borðinu, blöskrar lækninum hin „risavaxna deiliskipulagstillaga Spital-arkitekta“ og sá ásýndarskaði sem tillagan gæti haft í för með sér. Tillaga læknisins felst hins vegar í hóflegri stækkun spítalans án mikils skaða fyrir umhverfið.

Undirritaður hefur í mörgum greinum sýnt fram á með rökum sem ekki hafa verið hrakin að staðsetning hins nýja spítala við Hringbraut er sú versta sem völ er á. Þar skilur á milli skoðana minna og Páls Torfa. Hugmyndir hans einkum hvað umfang snertir eru áhugaverðar og þess virði að þær séu skoðaðar gaumgæfilega. Þær eru allavega mun skárri en tillaga Spital-hópsins sem nú liggur á borðinu. Forsvarsmaður Spitalhópsins, Helgi Már Halldórsson, hefur kallað hugmynd Páls Torfa „galna“, orðalag sem er hönnunarstjóra spítalans ekki sæmandi.

Hætt er við að samþjöppunarminimalismi eða þyrpingarstefna eins og tillaga Páls Torfa felur í sér leiði til þrengsla áður en langt er um liðið. Einna helst líkast því þegar ég sem ungur drengur sá konur með digra fætur reyna að komast í þrönga skó. Barnið vex en brókin ekki. Þar á ofan eru tillögurnar svolítið eins og að pissa í skóinn sinn, skammgóður vermir. Hugmyndin gengur einnig út á það að lappa upp á gömlu byggingarnar með nokkurs konar bíslagi eins og kallað var í gamla daga, þannig að þorpið verður dálítið svona sitt úr hvorri áttinni, ægir öllu saman.

Stækkunin ætti að mati læknisins að duga næstu 20-30 árin. Ég geng út frá því, enda þótt það komi ekki fram í tillögunni, að um sé að ræða „skammtímalausn“, á fjárhagslega þröngum tímum, og að um síðir verði byggður veglegur spítali ofan Ártúnsbrekku eins og svo oft hefur verið nefnt.

Páll Torfi bendir réttilega á þá fjárhagslegu hagsmuni sem Spital-hópurinn hefur af verkinu. Það er augljóst öllum enda þótt hönnunarstjórinn fyrrnefndi reyni að slá ryki í augu fólks með því að svo sé ekki. Hversu margir eru á launaskrá við þetta verkefni, hversu margir verktakar fá reikninga sína greidda vegna þess? Í hvað hafa næstum þrír milljarðar farið? Ekki fjárhagslegir hagsmunir? Sjálfur nýtur Páll Torfi engra persónulegra né fjárhagslegra hagsmuna af sinni hugmynd. Hann kynnir bara sína hugmynd, fylgir henni eftir og rökstyður hana: Punktur!

Vatnsmýrarþyrpingin eins og ég kýs að kalla hugmynd Spital-hópsins er að mínu viti illa ígrunduð og illa útfærð og verð ég seint þreyttur á að endurtaka þá skoðun mína. Ég hef sérstaklega nefnt umferðarmál og aðgengi að spítalanum. Fyrrnefndur hönnunarstjóri telur sig hins vegar búinn að leysa það mál með því að starfsmenn fari hjólandi í vinnu og ferðamáti landsmanna muni stórbreytast og allir verði farnir að hjóla eftir 5-6 ár! Það var aumkunarvert að hlýða á óraunhæfar hugmyndir í þá veru og skort á framtíðarsýn á umferð á kynningarfundi í Ráðhúsi Reykjavíkur nýverið þar sem deiliskipulag Vatnsmýrarþyrpingarinnar var kynnt m.a. af hönnunarstjóranum.

Björn Zoega, forstjóri Landspítalans, nefndi í einhverjum fjölmiðli fyrir ekki margt löngu að eitt aðalatriða varðandi nýjan Landspítala, hvar svo sem hann yrði byggður, væri tryggt og auðvelt aðgengi að spítalanum. Hverju orði sannara og allir sammála.

Aðgengið að Vatnsmýrarþyrpingunni er með öllu óásættanlegt og þar á ofan illgerlegt ef ekki ómögulegt að lagfæra. Byggingar sem fyrir eru torvelda breikkun gatna. Bílaumferð hefur og farið sívaxandi undanfarin ár og mun aukast að öllu óbreyttu næstu ár og áratugi.

Hjólreiðar sem ferðamáti hafa alltaf átt undir högg að sækja á Íslandi, og gera enn af augljósum ástæðum, svo sem veðurfarslegum. Flestir eru sammála um að ákjósanlegt væri að fleiri notuðu reiðhjól til þess að komast í vinnu en einhvern veginn verður ekki séð að fólk fari með börnin sín í skóla eða leikskóla eða komi við í búð á leiðinni heim á reiðhjóli í skafrenningi eins og síðastliðinn vetur. Menn verða að vera raunsæir og ljúka upp sínum augum fyrir því að sumu er unnt að breyta, öðru ekki.

Hjólreiðahugmyndin, bættar almannasamgöngur og að margir starfsmenn búi nálægt Vatnsmýrarþorpinu eru máttleysislegar varnartilraunir í þeim mótvindi sem forsvarsmenn hins nýja spítala standa í. Málefnalegu rökin eru jafn slök og að spítalinn þurfi að vera nálægt Háskólanum vegna vísindasamfélags stofnananna beggja!

Landspítalinn er og á að verða spítali allra landsmanna. Aðgengi að nýjum spítala er best tryggt með staðsetningu annars staðar en í Vatnsmýrinni. Þyrpingin eins og hún birtist okkur er ekkert annað en samansafn af gömlum og nýjum húsum þar sem jafnvel samgöngur á milli húsa geta verið erfiðar, hvað þá heldur aðgengi að þyrpingunni sjálfri.

Landspítalinn er ætlaður fyrir veikt fólk en ekki fyrir skrifstofulækna með slipsi eða pils- og slæðuhjúkkur. Ekki heldur fyrir þá sem titlaðir eru prófessorar eða aðra þá sem líta á sig sem vísindamenn. Við megum ekki láta þráhyggju og skammsýni ráða ferðinni, hagsmunir sjúklinga og framtíðarsýn verða að ráða ferðinni þegar nýr spítali verður byggður.

Mætum öll
í 1. maí gönguna
Hittumst á bílaplani ofan við Hlemm kl. 13.00.
Vissir þú að bætur almannatrygginga eru langt undir neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins?
Ekkert um okkur án okkar
ÖRYRKJABANDALAG ÍSLANDS
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 12-0981

Beðið eftir kæru frá foreldrum

Menntamál

Ásta Kristrún Ólafsdóttir
kennari, sálfræðingur og foreldri barns með þroskahömlun

Eftir rúmlega þriggja áratuga bið er nú hafinn undirbúningur að byggingu íþróttahúss og sundlaugar við Klettaskóla (áður Öskjuhlíðarskóla).

Þetta er mikið gleðiefni fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans, svo og alla þá sem láta sig skólagöngu barna með þroskahömlun varða. Góð aðstaða til þjálfunar og íþrótta gerir góðan skóla enn betri.

Því miður hafa ekki öll börn með þroskaröskun aðgang að skólanum en samkvæmt inntökureglum sem tóku gildi árið 2008 fá börn með greindarvísitölu á bilinu 50 til 70 (meðalgreindarvísitala er 100) ekki inngöngu í skólann nema þau hafi alvarlegar viðbótarfatlanir.

Þrátt fyrir ötula baráttu aðstandenda þroskaskertra barna og velunnara skólans hefur ekki tekist að fá þessari mismunun aflétt.

Menntamálaráðuneytið vill ekki taka opinbera afstöðu til lögmætis (eða lögleysu) þessara inntökuskilyrða fyrr en kæra berst frá forráðamanni barns sem hefur verið neitað um skólavist í skólanum.

Engin sérúrræði eru nú til fyrir þessi börn þótt grunnskólalög kveði á um annað. Barn sem er „bara“ með þroskahömlun eins og að ofan greinir, verður að ganga í almennan skóla.

Ef gera á vel við barn með þroskahömlun þarf að bjóða upp á þjónustu sérhæfðs fagfólks eins og þroskaþjálfa, sérkennara, talþjálfa, iðjuþjálfa og sjúkraþjálfara. Öll börn með þroskahömlun (ekki bara sum) ættu að hafa aðgang að þjónustu þessa fagfólks hvort sem það er í sérskóla eða almennum skóla. En vinna fagfólks kostar peninga.

Sú fjárupphæð sem Reykjavíkurborg greiðir fyrir þjónustu við þroskahamlað barn í almennum skóla nægir (í besta falli) tæplega til að greiða ófaglærðum stuðningsfulltrúa laun fyrir að sinna barninu. Ef skólastjórnendur velja að veita barninu meiri þjónustu er það á kostnað þjónustu við aðra nemendur sem þurfa á aðstoð að halda.

Í Klettaskóla starfar fjöldi fagfólks auk annarra afbragðs starfsmanna og nemendur njóta þar þjálfunar og kennslu hjá fólki sem hefur sérhæft sig í umönnun og kennslu barna með þroskaraskanir. Þá eru ótaldir kostir skólans sem lúta að félagslegum þörfum og mótun sjálfsmyndar.

Klettaskóli er eini sérskóli landsins fyrir börn með þroskahömlun og hann ætti að standa öllum þroskaskertum börnum opinn, ekki bara sumum.

Fyrir hönd starfshóps um sérskóla hvet ég foreldra sem kjósa sérskóla fyrir barn sitt en umsókn þeirra um skólavist er synjað, að kæra synjunina til menntamálaráðuneytis. Þá verður þessari mismunun vonandi aflétt og öll börn með þroskahömlun aftur boðin velkomin í skólann.

Stórmerkur dómur!

Landsdómur

Tómas Gunnarsson
lögfræðingur

Dómur Landsdóms frá 23. apríl 2012 í máli Alþingis gegn Geir H. Haarde, fyrrv. forsætisráðherra, er einn sá merkasti sem upp hefur verið kveðinn hér. Sem vænta mátti var höfuðstarf Landsdómsins að afla upplýsinga í málinu. Það virðist hafa tekist. Tvennt má þó nefna sem kann að hafa skort. Annað lýtur að fjölmiðlafrétt eftir dómtöku landsdómsmálsins um að símtöl starfsmanna Seðlabankans hafi, um og fyrir hrun, verið hljóðrituð. Sé svo, hefði verið mikilsvert að afla hljóðrita af símtölum seðlabankamanna, t.d. Davíðs Oddssonar, formanns stjórnar Seðlabankans, við forsætisráðherra og aðra helstu ráðamenn peninga- og fjármála lýðveldisins fyrir og á hruntímanum.

Hitt atriðið varðar staðhæfingu Geirs H. Haarde, 23. apríl 2012, eftir uppkvaðningu dóms i Landsdómi um að venjubundnir stjórnarhættir forsætisráðherra frá því Ísland fékk fullveldi á árinu 1918 hafi vikið frá ákvæðum 17. greinar stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, einmitt því ákvæði sem Geir var sakfelldur fyrir hafa brotið gegn. Ákvæðið kveður á um að halda skuli ríkisstjórnarfundi um veigamestu þjóðmál.

Staðhæfing Geirs er risavaxin og hlýtur að ögra fræðimönnum, innlendum sem erlendum, í lögfræði sem öðrum félagsvísindum, til rannsókna. Vegna umfangs og leyndar um yfirvofandi hrun á sínum tíma var vel ráðið hjá Landsdómi að ákveða Geir ekki refsingu, rétt eins og Landsdómur starfaði eins og sannleiks- og sáttanefnd.

Boðskapur Landsdóms er bæði augljós og óvæntur, sem sagt sá, að embættismenn, þar með taldir forsætisráðherrar, skuli í opinberum störfum sínum fylgja bókstaf 17. gr. stjórnarskrárinnar en vera annars sakfelldir. Sem sagt, að í opinberum störfum hér beri að lesa lagatexta, bæði stjórnarskrár sem annarra laga og reglna og fylgja þeim. Margir munu spyrja: Er nokkuð augljósara en að opinberir embættismenn sem og aðrir fari að lögum? Nei, auðvitað ekki. En sporin hræða.

Ekki er mjög langt síðan að þáverandi forsætisráðherra, Davíð Oddsson, lýsti 26. gr. stjórnarskrárinnar, um málskotsrétt forseta Íslands, úr gildi fallna vegna notkunarleysis. Meðferð laga um fjölmiðla og Icesave afsönnuðu það. Mál tengd Kárahnjúkavirkjun hafa verið talin vörðuð lögbrotum opinberra embættismanna, nefna má aðild Íslands að stríði gegn Írak, án aðkomu þings og þjóðar, og nú síðast áðurnefnda staðhæfingu Geirs H. Haarde um 17. gr. stjórnarskrárinnar. Miðað við opinbera lagaframkvæmd hér má því segja að Landsdómurinn hafi verið óvæntur.

Þótt fyrr hefði verið!

Niðurstaða Landsdóms fyrir hönd réttarkerfisins var löngu tímabær. Hrunið 2008 og ólgusjór þjóðlífsins síðan sem er að setja allt í strand virðist hafa hreyft við dómendum. Gæti verið að þeir væru farnir að óttast um eftirlaunin sín? Það ættu alþingismenn líka að gera nú þegar búið er að stórskaða lífeyristryggingakerfi þorra fólks. Sú lagaframkvæmd sem Fréttastofa RUV virðist talsmaður fyrir, sem sagt að miða sífellt opinbera umræðu og lagaframkvæmd við framreiknaða ársreikninga útgerða, endurskoðenda, banka og lögmanna, á ekkert skylt við réttarríki eða velferð.

Þótt þakka megi núverandi ríkisstjórn margt þarf hún augljóslega að standa betur í lappirnar.

Er ekki kominn tími til að hún hugi að bókstaf jafnréttisákvæða stjórnarskrár og alþjóðasamninga sem Ísland hefur staðfest og dragi til baka frumvarp sitt um stjórn fiskiveiða?

MÚRBÚÐARVERÐ

Black&Decker
háþrýstidæla Max bar **110**
14.900,-
1400W, 360 min/lit/klst
Þolir 50°C heitt vatn
5 metra barki, sápubox

Drive háþrýstidæla
Max bar **105**
7.990,-
1400W, 300 L/min

Tréolía 30, 3 lítrar
Á pallinn og annað tréverk
2.790,-

1/2" slanga
15 metra
með byssu og
tengjum
1.390,-

110 cm
1.890,-

1.890,-

1.290,-

1.290,-

1.290,-

1.250,-

1.290,-

1.290,-

GÆÐAVERKFÆRI

Malarhrífa verð frá
1.390,-

Haki
1.890,-

Hjólbörur 75 lítra
4.490 kr.

Hjólbörur 100 lítra
11.900,-

12 lítra fata
298,-

Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
390,-

Strákústur 30cm
breiður
695,-

GAS GRILL
4 brennarar
14 kw/h. (12.000Btu)
Kveikja í stillihnapp – hitamælir
Grillgrind er postulíns-húðuð. 43x37 cm
Hitaplata er postulíns-húðuð. 43x39 cm
Þrýstijafnari og slanga fylgir.
37.900,-

59.900,-

GAS GRILL
4 ryðfríir brennarar og hliðarplata. 14 kw/h. 48.000-BTU. Hitamælir. Kveikja í stillihnapp. Grillgrind er postulíns-húðuð. 44x56 cm. Extra sterk hjól v.gaskút. Þrýstijafnari og slöngur fylgja.

690,-

2.290,-
H 50 cm

2.590,-
H 56 cm

1.290,-

395,-
H 25 cm

690,-
H 33 cm

790,- B 60 cm

Undirdiskar
fylgja pottum

Flúðamold 20 l
590,-

Turbokalk 12,5 kg
2.690,-

Kalkkorn 5 kg
699,-

Blákorn 5 kg
1.290,-

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri	Furuvöllum 15.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Húsavík	Garðarsbraut 50.	Opið virka daga kl. 8-18
Vestmannaeyjar	Flötum 29.	Opið virka daga kl. 8-18

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

tímamót

timamot@frettabladid.is

81 EINAR BENEDIKTSSON fyrrverandi sendiherra á afmæli í dag.
„Líf mitt hefur líkst óvissuferð.“

Merkisatburðir

1789 George Washington sver embættiseið sem fyrsti forseti Bandaríkjanna.

193 Franklin D. Roosevelt kemur fram í sjónvarpi, fyrstur bandarískra forseta.

1945 Adolf Hitler, kanslari Þýskalands og Eva Braun eiginkona hans, fremja sjálfsmorð.

1948 Fyrsti Land Rover-jeppinn er sýndur á bílasýningu í Amsterdam.

1975 Víetnamstríðinu lýkur með falli Saígon í hendur Norður-Víetnama.

1980 Beatrix Hollandsdrottning tekur við krúnunni af móður sinni.

1991 Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks undir forsæti Davíðs Oddssonar tekur við völdum.

ÞETTA GERÐIST: 30. APRÍL 1966

Hótel Loftleiðir var opnað

Hótel Loftleiðir var opnað þennan mánaðardag árið 1966, 16 mánuðum eftir að framkvæmdir hófust. Þótti það mikið afrek á þeim tíma. Arkitekt að hótelinu var Gísli Halldórsson. Heilmikil opnunarhátíð var haldin og þar lék hljómsveit Karls Liljendahls fyrir dansi.

Hótelið tók 550 manns í sæti ef allir salir voru nýttir, eins og oft var raunin því aðsóknin var gífurleg í byrjun, bæði af erlendum áningarfarþegum og ferðamönnum og fólki af landsbyggðinni sem kom til að skemmta sér og skoða hótelið. Kalt borð var sett upp daglega, oft var fullt út úr dyrum og dansleikir voru haldnir sex kvöld vikunnar.

Hótelstjóri var Þorvaldur Guðmundsson, kenndur við Síld og fisk, móttökustjóri var Emil Guðmundsson og veitingastjóri Friðrik Gíslason.

Sundfélagið Ægir fagnar 85 ára afmæli

Sundfélagið Ægir fagnar 85 ára afmæli á morgun, þann 1. maí. Af því tilefni verður slegið upp afmælisveislu í Laugardalslaug á afmælisdaginn.

Haldnir verða tveir viðburðir í lauginni. Annars vegar verður í fyrsta sinn á Íslandi haldin 100x100 metra boðsundkeppni þar sem synt verður skriðsund, á milli klukkan 10 og 12. Þá tekur við Stigamót Ægis á milli klukkan 12 og 15.

Að viðburðunum loknum, á milli klukkan 15 og 18, verður boðið upp á afmæliskaffi í veislusal Þróttar, Engjavegi 7. **- hhs**

BALLERÍNUR Vorsýning Klassíska listdansskólans fer fram í Borgarleikhúsinu í kvöld.

Klassísk verk og nútímaleg

Vorsýning Klassíska listdansskólans fer fram í Borgarleikhúsinu í dag, þar sem nemendur skólans sýna listir sínar.

Í skólanum er bæði kenndur klassískur dans og nútímalistdans. Má því gera ráð fyrir fjölbreyttri sýningu í dag. Sýnd verða klassísk verk eftir skólastjóra Klassíska listdansskólans, Guðbjörgu Astrid Skúladóttur, en einnig tvö nútímaverk, samin af starfsfólki skólans í samstarfi við nemendur.

Sýningin hefst klukkan 18. **- hhs**

GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON: NÁTTÚRUVERNDARINN 2012

TÖKUM SAMAN HÖNDUM OG BJÖRGUM ÞESSARI JÖRÐ

Náttúrufræðingurinn, ljósmyndarinn og rithöfundurinn Guðmundur Páll Ólafsson hlaut um helgina viðurkenningu kennda við Náttúruverndarann. Viðurkenningin var veitt í fyrsta sinn á Náttúruverndarþingi á laugardag, en hana hlýtur Guðmundur Páll fyrir ötula og staðfasta baráttu í þágu náttúruverndar og vitundarvakningar um náttúrulegar forsendur tilvistar mannsins.

„Það er vissulega mjög notalegt fyrir mig persónulega að fá þessa viðurkenningu. Þar fyrir utan held ég að það sé mikilvægt að veita viðurkenningar á borð við þessa, ekki síst til að minna okkur á að ýmsir sigrar hafa unnist. Náttúruverndarbaráttunni hefur ekki bara verið stjórnað úr opinberum ráðum og nefndum, heldur er fullt af fólki sem vinnur óeigingjarnt starf til að halda utan um verðmæti landsins,“ segir Guðmundur Páll.

Hann segir náttúruverndarsjónarmið fá alltof lítið rými í umræðunni. „Við erum alltaf að guma af því hvað við höldum vel utan um auðlindir okkar, en það er ekki rétt. Við búum á landi þar sem auðlindir vatns eru hvað mestar á mannsbarn í heiminum, en þó höfum við enga heilsteypta vatnsverndarlöggjöf. Þetta er allt saman tvístrað hér og þar í lögum og reglugerðum, og í mörgum ráðuneytum. Ef við lítum á aðra auðlind, sem er hafið, vill svo til að við höfum enga heildstæða stefnu um verndun þess heldur. Í dag þykir ákaflega brýnt að vernda votlendi, en við höfum enga slíka stefnu, þó að votlendi jarðar fari hratt dvínandi. Það er sama hvar við drepum niður fæti. Við erum stefnulaus þjóð. Það á ekki bara við um náttúruvernd, en hún er hvað grátlegast úti, meðal annars vegna þess að stór hluti þingheims er illa upplýstur og telur að náttúruvernd sé varasöm og hættuleg efnahag og velferð þjóðarinnar. Það eru hrein öfugmæli og þetta er hugsunarháttur sem við verðum að breyta. Við erum að ganga á hag barna okkar og afkomenda með því að halda svona heimskulegri stefnu á lofti. En það sem er brýnast er að fara að líta á náttúruvernd í stóru samhengi og taka höndum saman við fólk annars staðar í heiminum um að bjarga þessari jörð.“

Eftir Guðmund liggur fjöldi verka sem sýna ríkidæmi íslenskrar náttúru, svo sem Fuglar í náttúru Íslands, Perlur í Náttúru Íslands og Þjórsárver – Hernaðurinn gegn landinu. Undanfarin ár hefur hann unnið að umfangsmiklu verki um vatnsbúskap á heimsvísu. Hann vonast til þess að sú bók komi út í náinni framtíð. „Þetta verður vonandi öflugasta innlegg mitt í umræðuna. Ég byrjaði að leggja drögin að þessu verki árið 2002, en hef eingöngu unnið í því frá árinu 2007. Þessi bók verður mitt viðamesta verk, enda er vatn miðill lífsins og miðill jarðarinnar. Þegar þú fjallar um vatn, þá ertu að fjalla um allt sem er.“ **holmfridur@frettabladid.is**

NÁTTÚRUVERNDARINN 2012 Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur, ljósmyndari og rithöfundur, hlaut um helgina viðurkenningu kennda við Náttúruverndarann. Fáir þykja hafa unnið jafn ötullega að náttúruverndarmálum hér á landi og hann. MYND/LANDVERND

†

Elskuleg sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

JENSÍNA ÞÓRARINSDÓTTIR
frá Bolungarvík,

lést mánudaginn 23. apríl á Landspítalanum Fossvogi. Útförin fer fram miðvikudaginn 2. maí frá Fossvogskapellu kl. 13.00.
Þeir sem vilja minnast hennar er bent á Landssamtökin Þroskahjálp.

Gísli Guðmundsson
Kristín Guðbjörg Gísladóttir **Aðalsteinn Bjarni Bjarnason**
Konráð Gíslason
Ásrún Rós Aðalsteinsdóttir

Hafa sungið saman í 20 ár

Lillukórinn í Húnaþingi vestra fagnar 20 ára starfsafmæli með tónleikum í Félagsheimilinu á Hvammstanga á morgun, þriðjudaginn 1. maí, klukkan 14.

Kórstjóri er Ingibjörg Pálsdóttir en Sigurður Helgi Oddsson er stjórnandi kórsins. Sigurður leikur jafnframt undir á píanó, en einnig mun Þorvaldur Pálsson leika undir á harmonikku.

Sérstakur gestakór á tónleikunum verður Álafosskórinn, en stjórnandi hans er Magnús Kjartansson og undirleikari Sigurður Helgi Oddsson.

Söngskrá tónleikanna er fjölbreytt, en að þeim loknum verður boðið upp á veglegt kaffihlaðborð að hætti kórsins.

Lillukórinn var stofnaður árið 1992 að frumkvæði Ingibjargar Pálsdóttur, eða Lillu, tónlistarkennara á Hvammstanga. Á þessu starfsári er kórinn skipaður 24 söngelskum konum, víðs vegar úr Húnaþingi vestra, sem koma saman á vetrarkvöldum einu sinni í viku og syngja sér til gamans. **- hhs**

LILLUKÓRINN Í tilefni af 20 ára afmæli Lillukórsins í Húnaþingi vestra verða tónleikar í Félagsheimilinu á Hvammstanga þann 1. maí.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

GOTT KAFFI

Espressó kaffi er upphaflega frá Ítalíu þar sem það er drukkið eftir mat. Espressó er uppistaðan í mörgum kaffidrykkjum eins og cappuccino og latte sem helst eru drukknir á morgnana. Á Ítalíu þykir dónaskapur að biðja um cappuccino eftir matinn.

Ert þú kominn í grillstuð ?
www.weber.is
weber

TYPPI LOFUÐ Í HÁSTERT

GÓÐUR ÁRANGUR *Leit stofnanda Hins íslenska reðasafns að mannslim til að fullkomna safnið er umfjöllunarefni nýrrar heimildarmyndar sem verður frumsýnd á Hot Docs Canadian International Documentary Festival á morgun.*

Heimildarmynd um Sigurð Hjartarson, stofnanda Hins íslenska reðasafns, verður frumsýnd á Hot Docs Canadian International Documentary Festival í Torontó í Kanada á morgun. Hátíðin er stærsta og ein virtasta heimildarmyndahátíð í Norður-Ameríku. Var myndin um Sigurð valin ásamt 189 öðrum úr 2.000 innsendum myndum sem þykja fín meðmæli. Auk þess hlaut hún góðar viðtökur á forsýningu og hefur verið lofuð í fjölmiðlum vestra.

„Umfjöllunarefnið þykir greinilega áhugavert og myndin vel gerð. Það er frábært að komast þarna inn og ekki skemma fínir dómar fyrir," segir Hjörtur Sigurðsson, sem tók við rekstri Reðasafnsins þegar faðir hans lét af störfum í fyrra og safnið flutti til Reykjavíkur þar sem það hóf fyrst göngu sína.

SÍÐASTI MEÐLIMURINN

Heimildarmyndin kallast The Final Member eða Síðasti meðlimurinn og reynir að varpa ljósi á Reðasafnið og persónu Sigurðar. Kanadísku kvikmyndagerðarmennirnir Zach Math og Jonah Bekhor standa á bak við myndina en þeir hafa unnið til fjölda verðlauna fyrir auglýsingar og stutt- og heimildarmyndir. „Math heyrði viðtal við pabba á CBC Radio One árið 2007 þar sem hann sagði frá leit að mannslim til að fullkomna Reðasafnið," segir Hjörtur. „Honum fannst viðtalið svo áhugavert að stuttu síðar birtust hann og félagar hans hér til að taka upp efni. Leit pabba að limnum varð rauði þráður myndarinnar."

Feðgarnir hafa ekki séð hana alla en Hjörtur segir sýnishorn lofa góðu. „Myndin ber þess skýr merki að gríðarlega vinna var lögð í hana," lýsir hann og segir stefnt að því að sýna myndina sem víðast. Þó sé óljóst hvort hún verði tekin til sýninga hérlendis. ■ rve

ATHYGLISVERT

Hjörtur Sigurðsson segir heimildarmyndinni The Final Member, sem fjallar um föður hans Sigurð Hjartarson (hér að neðan), hafa verið vel tekið þegar hún var forsýnd í Toronto.

MYND/PJETUR

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA
MEÐ TUDOR

Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Fermingartilboð
Gerið GÆÐA- og verðsamanburð
www.svefn.is

10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*
*3,5% lántökugjald

VALHÖLL Ný hönnun
5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

Stærð	Verð	Tilboð
120x200	84.900 kr.	79.900 kr.

Verð með íslenskum botni og fótum

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

NOT FYRIR KAFFIKORG

KAFFIÐ SEM SITUR EFTIR ÞEGAR VATNINU ER HELT FRÁ MÁ NÝTA Í ÓTRÚLEGUSTU HLUTI.

Kaffikorgur er til margra hluta nytsamlegur. Til dæmis má setja hann í rósabeð til varnar lúsum og hentar hann á allar plöntur sem þurfa súran jarðveg. Þá má nudda honum á skó til að ná burtu hvítum rákum og til þess að ná vondri lykt úr ísskáp má láta standa inni í honum skál með kaffikorgi í nokkurn tíma.

ÓSKUM EFTIR SJÁLFBOÐALIÐUM Í FATABÚÐIR RAUÐA KROSSINS

Rauði krossinn óskar eftir sjálfboðaliðum til starfa í fatabúðum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

Rauða kross búðirnar á höfuðborgarsvæðinu eru fimm:
- Laugavegi 12
- Laugavegi 116
- Mjódd
- Hafnarfirði
- Garðabæ

Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við Kópavogsdeild Rauða krossins í síma 554 6626 eða með tölvupósti á sandra@redcross.is.

Hjálpaðu okkur að hjálpa öðrum

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Rauðakrosshúsið Hamraborg 11 • Sími: 554 6626 • kopavogur@redcross.is • raudikrossinn.is/kopavogur

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

KAFFIKONA Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur myndlistarkonu þykir kaffisopinn góður og lætur sérmala fyrir sig kaffi í espressókönnuna. MYND/HEIDA.IS

ILMANDI Á FERÐINNI

THERMOKRÚSIR *Myndlistarkonunni Sveinbjörgu Hallgrímsdóttur þykir kaffi afskaplega gott. Von er á nýjum thermokaffikrúsum eftir hana á markað.*

Ég er mikil kaffikona en lítið fyrir te. Ég kaupi mér yfirleitt gott kaffi og læt sérmala fyrir mig í espressókönnuna og pressukönnuna. Ég hef þó ekki enn fjárfest í stórri kaffivél, þá færi ég að drekka svo rosalega mikið kaffi," segir Sveinbjörg Hallgrímsdóttir myndlistarmaður hlæjandi þegar hún er spurð út í kaffivenjur sínar.

Von er á glænýjum thermokaffikrúsum á markaðinn, myndskreyttum af Sveinbjörgu en áður hafði hún sent frá sér litla thermokaffibolla fyrir heimilið. Krúsirnar eru úr postulíni og þeim fylgir sílikongrip til að smeygja upp á og lok. Krúsirnar eru tvöfaldar og leiða því ekki í gegnum sig hita en halda innihaldinu vel heitu, „Bara eins og gömlu kaffibrúsarnir," segir Sveinbjörg. „Mig langaði ekki til að gera krúsir úr plasti eða pappa en krúsirnar eru viðbót við lífsstílslínuna mína sem ég hugsa bæði fyrir heimilið og bústaðinn."

Lína Sveinbjargar inniheldur meðal annars dúka, kertastjaka, teppi, plexígluggaskraut og viðarbakka, auk límmiða bæði í glugga og á veggi og er hún stöugt að bæta við. „Vegglímmiðarnir eru viðbót við gluggafilmurnar og svo er ég að bæta við dúkum og diskamottum. Einnig eru plexíhjörtun að koma á markað í mörgum litum, enda sumarið að koma. Svo er von á enn einni nýjung í byrjun næsta árs sem er algjört leyndarmál ennþá," segir hún sposk.

„Ég vinn allt út frá þremur línum í verkum mínum og það má segja að það sé sveitarómantík í þessu öllu saman. Ætli ég sé ekki svolítið rómantísk sjálf," segir hún og fær sér sopa af rjúkandi kaffi.

Nýju krúsirnar eru væntanlegar í verslanir um miðjan júní. Þá verður hægt að nálgast þær meðal annars í Epal, Dúka, Kraumi, Garðheimum og í versluninni Hrími bæði á Akureyri og á Laugavegi. Einnig selja verslanirnar Pottar og prik og Sirka á Akureyri vörurnar frá Sveinbjörgu auk þess sem hún dreifir vörum til Vestmannaeyja og Hafnar í Hornafirði.

Nánar má forvitnast um hönnun Sveinbjargar á www.sveinbjorg.is.

■ rat

FALLEGIR BOLLAR Áður hafði Sveinbjörg sent frá sér thermobolla fyrir heimilið.

NÝTT FRÁ SVEINBJÖRGU Sveinbjörg verður á Ráðhúsmarkaði Handverks og hönnunar, dagana 3. til 7. maí.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

HRESSING
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA ÖLGERÐARINNAR
Sími söludeildar 412 8100 – www.hressing.is

Allt fyrir fyrirtækið
Kaffivélar - Vatnsvélar - Kæliskápar
Safa og djúsvélar - Sjálfsalar

MÁNUDAGUR **30. APRÍL 2012**

HURÐIR & HURÐASMÍÐI

Kynningarblað Útihurðir, innihurðir, álhurðir, glerhurðir, sérsmíði, fornar dyr og frægar hurðir.





BIRGISSON LEIÐANDI Í SÖLU Á INNIHURÐUM

RINGO – INNIHURÐIR Á ÍSLANDI Í YFIR 20 ÁR

Birgisson ehf. býður fallegar og vandaðar yfirfelldar innihurðir frá þýska framleiðandanum Ringo. Í dag prýða Ringo-hurðir mörg íslensk heimili enda komin 23 ár síðan innflutningur á Ringo-innihurðum hófst til landsins.

„Í áranna rás höfum við öðlast mikla reynslu í sölu og þjónustu á innihurðum og getum því aðstoðað viðskiptavini við að leysa flest öll mál sem koma upp. Þá auðveldum við valið á réttum innihurðum með góðri ráðgjöf og áralangri þekkingu sölumanna," segir Gísli Valsson deildarstjóri hurðadeildar hjá Birgisson ehf.

„Við bjóðum yfir sextíu mismunandi tegundir af yfirfelldum hurðum í mörgum viðartegundum en einnig mikið úrval af sprautulökkuðum hurðum, gler- og forstofuhurðum, rennihurðum og viðurkenndum eldvarnarhurðum,"útskýrir Gísli. Hann segir hvítlakkaðar hurðir nú hæstmóðins.

„Við höfum því bætt úrvalið og bjóðum nú hvítlakkaðar hurðir með fræsingu. Eikin er einnig sígild og sívinsæl og því höfum við aukið úrvalið af eikarhurðum og bjóðum nú upp á eikarhurðir með þverspón til afgreiðslu af lager," upplýsir Gísli.

Hjá Birgisson ehf. má einnig finna gereftislausar hurðir með innfelldum lömum fyrir þá sem kjósa stílhreint og fágað útlit.

„Gæða vörur og úrvals þjónusta er okkar metnaður. Verið því ávallt velkomin í sýningarsal okkar þar sem sölumenn aðstoða við rétt val á innihurðum. Ringo-hurðir breyta um andrúmsloft á heimilinu og það er ódýrara en margan grunar."

Birgisson

Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is

Allt í stíl á góðum díl.

Gæðin út í gegn. Maghony-viður er mikið notaður í framleiðslu SB.

Á bak við hurðina

Hurðir íslenskra húsa þurfa að þola ýmislegt. Válynd veður. Krakkaflakk inn og út. Skapstyggð og skemmtanahald. Jafnvel jólasveina með hurðaskelli á heilanum. En það þýðir ekki að þær geti ekki verið fallegar líka. Það er allavega álit sérfræðinganna í SB Glugga- og hurðasmiðju.

Íslensk náttúra getur verið æði dyntótt. Smíði húsa – já, og hurða – hér á landi þarf ávallt að taka mið af því og það vita starfsmenn SB Glugga- og hurðasmiðju betur en flestir. Hartnær 40 ára reynsla í þróun og framleiðslu hurða, samkvæmt ítrustu gæðastöðlum, segir líklega allt sem segja þarf.

Í nýju og glæsilegu húsnæði SB að Hvaleyrarbraut 39, í Hafnarfirði, er notast við fullkomnustu tæki sem völ er á. Tæknin tryggir meiri gæði, en líka aukin afköst. Þannig gengur allt fumlaust fyrir sig; smærri og stærri pantanir eru afgreiddar á tilsettum tíma, enda fæstir sem vilja búa í hurðalausu húsi.

Viðskiptavinir SB eru bæði margir og ólíkir, en allir fá óskir sínar uppfylltar. Sumir vilja bara fá vandaðar og þolnar hurðir í húsið sitt – einfalt og ekkert vesen. Aðrir hafa sterkari skoðanir og vilja taka þátt í því að hanna hurðirnar með öllu tilheyrandi. Ekkert er sjálfsagðara. Allar hurðir afhendast svo auðvitað með skrám, húnum og lömum.

Það er þó ekki nóg að hafa reynslu, þekkja íslenskar aðstæður og státa af nýjustu tækjum til smíðanna. Byggingarefnið verður að vera gæðin út í gegn, svo allt gangi upp. Þess vegna framleiðir SB hurðir svo til eingöngu úr Oregon Pine, Maghony eða öðrum sérvöldum harðviði.

Þar sem eru hurðir, eru vanalega gluggar. Og þá framleiðir SB líka af kostgæfni. Notast er við furu eða harðvið, enda þykja gluggarnir frá SB fráleitt

Smekkleg hönnun. Hurðin er úr Maghony-viði, olíuborin.

síðri en hurðirnar. Sérfræðingar SB bjóða einnig upp á tvöfalda þéttingu á gluggum og hurðum, meti húsráðendur veðurfar á staðnum líklegt til leiðinda. Eins er glerjað og málað eftir óskum.

Hurð úr Oregon Pine – rauðmáluð.

Hellingur af hurðum, allar frá SB.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmaður auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson. sverrirbs@365.is. 512-5432
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

FASTEIGNIR.is

17. TBL. 30. APRÍL 2012

VÍSIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!

Magnús Einarsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266

Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312

Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 6751

Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820

Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Sími 770 0309

Kristberg Snjólfsson
Sölufulltrúi
Sími 892 1931

Eggert Maríuson
Sölufulltrúi
Sími 690 1472

Júlíus Jóhannsson
sölufulltrúi
sími 823 2600

Haraldur Ómarsson
sölufulltrúi
sími 845 8286

Við erum Landmark*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.

Rúnar Gíslason
Lögg. fasteignasali

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

Viltu selja?

Mig vantar sárlega 3-4 herbergja íbúð í 101 Reykjavík.
Verður að hafa sérinngang.
Vörður

Talaðu endilega við Auði í síma 824-7772
eða audur@fasteignasalan.is

Sími 824 7772

audur@fasteignasalan.is Auður Kristinsdóttir



Einbýli í Vesturbænum

Fasteignamarkaðurinn kynnir vel skipulagt einbýlishús á þremur hæðum auk bílskúrs á frábærum stað í Vesturbænum.

Vel skipulagt einbýlishús með aukaíbúð í kjallara.

Sólvallagata 53 er 227.1 fermetrar að stærð, hæð kjallari og ris auk 34.8 fermetra bílskúrs. Lóðin er afgirt með verönd og heitum potti og er garðurinn hannaður af Stanislas Bohic. Á aðalhæð er gengið inn í parketlagða forstofu, þá inn í hol þar sem er góð vinnuaðstaða og sérsmíðaðir innfelldir skápar. Tvær samliggjandi stofur, parketlagðar með rennihurðum á milli og er útgangur úr stofu niður á verönd. Eldhúsið er parketlagt með hvítum innréttingum og eikarborðplötum. Flísar eru milli skápa og er tengi fyrir uppþvottavél.

Gengið er upp viðarstiga upp á efri hæð hússins. Þar er barnaherbergi með linoleumdúk á gólfi, stórt herbergi með innbyggðum fataskápum og linoleumdúk á gólfi. Þá er stórt hjónaherbergi með tveimur innbyggðum skápum og stórt baðherbergi með hornbaðkari.

Sérinngangur er inn í kjallarann en einnig innangengt úr holi á aðalhæð. Kjallarinn er nú nýttur sem íbúð, þar er flísalögð forstofa og teppalagt herbergi með fataskápum. Eldhús og stofa bæði teppalögð, flísalagt hol og salerni. Þá er í kjallara þvottaherbergi með sturtuklefa og gufubaði.

Bílskúrinn er rúmgóður með gluggum og göngudyrum. Þar er hiti, rafmagn og rennandi vatn. Húið er í góðu ástandi að utan.

heimili FASTEIGNASALA

Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali

Andri Sigurðsson
sölufulltrúi og lögg. leigumiðlari

Gústaf Adolf Björnsson
Gallopper, árg. 99, diesel, ssk, ek. 213 þús. Ásett 450, tilb. 220 s. 866-9274

Til solu opel Astra station, arg. 1998, 1.6 bensin, 4 sumardekk og 4 vetrardekk, nyja timarein, verd: 155.000 simi: 8436705

Bílar óskast

Bíll óskast á 25-250þús.
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL !!!
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð '98-'03 má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

Jeppar

Land Rover Discovery árg. '98, v. brottfl. ek. 137 þús. Nýskoðaður. Verðtilboð Uppl. í s. 864 5853.

Sendibílar

KEYRSLA.IS
Sími 820-3880

Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

568 5000 NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílar

Mitchubishi Canter árg. '00, með eins og hálfs tonna lyftu. Uppl. 892 2119.

Fjórhjól

Can Am Autlander Max 800 LTD. Árg. 2011 ekið 100 km. Fullt af auka dóti. 27" Big Horn SS felgur töskur og fl. og fl. Verð 3,380 með VSK. S: 898 2811.

Kerrur

2 ára, 3 m víkurvagna kerra með háum hlera. Kerran er eins og ný. Óslitin dekk álfelgur Kostar ný 480þ fæst á 300þ Uppl í 8996699

Hjólhýsi

Til sölu, 5 gata felgur ásamt dekkjum undir fellihýsi og tjaldvagna, stærð: 5,30 x 12. Verð: 15.000 kr. stk. Pústþjónusta BJB ehf. Sími: 5651090 eða piero@bjb.is

Vinnuvélar

Allir varahlutir og þjónusta fyrir
dDIECI
vinnuvélar
Sími 527-2600
www.Vélavit.is

POLARIS BIKEWEAR
Hjólreiðafatnaður í miklu úrvali

Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
104 Reykjavík
www.tri.is

Til sölu

Lyftarar

Körfubílaleigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar.

S. 893 3573.

Bátar

SAFIR

SAFIR SKIPASALA. MIKIL SALA - HAFÐU SAMBAND - www.safir.is - s: 580 8700.

Bílaþjónusta

PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

Concept og Meguiar's - Bónvörurnar sem gera bílinn þinn, fallegri, betri og verðmeiri.

Hjólbarðar

4 stk dekk 165/70 13" á felgum á 20þ. 4 stk 175/70 13" á 15þ. 2stk 215/55 16" á 10þ. 2 stk 185/80 14" á felgum á 10þ. 2stk 165/60 14" á 10þ. 2 stk 195/75 16" á 10þ. 2 stk 4.80.12" á 6þ. s.8968568.

Varahlutir

VW - Skoda - Varahlutir

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

NULL
Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

Japanskar vélar Bílapartasala
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutavaktin Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

GS Varahlutir Sími 567-6744
Bremsu- og stýrishlutir í flestar gerðir bíla. Pöntum á fimmtudögum, varan komin á mánudegi. Gott úrval af Gabríel dempurum á lager. Bíldshöfða 14, 110 Rvk.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99 Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Viðgerðir

AB Pústþjónusta
Pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. S. 555 6020.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Pawel ræsting
Öll almenn alþrif BESTA VERÐ fyrir teppi, steinteppi og bón á gólf. S. 842 6522.

A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Garðyrkja

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Er öspin til ama ?
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Vinnan Göfgar
Alhliða Garðaþjónusta

Gæði framar öllu

vinnangofgar.is

sími 778-0100.

Garðklippingar og garðsláttur
fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Alhliða bókhaldsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Fagleg þjónusta - hagstætt verð. S 892 5784

Skattframtöl 2012
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

Málarar

Bjössi málari kemur húsinu í stand!
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

Málarameistari
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Málarameistari
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

Vinnan Göfgar
Alhliða Málningarþjónusta.

Gæði framar öllu vinnangofgar.is

sími 778-0100.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

Húsaviðhald

HLAÐBÆR COLAS

MALBIKSVIÐGERÐIR
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu.

Skiptið við gæðavottað fyrirtæki.

Sími: 565-2030

www.colas.is colas@colas.is

ISO 9001 vottun

Tökum að okkur parketslípun
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl. í s. 823 2234.

Gluggar, hurðir, sólpallar/þök og allt húsaviðhald. Uppl. í s. 896 9819. hermann@parketogsmidar.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

Spádómar

Spásíminn 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

B.S.VERKTAKAR

Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Þarfnast bílaplanið þrifa eða viðhalds?
Við bjóðum upp á eftirfarandi:

Götusópun

Gangstéttarsópun

Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum

Malbiks- og kantsteinaviðgerðir

Grasslátt og umhverfishreinsun
Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is

S: 577 5757 eða gamur@gamur.is

Blekhylki.is
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

Lok á heita potta og hitaveituskeljar.
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag.

Sími 777 2000

www.heitirpottar.is

Öryggis- og peningaskápar

Bókasafn til sölu, m.a. ritsöfn, æviminningar, skáldsögur, ljóðabækur og ýmislegt fleira, u.þ.b. 250 kasssar. Uppl. í s. 8652312.

ÓDÝR HEIMILISTÆKI
Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystikystur, frystiskápar. S. 896 8568.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Sölumenn Glerborgar í nýja sýningarsalnum. Fyrirtækið fagnar 40 ára afmæli sínu um þessar mundir og hefur opnað nýjan sýningarsal af því tilefni.

Nýr og endurbættur sýningarsalur

Glerborg býður upp á hurðir úr plasti, áli og gleri sem eru sérstaklega öruggar og algjörlega vind- og vatnsheldar. Fyrirtækið er 40 ára í ár og hefur opnað nýjan sýningarsal af því tilefni.

Nú í vor fagnar Glerborg 40 ára afmæli sínu og í tilefni þess hafa söluskrifstofur verið endurnýjaðar og nýr og glæsilegur sýningarsalur hefur verið opnaður að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði þar sem mikið úrval sýningarhurða er til staðar.

Glerborg býður upp á mikið úrval hurðagerða og hefur algjöra sérstöðu hvað varðar gæði og fjölbreytt úrval. Jafnframt er boðið upp á þjónustu við mælingar og uppsetningar víða um land.

Plastútihurðir - PVC-u

Fyrirtækið selur meðal annars PVC-u útihurðir úr plasti sem eru gríðarlega öruggar og algjörlega vind- og vatnsþéttar vegna tvöfaldra þéttinga og 5 punkta læsingar. Á Íslandi eru miklar hita og rakasveiflur og veður óstöðugt. Það veldur því oft að hefðbundnar timburhurðir vilja gjarnan þrútna og skreppa saman á víxl og á endanum bjóða þær litla vörn gegn vatni og vindum. Útihurðir frá Glerborg eru varanleg og ódýr lausn á þessum vandamálum og ekki þarf að skrapa og mála þær á nokkurra ára fresti. Plasthurðirnar bjóða upp á ótal útfærslur í útliti og glergerðum og hægt er að fá þær í hinum ýmsu litum og viðaráferðum eins og eik, gulleik og mahoný.

Rennihurðir - PVC-u

Það er mikill kostur að geta opnað vel út í garð eða út á svalir þegar heitt er í veðri. Rennihurðirnar frá Glerborg eru einstaklega þéttar og öruggar. Tvöfaldar gúmmíþéttingar gera þær fullkomlega vind- og vatnsþéttar því hurðirnar eru búnar öflugum læsingum sem þrýsta þeim í karminn. Einn helsti kosturinn við rennihurðir er að opnun þeirra tekur hvorki pláss inni né úti eins og hjá öðrum hurðum, þær eru einstaklega liprar og þægilegar í notkun og setja flottan svip á heimilið. Húsið þarf ekki að vera í byggingu til þess að koma megi fyrir rennihurð. Lítið mál er að saga niður úr gamla stofuglugganum og smella rennihurð í gatið.

Álhurðir

Glerborg býður ótal útfærslur í álhurðum og búnaði í kringum þær. Álhurðir eru fáanlegar í næstum öllum litum og eru löngu orðnar sígildar í verslunum og opinberum byggingum vegna styrks og léttleika og nú færist mjög í vöxt að nota slíkar hurðir í íbúðarglæsihýsi.

Hurðir úr hertu gleri

Glerborg býður upp á ótal útfærslur í útliti og búnaði með innihurðum úr hertu gleri. Þessar hurðir eru fáanlegar sem rennihurðir og sveifluhurðir sem dæmi og henta vel þar sem leitast er við að hafa gott og opið rými bæði heima fyrir og hjá fyrirtækjum. Dæmi um notkun er í fundarherbergjum, opnum skrifstofum með möguleika á að loka að sér, í sturtur og í raun alls staðar þar sem loka þarf á hljóð en ekki útsýni.

Glerborg býður upp á innihurðir úr hertu gleri sem eru tilvaldar í fundarherbergi, opnar skrifstofur með möguleika á að loka að sér, í sturtur og alls staðar þar sem loka þarf á hljóð en ekki útsýni.

Ég er að sýna ábyrga starfshætti

Ég heiti **Aron** og er söluráðgjafi hjá Glerborg. Þegar ég lofa viðskiptavinum mínum **CE vottun**, þá er það vegna þess að ég framkvæmi mín eigin próf og get lagt nafn mitt og heiður að veði.

GLERBORG
- rammar inn lífið

Dalshraun 13 • 220 Hafnarfjörður • Sími 565 0000 •
Fax 555 3332 • glerborg@glerborg.is • www.glerborg.is

Gullna hliðið að konungshöllinni í Versölum í Frakklandi

Ronald Reagan og Mikhail Gorbatsjov heilsast við dyr Höfða.

Opin hurð inn í gasklefa í Auschwitz .

Mismunandi hlutverk hurða

Við opnum og lokum dyrum á hverjum degi og njótum næðisins sem hurðir skapa, upplifum öryggi við að læsa þeim þegar við förum að heiman og tökum þeim sem sjálfsögðum. Þær gera ekki upp á milli fólks og þjóna öllum jafnt hvort sem sá er illur eða góður.

Flest notum við hurðir á hverjum degi en gerum okkur ef til vill ekki grein fyrir því hversu oft eða hve margar á dag. Við tökum þeim sem sjálfsögðum hlut og áttum okkur ekki á eiginleikum þeirra. Til dæmis næðinu sem við sköpum okkur með því að loka að okkur þegar við þörfnumst þess, dótið sem við lokum af í skápum, hringhurðirnar sem þeyta okkur inn í verslanamiðstöðvar og svo mætti lengi telja. Hurðir eru því ómissandi partur af tilveru nútímamanneskju og tilgangur þeirra er að loka af ákveðið rými og marka inngang úr einu yfir í annað. Því stærri, þyngri og glæsilegri sem hurðin er þeim mun mikilvægara hlýtur það sem fyrir innan er að vera hvort sem það er manneskja, hlutur, dýr, helgidómur eða skelfilegt myrkraverk.

Gullna hliðið

Flestir kannast við Gullna hliðið þar sem Sankti Pétur eða Lykla Pétur stendur og dæmir þá sem þangað koma og hvort þeir séu hæfir til inngöngu í himnaríki eða skuli dæmast til vistar í helvíti. Líklega er það frægast sem táknmynd kristinnar trúar og til áminningar um að lifa lífinu án teljandi skaða fyrir aðra. Hliðið og Pétur hafa einnig verið uppspretta óteljandi gamansagna, leikrita, skopmyndateikninga og brandara.

Downingstræti 10

Downingstræti 10 er þekkt um allan heim. Þar eru höfðustöðvar bresku ríkisstjórnarinnar og skrifstofur forsætisráðherra ásamt móttökurými fyrir erlenda gesti. Sú hefð hefur skapast að forsætisráðherrar láti mynda sig fyrir utan útihurð Downingsstrætis og er hún því flestum kunn. Ríkisstjórnir Bretlands hafa haldið þar reglulega fundi síðan 1856.

Höfði

Á einni nóttu varð Höfði á Íslandi þekktur um allan heim eftir að sáttafundur Ronalds Reagans og Mikhails Gorbatsjov var haldinn þar árið 1986. Fundurinn markaði lok kalda stríðsins. Myndin af Reagan og Gorbatsjov fyrir utan dyrnar á Höfða þar sem þeir takast í hendur er þekkt. Það má því segja að hvítar og hreinar hurðirnar á Höfða séu táknmynd sátta og heimsfriðar sem mörkuðu skil.

Auschwitz

Dyrnar að gasklefum Auschwitz eru táknmynd þess hryllings sem mannskepnan er fær um að framkvæma. Talið er að um 1,1 milljón manna hafi verið tekin af lífi í útrýmingabúðum nasista í Auschwitz. 1,3 milljónum manna var haldið föngnum þar.

Dýrgripur frá miðöldum

Valþjófsstaðahurðin svokallaða er einn af merkisgripum Þjóðminjasafnsins, útskorin kirkjuhurð frá Valþjófsstað í Fljótsdal en hurðin er talin vera frá um 1200. Hún er eina útskorna hurðin sem varðveist hefur frá miðöldum en íslenskar kirkjur voru þá gjarnan skreyttar útskurði. Hurðin er skorin út á Íslandi og er talið að hún hafi upphaflega verið hærri og hringirnir þá þrír. Í efri hringnum er skorin út þekkt miðaldasaga í þremur þáttum af riddara sem bjargar ljóni úr klóm dreka. Í neðri hringnum vefjast fjórir drekar saman hver um annan.

Hurðin var fyrir kirkjum á Valþjófsstað allt til ársins 1851. Þá var hún flutt til Kaupmannahafnar en skilaði sér aftur til Íslands árið 1930, þegar Danir skiluðu fjölda sögulegra gripa til landsins. Eftirlíkingu af hurðinni má sjá í kirkjunni sem nú stendur á Valþjófsstað. Hana skar Halldór Sigurðsson frá Miðhúsum út árið 1966 en sú hurð var gjöf til kirkjunnar frá brottfluttum Fljótsdælingum.

Hina upprunalegu Valþjófsstaðahurð má sjá á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár.

Heimild: www.thjodminjasafn.is

Valþjófsstaðahurðin er einn af lykilgripum Þjóðminjasafns Íslands og er til sýnis á grunnsýningu safnsins ,Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár.

MYND/ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Nútímaleg hurðasmíði

Trévík ehf. hefur frá árinu 1995 sérhæft sig í ráðgjöf og framleiðslu á innihurðum við góðan orðstír.

Trévík ehf. er fyrirtæki í Vík í Mýrdal sem sérhæfir sig í gerð innihurða fyrir heimili og fyrirtæki. Blaðamaður tók Sigurð Ævar Harðarson, framkvæmdastjóra Trévíkur, tali og fékk meðal annars að vita hvers konar hurðir eru helst eftirsóttar um þessar mundir.

„Hurðirnar eru hærri en áður. Ná alveg upp í loft. Þetta er nú einhver arkitektúr hef ég grun um," greinir Ævar frá og hlær. „Svo er talsvert um liggjandi spón sem var ekki hér áður og ekki gerefti heldur raufar utan með dyrakörmunum. Síðan velur fólk oftast hurðir úr eik. Hún virðist vera í tísku í dag," segir hann en lætur þess getið að allar viðartegundir bjóðist hjá Trévík.

Að sögn Ævars sérhæfir fyrirtækið sig eingöngu í sérpöntunum. „Við erum ekki með lagerframleiðslu. Þá er sami spónn notaður í hurðir til dæmis í alla íbúðina en ekki einhver samtíningur," bendir hann á og bætir við að Trévík hafi átt í samstarfi við fjölda innlendra fyrirtækja um framleiðslu á innréttingum og innihurðum úr sérvöldum spæni. Spónninn sé valinn í hurðir og innréttingar um leið.

Ásamt hefðbundnum innihurðum framleiðir Trévík hljóðeinangrandi hurðir, eldvarnarhurðir, tvöfaldar hurðir, rennihurðir og gluggahurðir, sem Ævar segir vinsælar til dæmis í forstofur. „Núna eru glergöt mjög vinsæl til að brjóta upp lúkkið," nefnir hann.

Trévík ehf. var stofnað árið 1995 og þar starfa smiðir með margra ára reynslu. Ævar lætur þess getið að sendingarkostnaður, máltaka og uppsetning sé þó ekki innifalin í tilboðum vegna staðsetningar Trévíkur. „Hins vegar getum við bent á aðila sem við þekkjum að góðu til að annast uppsetningu og máltöku ," bendir hann á.

Hægt er að kynna sér starfsemi fyrirtækisins í síma 487-1222 og á heimasíðu þess sem er í vinnslu. Slóðin er trevik.is. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á trevik@trevik.is.

Trévík sérhæfir sig í framleiðslu innihurða. Hér má sjá dæmi um smíði frá fyrirtækinu.

MYND/VALLI

FRAMLEIÐIR LÍFFÆRI

GERIR ÞAÐ GOTT *Hið heimsþekkta Corning glerlistasafn í New York hefur hafið framleiðslu á glerlíffærum úr smiðju Siggu Heimis iðnhönnuðar.*

Hið virta glerlistasafn Corning Museum of Glass í New York, CMOG, hefur hafið framleiðslu á glerlíffærum úr smiðju iðnhönnuðarins Siggu Heimis. Safnið hefur unnið með fjölda þekktra og verðlaunaðra hönnuða á borð við Matali Crasset, James Irvine og Fernando og Humberto Campana að gerð hluta í takmörkuðu upplagi. Verk Siggu verða þau fyrstu sem það fjölda-framleiðir.

„Þetta er merkilegt fyrir þær sakir að í fyrsta skipti er safnið að fara að vinna markvisst með hönnuði," segir Sigga sem heldur vestur um haf 13. maí til þess að gefa grænt ljós á fyrstu framleiðsluna.

Að hennar sögn verða glerlíffærin til að byrja með seld í verslun CMOG sem hefur hingað til aðeins boðið hluti í fáeinum eintökum. Hún segir svo stefnt að því að selja verkin á völdum söfnum eins og Cooper-Hewitt, MoMa í New York og bandaríska hönnunarsafninu sem CMOG á í samstarfi við.

VEKUR ATHYGLI Á MIKILVÆGU MÁLEFNI

Sigga hóf vinnu við glerlíffærin árið 2007 þegar henni bauðst að halda sýningu á CMOG. Hún segist hafa hannað líffærin meðal annars til að efla umræðu og fræðslu um líffæragjöf sem hún segir að ekki sé í nógu góðum farvegi í dag.

„Að vel athuguðu máli komst ég að því að líffæragjafalistar reyndust víða vera fátæklegir og fólk í þriðja heims ríkjum reiðubúið að selja úr sér líffæri gegn greiðslu," nefnir hún.

Sýningin á CMOG vakti mikla athygli á sínum tíma og síðan þá hefur kröftug umræða um líffæragjöf skapast þar sem Sigga hefur sýnt glerlíffærin. „Okkur hefur greinilega tekist að hreyfa við fólki. Bæði er glerið heillandi efni og svo virðist sem líffæraumræðan tali til margra," bendir hún á og bætir við að frá 2007 hafi CMOG borist fjöldi fyrirspurna, frá læknum, fjölmiðlum og einkaaðilum sem vilja kaupa eintök af verkum hennar. Þessi gríðarlegi áhugi hafi átt þátt í því að safnið vildi fjöldaframleiða verkin.

HEIMSÞEKKT
Sigga Heimis iðnhönnuður hefur getið sér gott orð fyrir hönnun sína. Árið 2007 hannaði hún glerlíffæri til að vekja athygli á slæmu ástandi í líffæragjöfum í dag.

SÝNIR Á STÓRRI GLERLISTASÝNINGU

Óhætt er að segja að skammt sé stórra högga á milli hjá Siggu því henni hefur nú í annað sinn verið boðin þátttaka í sýningu á CMOG sem verður opnuð 19. maí. Á sýningunni, sem ber yfirskriftina Making Ideas: Experiments in Design at GlassLab, verða til sýnis glerlistaverk eftir 150 virta hönnuði. Hluti hennar verður helgaður líffærum og þar verða verk Siggu í sviðsljósinu. Nánar má fræðast um sýninguna á heimasíðu CMOG. Slóðin er www.cmog.org.

■ rve

OKKAR BAKARÍ

GOTT Í
BARNAAFMÆLIÐ

Mikið úrval af skemmtilegum kökum í afmælið

Bjóðum einnig upp á eggjalausar tertur

Tangled, Cars, Hello Kitty, Spiderman, Barbie, Svampur Sveinsson og margt fleira.

Kynntu þér úrvalið á www.okkarbakari.is
og á facebook.com/okkarbakarí

Okkar bakarí | Iðnbúð 2 | 210 Garðabær | Sími: 565 8070

HÚSRÁÐ SEM VIRKA

■ **SNIÐUGT**

Það er alltaf gott að rifja upp gömul húsráð. Húsráðin eru eins misjöfn og þau eru mörg og sum virka betur en önnur. Mörg hver eru byggð á reynslu kynslóðanna og hafa erfst mann fram af manni. Hér koma örfá sniðug ráð sem virka:

Tyggjóklessur úr fötum: Skellið flíkinni inn í frysti og síðan má mylja tyggjóið úr.

Vaxblettur úr efni: Náið í dagblað, leggið yfir blettinn og strauið svo yfir. Þá bráðnar vaxið og sogast upp í dagblaðið.

Til að skera sveppi í jafnar sneiðar er best að skella þeim í eggjaskerann.

Til að losna við vonda lykt úr ísskáp má láta 2-3 teskeiðar af matarsóda standa í opnu íláti í ísskápnum.

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Tryggingamiðlun

Óskum eftir góðum hringjurum. Góð laun í boði. Uppl í s. 897-0948 samuel@tmi.is & 825-0006 steini@tmi.is

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Vélar og verkfæri

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

Fundur

Aðalsafnaðarfundur
Lindasóknar
verður haldinn í Lindakirkju, Kópavogi, sunnudaginn 6. maí nk. kl. 15 eftir messu.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd Lindasóknar

HEILSA

Heilsuvörur

Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykknum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

NUDD OG HEILSA
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Þjónusta

Reykstopp með árangri
s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

ICELANDIC-NORSKA I & II-NORSKA f. starfsfólk í heilbrigðisgeira.
COURSES/ NÁMSKEIÐ BYRJA / STARTING 30/4. Kvölds/Morgna-Mornings/Evenings; 4 vikur x 5 í viku / 4 week courses x 5 days a week. Ódýrir aukatímar í STÆ, EÐL, EFN. Stundaskrá sjá: www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5881160.

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu þrjú L-laga skrifborð úr mahony og ýmsa fylgihluti svosem hillur og fl. 892-3787

Húsgagnaviðgerðir

Húsgagna og innréttingalökkun
Viltu hressa upp á gömlu húsgögnin í stað þess að kaupa ný ???

Sprautulökkum: innhurðir, eldhúsinnréttingar, stóla baðinnréttingar, borð, skápa, skenka, kommóður, rúmgafla.
Smiðjuborg ehf Smiðjuvegi 11

S:894 1867

Heimilistæki

Til sölu frystikista 95ltr 3ja ára 40000 og Energetics göngubretti 4 ára sem nýtt 70000 uppl 6976078 8678876

Dýrahald



Strýhærðir Þýskir bendar (Vorsteh), þessir fjórir strákar eru til sölu. Foreldrar eru Kragborg Mads og Yrja. Frábærir fjölskyldu og veiðihundar. Henta mjög vel til rjúpna-anda og gæsaveiða. Einnig öflugir í mink. Ættbókarfærðir frá HRFI Uppl. Í síma 861-4502

4kg poki kostar 1.327,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

Íslenski Fjárhundahvolpar
Til sölu 3 hvolpar, 2 rakkar og 1 tík, fædd 11. desember 2011. Ættbókarfærðir og örmerktir. Fallegir hvolpar undan Birtu og Stefsstells Hávar. Birta er afkomandi Galtanes Greifa og Hávar er sonur Eir frá Keldnakoti, glæsilegri og marg verðlaunaðri tík. Uppl. s. 864 5853 http://islenskirhvolpar.webstarts.com/index.html

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð 3ja herb. á Höfuðborgasv. frá 01. júlí, greiðslugeta 100þús, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 823 8088.

Sumarbústaðir

Til sölu lóðir í Grímsnesi / Kerhrauni verð er aðeins kr.375 pr fm. sími 896 0587.

Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

STÁLVÍK
Zatrudnimy Stolarzy i pracownikow budowlanych

OKKUR VANTAR STARFSMENN
Trésmiði -Verkamenn
Email stalvik@stalvik.is

Óska eftir vönum aðila til úthringinga á kvöldin, góð laun fyrir réttan aðila. Uppl gefur Guðný í 822-2965

Kokkur eða matráður og afgreiðsla í verslun, Laugarvatn, sumarvinna. S. 696 9696.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Spjalldömur 908 5500
Opið allan sólarhringinn.

Engin bið nema þegar talað er.

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI

SUZUKI
Way of Life!

Komdu og reynsluaktu

SUZUKI SWIFT

Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.

Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.550 þús.
Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km

SUZUKI GRAND VITARA

Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.

Með öflugri 2.4L 169 hö/vél
Verð frá 5.450 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km

SX4 SPORTJEPPLINGUR.

Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.650 þús. Meðaleyðsla 6,5 L/100 km, beinskiptur

Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki

Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!

2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km

Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.

Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur

Verð frá kr. 3.350 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf, April 2012

krossgáta



LÁRÉTT
2. ríki í Mið-Ameríku, **6.** rún, **8.** efni, **9.** skyggni, **11.** tveir eins, **12.** óstilltur, **14.** rófa, **16.** pot, **17.** af, **18.** fálm, **20.** pfn., **21.** traðkaði.

LÓÐRÉTT
1. íþrótt, **3.** stefna, **4.** trjátegund, **5.** eyrir, **7.** starfræksla, **10.** kusk, **13.** skarð, **15.** rótartauga, **16.** margsinnis, **19.** svörð.

LAUSN

LÁRÉTT: **2.** kúba, **6.** úr, **8.** tau, **9.** der, **11.** rr, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** ot, **17.** frá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** troð.

LÓÐRÉTT: **1.** júdó, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rot, **15.** tágа, **16.** oft, **19.** mó.

Hættu að nauðga!

BAKÞANKAR
Erlu Hlynsdóttur

Konur þurfa að fylgja ákveðnum reglum í okkar samfélagi. Þær eiga ekki að vera í of stuttum pilsum, þær eiga ekki að vera of drukknar, og þær eiga ekki að vera einar á fáförnum stöðum. Nýverið bættist við ný regla: Konur eiga ekki að leggja bílnum sínum langt frá inngangin-um í bílastæðahúsum.

EF KONUR brjóta þessar reglur, þá getur þeim verið nauðgað. Sérstök bílastæði fyrir konur í nágrenni við innganga í bílastæða-húsum, síð pils og óáfengir drykkir kunna að vera viðbrögð við þessum vanda. Vandinn er hins vegar í raun annar: Að sumir karlmenn nauðga konum.

NAUÐGANIR eru vandamál og af því leiðir að við nauðgunum þarf að finna lausnir. Í ákveðnum sam-félögum hefur verið farin sú leið að láta konur klæðast búrkum. Þannig er freistingin minni fyrir nauðg-ara.

HÉR Á ÍSLANDI var reynd sú leið að gefa konum kost á að leggja bílunum sínum nálægt inngangnum í bílastæðahús-um. Við þekkjum öll úr spennu-myndunum þessi atriði þar sem konur, aleinar í bílastæða-húsum, heyra allt í einu fótatak að baki sér og á endanum ræðst allsendis ókunnugur maður á þær.

Í RAUNVERULEIKANUM eru það hins vegar sjaldnast ókunnugir sem nauðga konum. Oftast eru það „vinir“ og kunn-ingjar sem nauðga. Jafnvel eiginmenn eða sambýlismenn. Og við skulum ekki gleyma feðrum og frændum.

JÚJÚ, konum hefur verið nauðgað í bíla-stæðahúsum erlendis. Þeim hefur líka verið nauðgað í almenningsgörðum, á lista-söfnum, í verslanamiðstöðvum. Konum er nauðgað í skólanum. Í raunveruleikanum er konum nauðgað. Þeim er líka nauðgað þar sem þær telja sig vera öruggar. Þeim er nauðgað þegar þær eru í heimsókn hjá „vini“ og þeim er nauðgað þegar þær eru heima hjá sér.

KONUM ER NAUÐGAÐ. Körlum er, því miður, líka nauðgað. Akkúrat núna snýst umræðan hins vegar um bílastæði fyrir konur til að verja þær gegn nauðgunum. Spurningin er hvort baráttunni gegn nauðg-unum sé mögulega beint til rangra aðila, að það eigi ekki að segja konum hvernig þær eigi að haga sér eða hvar þær eigi að vera.

ÉG HELD AÐ við ættum að einbeita okkur að því að koma skilaboðum til þeirra sem bera hina raunverulegu ábyrgð.

NAUÐGARAR: Hættið að nauðga!

myndasögur

Pondus — Eftir Frode Øverli

Gelgjan — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið — Eftir Tony Lopes



Barnalán — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



VILT ÞÚ ÖÐLAST FJÁRHAGSLEGT FRELSI?

Með því að fara inn á sparnadur.is gætir þú unnið 50 þúsund króna höfuðstólsgreiðslu!

Vissir þú að með því að greiða einu sinni 5.000 krónur inn á höfuðstól á verðtryggðu láni sem ber 5% fasta vexti og miðað við 4% verðbólgu út lánstímann gætir þú sparað 22.840 krónur.

Hvaða lán er best að greiða upp fyrst?
Ef þú greiðir inn á höfuðstól á réttu láni í réttri röð sparar þú gríðarlegar fjárhæðir í vexti og verðbætur. Þetta gerir það að verkum að lánstíminn styttist til muna.
Pantaðu tíma strax í dag!

Kynntu þér nánar á sparnadur.is

Holtasmári 1, Kópavogur
Kaupvangsstræti 4, Akureyri

Sími: 577-2025
Fax: 577-2032

sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

SPARNAÐUR

TINDAR ARA TRAUSTA Summit, 100 Mountain hikes in Iceland eftir Ara Trausta Guðmundsson, jarðeðlisfræðing, rithöfund og forsetaframbjóðanda, kom út á vegum Uppheima fyrir helgi. Summit er leiðarvísir um gönguleiðir á 100 íslensk fjöll, ætlaður erlendum ferðamönnum, enda bókin aðeins gefin út á ensku. Ýmiss konar ráðleggingar og upplýsingar, kort, ljósmyndir og lýsingar gera þessa bók afar gagnlega og fróðlega öllum þeim sem hyggjast ganga á íslensk fjöll.

Friðrik gefinn út í Bandaríkjunum

Gengið hefur verið frá samningum um útgáfu á skáldsögu Friðriks Erlingssonar Góða ferð, Sveinn Ólafsson hjá bókaforlaginu Candlewick Press í Bandaríkjunum síðar á árinu. Skáldsagan var fyrst gefin út hér á landi árið 1998 og hefur síðan komið út víða um heim, meðal annars í Bretlandi.

Í tilkynningu frá Bjarti/Veröld segir að Candlewick Press sé það barna- og unglingabókaforlag í Bandaríkjunum sem vex hraðast. Friðrik þýddi bókina sjálfur á ensku. Fish in the Sky, eins og bókin nefnist í enskri þýðingu, var tilnefnd af enskudeild Alþjóða barnabókaráðsins (IBBY) á heiðurslista ráðsins árið 2010 fyrir þýðingu.

Á BANDARÍKJAMARKAÐ Skáldsaga Friðriks Erlingssonar, Góða ferð, Sveinn Ólafsson, kemur út vestanhafs síðar á árinu.

Í Góða ferð, Sveinn Ólafsson segir af Sveini sem vaknar á 13. afmælisdegi sínum og finnst allt hafa breyst. Sagan lýsir átökum hans við örar tilfinningasveiflur og óreiðukennda tilveru.

Sigurður og Shakespeare út á land

Sigurður Skúlason, leikari og driffjöður leikfélagsins Leikur einn, ferðast með sýninguna Hvílíkt snilldarverk er maðurinn! um Austfirði, til Akureyrar og Bolungarvíkur í maí.

Hvílíkt snilldarverk er maðurinn! er einleikur eftir Sigurð Skúlason og Benedikt Árnason, byggður á höfundarverki Williams Shakespeare, sem Helgi Hálfdanarson hefur þýtt. Sigurður leikur og Benedikt leikstýrir, en þeir eiga báðir langan feril að baki í leikhúsi, lengst af í Þjóðleikhúsinu.

Leiksýningin er safn brota sem mynda heild sem tekur einum þræði mið af vegferð mannsins frá vöggu til grafar og öðrum þræði af samlíkingu lífs og leikhúss. Jafnframt er hún hugsuð sem þakklætisvottur til leiklistarinnar og þess besta sem hún hefur af sér alið: sköpunarverk Shakespeares.

SIGURÐUR SKÚLASON Ferðast með einleik byggðan á verkum Shakespeares um landið í maí.

Sigurður verður á ferð í Vopnafirði 2. maí, á Seyðisfirði 3. maí, Reyðarfirði 4. maí, Egilsstöðum 5. maí, Djúpavogi 6. maí, Höfn í Hornafirði 7. maí, Akureyri 10. maí, Bolungarvík 12. maí. Að lokinni leikför verða nokkrar aukasýningar í Þjóðleikhúskjallaranum í Reykjavík.

Plastprent

Opið söluferli Plastprents ehf.

Framtakssjóður Íslands slhf. (FSÍ) hefur falið Fyrirtækjaráðgjöf Straums fjárfestingabanka hf. að annast formlegt söluferli vegna fyrirhugaðrar sölu á öllu hlutafé Plastprents ehf. sem er í 100% eigu FSÍ.

Söluferlið er opið öllum áhugasömum fjárfestum sem geta sýnt fram á fjárfestingagetu umfram 250 milljónir króna og búa yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu eða uppfylla skilyrði þess að geta talist fagfjárfestar samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti. Seljendur áskilja sér þó rétt til þess að takmarka aðgang að söluferlinu, m.a. ef lagalegar takmarkanir eru á því að fjárfestir eignist ráðandi hlut í félaginu svo sem vegna samkeppnisreglna.

Áhugasömum fjárfestum gefst kostur á að fá afhentar viðeigandi upplýsingar eftir að þeir hafa skilað inn undirritaðri trúnaðaryfirlýsingu auk annarra upplýsinga sem staðfesta að ofangreind skilyrði séu uppfyllt.

Óskað er eftir skuldbindandi tilboðum með sérstaklega tilgreindum fyrirvörum fyrir kl. 12:00, mánudaginn 21. maí 2012, byggt á þeim gögnum sem afhent verða. Seljandi mun velja hagstæðustu tilboðin að hans mati og verður fjárfestum sem skiluðu inn þeim tilboðum boðin þátttaka í öðru stigi söluferlisins.

Áhugasömum fjárfestum er bent á að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu Straums, www.straumur.com. Einnig er hægt að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Straums fjárfestingabanka hf. í síma 585 6600 eða með því að senda tölvupóst á netfangið plastprent@straumur.com.

Plastprent

Plastprent ehf. var stofnað árið 1957 og hefur frá þeim tíma verið brautryðjandi í framleiðslu áprentaðra plastumbúða. Í dag starfa um 75 manns hjá félaginu og felur starfsemi þess í sér filmugerð, klisjugerð, prentun, lamineringu, pokagerð, endurvinnslu hráefnis og innflutning. Höfuðstöðvar félagsins eru í dag í 6.200 fermetra húsnæði við Fosshála í Reykjavík, en auk þess er félagið með starfsstöð á Akureyri. Plastprent ehf. fór í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á árunum 2010 og 2011 sem er nú að fullu lokið.

STRAUMUR

FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS

Bækur ★★

Morðið á Bessastöðum
Stella Blómkvist

Mál og menning



Íslenskur Morgan Kane með píku

Það er vinsæll samkvæmisleikur að velta því fyrir sér hver Stella Blómkvist sé. Allt frá því að fyrsta bók höfundar kom út árið 1997. Strax fóru á flot ýmsar kenningar, en það er nokkuð afrek að tekist hafi að leyna sannleikanum í allan þennan tíma. Stella kom sem ferskur vindur inn í íslenska glæpasagnaheð, hún skrifar í fyrstu persónu um sjálfa sig, er töff og kúl, fær sitt alltaf fram, veður í frösum, þambar viský og leggur allar þær konur sem hún girnist. Og suma karla. Nokkurs konar Morgan Kane Íslands, nema Stella er sneggri með lagaklæki en skammbyssu.

Morðið á Bessastöðum er 7. bók Stellu. Sagan er innan sömu formúlu og hinar fyrri. Í heimi Stellu eru morð framin á þekktum opinberum stað, Bessastöðum nú, en áður Þingvöllum, Alþingishúsinu og Sjónvarpshúsinu, svo eitthvað sé nefnt, og Stella dregst inn í málið. Hún berst ein gegn kerfinu og hefur að sjálfsögðu sigur. Í nýju bókinni er eldra máli fléttað inn í, en því miður nær það litlu flugi. Ekki frekar en bókin sjálf.

Formúlubókmenntir eru oft hinar ágætustu, en galli þeirra er þó sá að þær eru einsleitar. Stella er hætt að vera ferskur vindur og orðin að stöðnu innilofti. Karakterinn er vægast sagt þreytandi, hún talar og hugsar í leiðigjörnum frösum sem líklega eiga að vera töff; skjalataska verður stressa, lögreglumenn prúðupiltar og svartfuglar, karlmenn folar og Jack Daniels Nonni Daníels. Þetta var smá krútt í upphafi, en er nú farið að hljóma eins og þegar miðaldra fólk reynir að tala unglingamál, bara vandræðalegt.

Þá er mamma kapítuli út af fyrir sig. Fjölmörgum köflum bókarinnar lýkur með tilvitnunum í mömmu, sem virðist hafa verið leiðinlegasti rasssvasaheimspekingur sögunnar. „Hunangsilmur ástarinnar er sjálfsblekking" „Illur grunur er lostæti andskotans" Kvenleg eðlisávísun er reykskynjari sálarinnar". Allt þetta sagði mamma, sem virðist hafa verið nokkurs konar páskaeggjamálsháttasjálfsali og er jafn leiðinleg og slíkur.

Þá er galli við Morðið á Bessastöðum að í hana vantar alla spennu. Það er leitt að spennan um hver Stella Blómkvist er sé orðin meiri en spennan í sögunum hennar. Morgan Kane var ágætur í fyrstu 20 bókunum, en svo varð töffarahátturinn vandræðalegur. Eins er með Stellu. Því miður, hún var einu sinni ágæt.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

Niðurstaða: Leikur með formúlu sem ekki er lengur ferskur og skemmtilegur heldur einungis höfundi til skemmtunar.

Jóel Pálsson á Kex

Kvartett Jóels Pálssonar saxófónleikara kemur fram á djasstónleikaröð á KEX Hosteli, Skúlagötu 28, þriðjudaginn 1. maí. Með honum leika þeir Eyþór Gunnarsson á píanó, Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa og Matthías Hemstock á trommur.

Kvartettinn flytur djassstandarda og frumsamið efni. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og standa í um tvær klukkustundir með hléi. Aðgangur er ókeypis.

JÓEL PÁLSSON Flytur ásamt félögum sínum djassstandarda og frumsamið efni á hljómleikum annað kvöld.

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

LAMBALÆRI í tilefni dagsins!

1498 kr. kg

Lambalæri. Þú velur: ókryddað eða New York, hvítlauks og rósmarín marinerað

20% afsláttur

112 kr. kg

Verð áður ~~140~~ kr. kg

Bökunarkartöflur í lausu

Krónu hangiálegg 2338 kr./kg

Goða skinka, 216 g 398 kr./pk.

785 kr. pk.

Krónan sneiddur Gouda, 500 g

219 kr. pk.

Krónubrauð, stórt og gróft

399 kr. stk.

Happy Day ávaxtasafi, 3 teg., 2 l

158 kr. stk.

Skyr.is drykkur, 2 teg.

369 kr. pk.

FP eldhúsrúllur, 4 stk. í pk.

499 kr. pk.

Palmolive handsápa, 4 tegundir, 2x300 ml

Krónan Árbæ | Krónan Bíldsöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
A 5%



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
THE AVENGERS 3D	7 og 10-POWER
21 JUMP STREET	5.45 og 8
AMERICAN PIE: REUNION	10.20
HUNGER GAMES	7 og 10

SAMBÍÓIN SAMbio.is

ÁLFABAKKA		
THE AVENGERS	KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50	3D 10
THE AVENGERS VIP	KL. 5 - 8 - 10:50	2D VIP
THE AVENGERS	KL. 5 - 10:20	2D 10
CABIN IN THE WOODS	KL. 5:50 - 8 - 10:20	2D 16
BATTLESHIP	KL. 5:20 - 8 - 10:40	2D 12
AMERICAN PIE	KL. 8	2D 12
FJÖRFISKARNIR ÍSL TALI	KL. 5	2D L

AKUREYRI		
THE AVENGERS (3D)	KL. 5 - 8 - 10:50	3D 10
GONE	KL. 8	2D 12
WRATH OF THE TITANS	KL. 5:40 - 10:10	2D 12

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

EGILSHÖLL		
THE AVENGERS	KL. 5 - 7 - 8 - 10 - 11	3D 10
THE AVENGERS	KL. 6	2D 10
BATTLESHIP	KL. 8 - 10:50	2D 12
TITANIC ÓTEXTUÐ	KL. 9	3D L
COLD LIGHT OF DAY	KL. 5:50	2D 12

KRINGLUNNI		
AVENGERS	KL. 5 - 8 - 9 - 10:50	3D 10
THE AVENGERS	KL. 6	2D 10
CABIN IN THE WOODS	KL. 10:10	2D 16
COLD LIGHT OF DAY	KL. 6 - 8	2D 14

KEFLAVÍK		
THE AVENGERS	KL. 8 - 10:50	3D 10
GONE	KL. 8	2D 12
SVARTUR Á LEIK	KL. 10	2D 16

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
midi.is



SMÁRABÍÓ	GLERAUGU SELD SÉR	A 5%	
MAN.CITY – MAN. UTD 3D	KL. 6.45		L
THE AVENGERS	KL. 8 - 10 - 11		10
THE AVENGERS LÚXUS	KL. 5 - 8 - 11		10
21 JUMP STREET	KL. 5.30 - 8 - 10.30		14
MIRROR MIRROR	KL. 3.20 - 5.40		L
AMERICAN REUNION	KL. 8		12
LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D	KL. 3.30		L
HUNGER GAMES	KL. 5		12
SVARTUR Á LEIK	KL. 10.30		16

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS	A 5%	
GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI	KL. 5.45 - 8 - 10.15		10
21 JUMP STREET	KL. 8 - 10.30		14
MIRROR MIRROR	KL. 5.40		L
IRON SKY	KL. 10.30		12
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ	KL. 5.15		10
HUNGER GAMES	KL. 9		12
SVARTUR Á LEIK	KL. 5.30 - 8		16

BORGARBÍÓ	NÁNAR Á MIDI.IS
21 JUMP STREET KL. 8 - 10.10 14 / BATTLESHIP KL. 10.10 12	
AMERICAN PIE KL. 6 - 8 12 / MIRROR MIRROR KL. 6 L	

FJÖR Á FRUMSÝNINGU

FLOTT Rúnar Gunnlaugsson og Helena Rúnarsdóttir brostu í myndavélina.

GÓÐIR GESTIR Vinkonurnar Elín Edda, Rakel og Guðrún voru spenntar yfir leikritinu.

Leikritið Svar við bréfi Helgu var frumsýnt með pompi og prakt í Borgarleikhúsinu á föstudagskvöldið. Leikritið er gert eftir samnefndri skáldsögu Bergsveins Birgissonar sem var ein vinsælasta bók ársins 2010. Það er Kristín Eysteinsdóttir sem leikstýrir verkinu en Ólafur Egill Egilsson sá um leikgerðina. Leikararnir Ilmur Kristjánsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson fara með aðalhlutverkin. Það var ekki annað að sjá en að frumsýningargestir væru glaðir á leið sinni inn í salinn en þar mátti meðal annars sjá Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóra, Geir H. Haarde fyrrum ráðherra og eiginkonu hans Ingu Jónu Þórðardóttur.

HRESS Þau Inga Jóna Þórðardóttir og Geir H. Haarde sjást hér heilsa leikhússtjóranum Magnúsi Geir Þórðarsyni á leið sinni inn í sal.

GÓÐ Þau Valgerður Stefánsdóttir, Sigurður Valgeirsson og Magnús Geir Þórðarson stilltu sé upp fyrir ljósmyndarann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HLÆJANDI Þeir Kjartan Ragnarsson og Theodór Júlíusson slógu á létta strengi.

GAMAN Kristín Katrín Guðmundsdóttir og Ingimar Örn Erlingsson.

Finnst Lohan hæfileikarík

Gamanleikkonan Rosie O'Donnell gagnrýndi nýverið valið á Lindsay Lohan í hlutverk Elizabeth Taylor og taldi að leikkonan unga væri ekki í ástandi til að vinna. Lohan var fljót að svara og nú hefur O'Donnell útskýrt ummæli sín frekar.

„Þegar ég horfði á jarðaför Whitney Houston hugsaði ég um hvað það væri einkennilegt að enginn hefði sagt nokkuð um það sem allir vissu. Þegar maður horfði á þáttinn Being Bobby Brown var augljóst að þetta fólk átti við fíkniefnavanda að stríða, en öllum virtist sama svo lengi sem þátturinn fengi áhorf. Nú, þegar ég hugsa um Lohan, get ég ekki annað en fundið til með henni. Hún er hæfileikarík, mjög hæfileikarík," sagði O'Donnell um fyrri ummæli sín í sjónvarpsþættinum Today.

Lohan hafði áður brugðist ókvæða við og sagt skrítið að O'Donnell gæti haft svo sterka skoðun á einhverjum sem hún þekkti ekki. „Hún ætti að mynda skoðun sína á fólki eftir að hún kynnist því."

REYNIR AÐ NÁ SÁTTUM Rosie O'Donnell útskýrir ummæli sem hún lét falla um Lindsay Lohan í von um að ná sáttum. NORDICPHOTOS/GETTY

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MÁNUDAGUR: JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ **LÓNBÚINN** 18:00, 19:00, 20:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 22:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:00 ■ CARNAGE 20:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



Fagnaði með handspritti

Leikarinn John Cusack var gestur í spjallþætti grínistans Jimmy Kimmel í vikunni og ræddi þar á meðal stjörnuna sem hann hafði hlotið í The Hollywood Walk of Fame fyrr um daginn. Til að fagna þessum áfanga drukku þeir félagar sopa af handspritti, en slíkt hefur verið vinsælt meðal bandarískra ungmenna undanfarið.

Áður en Cusack gekk á svið hafði Kimmel fjallað um þennan stórhættulega drykk sem unglingar gerðu úr handspritti. Cusack stakk upp á því að þeir félagar fengju sér skot af spritti til að fagna stjörnunni, sem

FAGNAÐI MEÐ KIMMEL Leikarinn John Cusack fagnaði stjörnunni með stórundarlegum hætti. Hann drakk spritt með Jimmy Kimmel. NORDICPHOTOS/GETTY

þeir gerðu þrátt fyrir viðvaranir áhorfenda. Af svip þeirra að dæma var drykkurinn þó allt annað en bragðgóður.

Hættir ekki djamminu

Tara Reid er orðin þekktari fyrir skemmtanalíf sitt en leikhæfileika og segir hún það hafa slæmar afleiðingar fyrir vinnu sína.

„Auðvitað er mér ekki sama þegar fjallað er um skemmtanalíf mitt af því það hefur áhrif á það hvort ég fæ vinnutilboð. En ég ætla ekki að hætta því að fara út að skemmta mér bara af því að öðrum finnst eitthvað um það. Maður er mennskur og maður verður að fara út og borða," sagði leikkonan er hún var spurð út í umfjöllunina sem hún hefur fengið undanfarið.

HÆTTIR EKKI Tara Reid ætlar ekki að hætta að fara út á meðal fólks.

JARSE Finnska hljómsveitin Jarse spilar á Reykjavík Music Mess.

Music Mess í annað sinn

Tónlistarhátíðin Reykjavík Music Mess verður haldin í annað sinn helgina 25. til 27. maí á Faktorý Bar og Kex Hosteli. Meðal þeirra sem koma fram eru Benni Hemm Hemm, Snorri Helgason, Jarse frá Finnlandi, My Bubba & Mi frá Danmörku, Cheek Mountain Thief, Legend, Úlfur og fleiri. Hátíðin var haldin í fyrsta sinn síðasta vor og komu þá fram Deerhunter, Mugison, Lower Dens, Sin Fang og Nive Nielsen. Miðasala hefst 4. maí á Midi.is. Frítt verður inn á þá viðburði sem haldnir verða á Kex Hosteli.

VEIK Í 10 ÁR Sonia Rykiel segist hafa þjáðst af Parkinson-sjúkdómnum í 10 ár í nýrri bók sinni en hér er hún með dóttur sinni Nathalie Rykiel. NORDICPHOTOS/GETTY

Rykiel með Parkinson

Fatahönnuðurinn frægi Sonia Rykiel þjáðist af sjúkdómnum Parkinson. Þetta kemur fram í bók hönnuðarins, Oubliez Pas Que Je Joue eða Ekki gleyma að þetta er leikur, þar sem Rykiel talar í fyrsta sinn um sjúkdóminn sem hefur plagað hana í meira en tíu ár.

Rykiel er orðin 81 árs gömul og hefur dóttir hennar Nathalie tekið við keflinu hjá Rykiel tískuhúsinu. „Ég vil ekki sýna að ég þjáist, ég reyndi að berjast og reyndi að verða ósýnileg. Ég lét eins og ekkert væri en það var ómögulegt og alls ekki líkt mér."

Sonia Rykiel er best þekkt fyrir eldrautt krullað hár sitt og litaglaðar prjónaflíkur. Hún gerði meðal annars vinsæla línu fyrir sænsku verslanakeðjuna Hennes&Mauritz.

KRÓNUTILBOÐ

FLUGFELAG.IS | 75 ÁR Á FLUGI

Aldeilis ÓDÝRT!

PANTAÐU Í DAG, EKKI Á MORGUN, JÁ Í DAG!

1 króna fyrir barnið aðra leiðina + 1.400 kr. (flugvallarskattar)
1.–15. maí 2012

Þetta einstaka tilboðsfargjald
- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- bókunartímabilið hefst 30. apríl 2012

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA SÍA.IS FLU 59552 04/12

AFTURELDING tryggði sér í gærkvöldi áframhaldandi sæti í efstu deild karla í handbolta með fimm marka sigri í öðrum leik liðsins gegn Stjörnunni í Garðabæ, 32-27. Stjarnan verður hins vegar að sætta sig við það að leika í næstefstu deild fjórða árið í röð.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

Grindavík-Þór Þorlákshöfn 91-98 (44-49)

Grindavík: Giordan Watson 23/5 fráköst/8 stoðsendingar, Þorleifur Ólafsson 15/5 fráköst/5 stoðsendingar, J'Nathan Bullock 13/7 fráköst, Jóhann Árni Ólafsson 12/5 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 10/4 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8/8 fráköst, Ryan Pettinella 7/6 fráköst, Björn Steinar Brynjólfsson 3.

Þór Þorlákshöfn: Darrin Govens 30/8 fráköst/11 stoðsendingar, Joseph Henley 19/11 fráköst, Blagoj Janev 19/5 fráköst, Guðmundur Jónsson 11/7 fráköst, Darri Hilmarsson 9, Grétar Ingi Erlendsson 6/4 fráköst, Baldur Þór Ragnarsson 4/5 fráköst.

Grindavík leiðir í einvíginu 2-1. Liðin mætast fjórða sinni í Þorlákshöfn á miðvikudagskvöld.

Enska úrvalsdeildin

Tottenham - Blackburn 2-0
1-0 Rafael van der Vaart (22.), 2-0 Kyle Walker (75.)

Chelsea - QPR 6-1
1-0 Daniel Sturridge (1.), 2-0 John Terry (13.), 3-0 Fernando Torres (19.), 4-0 Fernando Torres (25.), 5-0 Fernando Torres (64.), 6-0 Florent Malouda (84.), 6-1 Djibril Cisse (84.)

Wigan - Newcastle 4-0
1-0 Victor Moses (13.), 2-0 Victor Moses (15.), 3-0 Shaun Maloney (36.), 4-0 Franco Di Santo (45.)

Swansea - Wolves 4-4
1-0 Andrea Orlandi (1.), 2-0 Joe Allen (3.), 3-0 Nathan Dyer (15.), 3-1 Steven Fletcher (28.), 4-1 Danny Graham (31.), 4-2 Matthew Jarvis (33.), 4-3 David Edwards (43.), 4-4 Matthew Jarvis (69.)

Stoke - Arsenal 1-1
1-0 Peter Crouch (10.), 1-1 Robin van Persie (15.)

Everton - Fulham 4-0
1-0 Nikica Jelavic (6.), 2-0 Marouane Fellaini (16.), 3-0 Nikica Jelavic (40.), 4-0 Tim Cahill (61.)

West Brom - Aston Villa 0-0

STAÐAN Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI

Man.Utd.	**35**	**26**	**5**	**4**	**54**	**83**
Man.City	35	25	5	5	60	80
Arsenal	**36**	**20**	**6**	**10**	**24**	**66**
Tottenham	35	18	8	9	20	62
Newcastle	**35**	**18**	**8**	**9**	**7**	**62**
Chelsea	35	17	10	8	23	61
Everton	**35**	**14**	**9**	**12**	**8**	**51**
Liverpool	35	13	10	12	6	49
Fulham	**35**	**12**	**10**	**13**	**-3**	**46**
W.B.A.	36	13	7	16	-6	46
Sunderland	**36**	**11**	**12**	**13**	**1**	**45**
Swansea	36	11	11	14	-6	44
Norwich	**36**	**11**	**10**	**15**	**-16**	**43**
Stoke	35	11	10	14	-16	43
Aston Villa	**36**	**7**	**16**	**13**	**-14**	**37**
Wigan	36	9	10	17	-22	37
Q.P.R.	**36**	**9**	**7**	**20**	**-23**	**34**
Bolton	35	10	4	21	-28	34
Blackburn	**36**	**8**	**7**	**21**	**-28**	**31**
Wolves	36	5	9	22	-41	24

Markahæstu leikmenn deildarinnar

1. Robin van Persie	28 mörk
2. Wayne Rooney	26 mörk
3. Sergio Aguero	22 mörk

Leikir sem Manchester-liðin eiga eftir:

Manchester City
Newcastle (úti), QPR (heima)

Manchester United
Swansea (heima), Sunderland (úti)

Þórsarar héldu sér á lífi í Röstinni

Grindvíkingum tókst ekki að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik karla í gær þegar Þórsarar komu í heimsókn. Gestirnir úr Þorlákshöfn, með bakið upp að vegg, unnu sanngjarnan sigur.

KÖRFUBOLTI Leikurinn var jafn nánast allan tímann en gestirnir frá Þorlákshöfn náðu yfirhöndinni í fjórða leikhlutanum. Frábært fyrir körfuboltann á Íslandi en Þór Þorlákshöfn getur með sigri á miðvikudaginn náð fram oddaleik í einvíginu.

„Við komum bara ekki tilbúnir í leikinn og spiluðum einfaldlega illa," sagði Þorleifur Ólafsson, leikmaður Grindavíkur, eftir tapið í gær.

„Stress gæti hafa leikið stórt hlutverk í kvöld. Ég taldi sjálfan mig vera tilbúinn fyrir leikinn en var langt frá því að vera nægilega góður. Það er rosalega erfitt að bæta einhverju við leik okkar þegar komið er svona langt í mótið en við verðum bara að mæta tilbúnir í næsta leik á Þorlákshöfn."

„Það voru ansi margir búnir að afskrifa okkur eftir síðasta leik og kannski eðlilega en í kvöld kom allt annað lið til leiks," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þór frá Þorlákshöfn, eftir sigurinn í gær.

„Við náðum fráköstum í kvöld og framkvæmdum hlutina tölurvert betur en síðast, mikill munur á liðinu milli leikja. Okkur langaði meira í sigurinn í kvöld, menn bara stigu upp og sýndu úr hverju þeir eru gerðir. Kanarnir okkar voru einnig frábærir og við þurfum svo sannarlega á þeim að halda í þessu einvígi. Þessi sigur gefur okkur voðalega lítið ef við mætum ekki dýrvitlausir í næsta leik og jöfnum þetta einvígi, en það er markmiðið. Við ætlum okkur að koma aftur hingað í oddaleik." **- sáp**

MARKMIÐINU NÁÐ Græni drekinn, stuðningsmannasveit Þórsara, naut stuðnings Matthew Hairston í Grindavík í gær. Hairston fór á kostum með Þór í vetur en varð frá að hverfa vegna meiðsla í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Manchester City getur stigið risaskref í átt að fyrsta Englandsmeistartitli félagsins í 44 ár með sigri í kvöld:

Englandsmeistaratitill í húfi í Manchester

FÓTBOLTI „Þetta er stærsti Manchester-slagur allra tíma," segir Sir Alex Ferguson knattspyrnustjóri um viðureign Manchester-liðanna í kvöld. Mikilvægi leiksins er öllum ljóst. Sigurliðið kemst í forystusæti deildarinnar þegar aðeins tvær umferðir lifa af mótinu. United myndi sætta sig við jafntefli en City þarf að sækja til sigurs.

Stelur Tevez sviðsljósinu?

Athygli margra mun beinast að Argentínumanninum Carlos Tevez sem mætir sínum gömlu félögum. Allt leit út fyrir að Tevez hefði spilað sinn síðasta leik fyrir City. Hann sneri nýverið aftur úr sex mánaða útlegð og hefur skorað fjögur mörk í sjö leikjum. Það kæmi fáum á óvart ef hann stæli sviðsljósinu á einn eða annan hátt. Fáir kunna betur að koma sér á forsíður dagblaðanna en Argentínumaðurinn óþekki.

FER SÍNAR EIGIN LEIÐIR Carlos Tevez hefur brennt ansi margar brýr að baki sér í gegnum tíðina. Hann gæti þó reynst City happafengur eins og svo oft áður í stóru leikjunum. MYND/GETTY IMAGES

Öll stærstu nöfnin með

Ferguson segist glíma við það lúxusvandamál að nánast allir leikmenn liðsins séu heilir. Ljóst er að Wayne Rooney mun leiða framlínu United en hvort Ferguson þétti miðjuna eða stilli Danny Welbeck upp við hlið hans á eftir að koma í ljós.

Sergio Aguero hefur verið sjóðandi heitur að undanförnu og verður vafalítið í byrjunarliðinu. Mario Balotelli snýr aftur úr leikbanni og Roberto Mancini þarf að velja á milli hans, Carlos Tevez og Edin Dzeko sem skoraði þrennu í viðureign liðanna í haust. Þá vann City ótrúlegan 6-1 sigur á Old Trafford en heimamenn misstu mann af velli sem er ekki óalgeng sjón í leikjum Manchester-liðanna.

Leikur Manchester-liðanna á Etihad-leikvanginum hefst klukkan 19 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2. **-ktd**

Baráttan um fjórða sætið harðnaði um helgina:

Torres með þrennu

FÓTBOLTI Tottenham tyllti sér í fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar með þægilegum 2-0 sigri á Blackburn í gær. Chelsea andar þó ofan í hálsmál granna sinna með einu stigi minna og betri markatölu eftir fimm marka sigur á QPR.

Fernando Torres skoraði þrennu í 6-1 sigri á Brúnni í gær. Torres, sem setið hefur undir mikilli gagnrýni síðan hann var keyptur frá Liverpool á 50 milljónir punda fyrir rúmum 15 mánuðum, virðist vera að rétta úr kútnum. Tímasetningin gæti ekki verið betri enda bikarúrslitaleikur við Liverpool á dagskrá um næstu helgi.

Wigan fór illa með Newcastle 4-0 og fullkomnaði frábæran aprílmánuð. Arsenal og Manchester United fengu einnig að kenna á því gegn botnbaráttuliðinu sem virðist ætla að takast að bjarga sér frá falli enn eitt árið. Newcastle missti fjórða sætið í hendur Tottenham á markatölu.

Luis Suarez var maður laugardagsins en hann skoraði þrjú glæsileg mörk sem tryggðu Liverpool útisigur á Norwich.

Gylfi Þór Sigurðsson átti fínan leik með Swansea sem gerði 4-4 jafntefli gegn Wolves. Gylfi lagði meðal annars upp mark og átti stangarskot. **-ktd**

DAGSVERKINU LOKIÐ Torres fékk leikboltann til eignar.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Opið í dag 30.apríl frá kl. 11:00 til 18:30

Birgjum okkur upp í **Bónus í dag.**
Lokað í öllum verslunum Bónus á
morgun þriðjudaginn **1. maí**
á frídegi verkafólks. *Starfsfólk Bónus*

LOKAÐ

Á MORGUN ÞRIÐJUDAGINN

1.MAÍ

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

ÓSIGRANDI Aron og félagar í Kiel hafa einnig unnið alla leiki sína í þýsku deildinni í vetur. MYND/BONGARTS

Evrópumeisturunum rutt úr vegi

Íslendingaliðið AG Kaupmannahöfn er komið í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu í handbolta. AG tapaði síðari leiknum gegn Barcelona á Spáni með þremur mörkum en vann þann fyrri með sex og fer áfram með þriggja marka sigur samanlagt. Frábært afrek hjá liðinu á fyrsta tímabili þess í Meistaradeildinni.

HANDBOLTI „Stemningin var svakaleg og afrek okkar er mikið," sagði Arnór Atlason fyrirliði Kaupmannahafnarliðsins í samtali við Fréttablaðið í gær. Arnór, sem skoraði þrjú mörk í leiknum, sagði góðan sóknarleik hafa lagt grunninn að sigrinum.

„Aðalmarkmiðið var að hleypa þeim ekki í hraðaupphlaup og það tókst. Við spiluðum frábæran sóknarleik sem gerði það að verkum að þeir komust aldrei á neitt flug. Að skora 33 mörk á útivelli gegn Barcelona er magnað," sagði Arnór.

Barcelona átti titil að verja en félagið hefur verið í fremstu röð í alþjóðahandbolta í lengri tíma. Liðið hefur átta sinnum unnið Meistaradeildina og leikið til úrslita síðustu tvö ár. Því var ekkert óeðlilegt að flestir reiknuðu með að liðið færi áfram þrátt fyrir sex marka tap í fyrri leiknum í Kaupmannahöfn.

STÓRT FRAMLAG ÍSLENDINGANNA Íslensku leikmennirnir skoruðu 22 af 33 mörkum Kaupmannahafnarliðsins. Þá komu sex síðustu mörkin, þegar pressan var mikil á danska liðinu, úr smiðju Íslendinganna. Auk framlags Guðjóns Vals og Ólafs skoraði Snorri Steinn Guðjónsson fjögur mörk og Arnór þrjú. MYND/SPORT.DK

Ósjálfrátt reynt að verja forskotið

Kaupmannahafnarliðið fór með sex marka forskot inn í leikinn á Spáni sem fljótlega varð að sjö marka forskoti þegar ljóst var að AG myndi skora fleiri mörk á útivelli en Barcelona gerði. Þegar tæpur stundarfjórðungur lifði leiks höfðu Danirnir 25-27 forskot en á augabragði voru Spánverjarnir komnir fimm mörkum yfir 30-27 og útlitið svart. Þá tók Magnus Anderson, þjálfari AG, leikhlé og minnti leikmenn sína á upphaflega markiðið. Að vinna leikinn.

„Þegar stundarfjórðungur er eftir og forystan orðin níu mörk þá fer maður ósjálfrátt í að reyna að verja forskotið," sagði Arnór. Liðin skoruðu sex mörk hvort það sem eftir lifði leiks og þriggja marka tapi tóku gestirnir fagnandi.

Svakaleg stemning

Heimamenn nutu stuðnings rúmlega 5.000 áhorfenda en athygli vakti hversu mikið leikmenn Barcelona lögðu upp úr því að fá áhorfendur á sitt band.

„Þeir þurftu á einhverju aukalega að halda og nýttu hvert einasta tækifæri til að skapa stemningu og kveikja í leiknum," sagði Arnór sem hefur spilað marga stórleiki með íslenska landsliðinu. Leikir með félagsliðum eru þó öðruvísi.

„Ég hef persónulega ekki spilað mikilvægari leik með félagsliði. Þetta er risaskref í því að gera AG að virtu félagi í handboltaheiminum," sagði Arnór.

Fáir standa Ólafi snúning

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði átta mörk og Ólafur Stefánsson sjö en landsliðsfyrirliðinn hefur mikla reynslu úr stórleikjum sem þessum. Þjálfari AG líkti Ólafi við rauðvín sem verður aðeins betra með aldrinum en Ólafur verður 39 ára í júlí.

„Óli hefur unnið Meistaradeildina fjórum sinnum og sex sinnum leikið í undanúrslitum. Hann átti frábæran leik í gær eins og Guðjón Valur og fáir standast honum snúning. Það er bara heiður að spila í liði með svona leikmönnum og um að gera að njóta þess. Það eru tveir titlar í boði í maímánuði sem við ætlum að vinna," sagði Arnór.

Öllum er ljóst að afrek AG er mikið og Arnór tekur undir það.

„Að slá Evrópumeistarana út á okkar fyrsta ári í Meistaradeildinni er frábært og við hlökkum til framhaldsins," sagði Arnór.

Afrekum AG engin takmörk sett

Undanúrslitin og úrslitin verða spiluð helgina 26.-27. maí í Köln í Þýskalandi þar sem Arnór reiknar með góðum stuðningi.

„Félagið er orðið risastórt, það voru 250 stuðningsmenn með okkur í Barcelona og við eigum orðið góðan fjölda af stuðningsmönnum. Ég reikna ekki með öðru en að það fari fullt af Dönum með okkur til Kölnar," sagði Arnór og markmiðið er ljóst.

„Það er klárt að við ætlum ekki til Kölnar með það hugarfar að það sé æðislegt að vera komnir í undanúrslitin. Við viljum meina að það séu engin takmörk fyrir því hvað við getum afrekað."

kolbeinntumi@365.is

Füchse og Kiel í undanúrslit:

Füchse tókst hið ómögulega

HANDBOLTI Füchse Berlin vann ævintýralegan ellefu marka sigur 29-18 í síðari viðureign sinni gegn Ademar Leon og tryggði sér sæti í undanúrslitunum. Füchse tapaði fyrri leiknum með ellefu mörkum en fer áfram á fleiri mörkum skoruðum á útivelli.

Lærisveinar Dags Sigurðssonar komu gestunum frá Spáni í opna skjöldu með því að spila á sjö sóknarmönnum framan af leik á meðan markvörðurinn sat á bekknum. Gestirnir skoruðu aðeins sex mörk í fyrri hálfleik á meðan heimamenn juku smám saman forskot sitt.

Silvio Heinevetter lokaði marki Berlínarliðsins og Alexander Petersson dró vagninn í sóknarinni og skoraði níu mörk. Hreint ótrúlegur viðsnúningur í tveimur leikjum.

Kiel á kunnulegum stað

Aron Pálmarsson skoraði 3 mörk fyrir Kiel sem vann 33-27 sigur á Croatia Zagreb í síðari viðureign liðanna í Þýskalandi. Fyrri leik liðanna í Þýskalandi lauk með jafntefli.

Liðsmenn Alfreðs Gíslasonar hjá Kiel eru margreyndir í keppni þeirra bestu en liðið varð Evrópumeistari árið 2007 og 2010. Árin á milli hafnaði liðið í öðru sæti.

Dregið verður í undanúrslit keppninnar á miðvikudaginn. **-ktd**

ÓSIGRANDI Aron og félagar í Kiel hafa einnig unnið alla leiki sína í þýsku deildinni í vetur. MYND/BONGARTS

Ólympíudraumur skylmingakonunnar Þorbjargar Ágústsdóttur rættist ekki á úrtökumótinu í Slóvakíu:

Þorbjörg búin að gráta úr sér augun

SKYLMINGAR „Ég er alveg tóm og í lausu lofti, búin að gráta úr mér augun enda vonbrigðin og spennufallið mikið. Ég er alveg ónýt," segir skylmingakonan Þorbjörg Ágústsdóttir en draumur hennar um sæti á Ólympíuleikunum í Lundúnum er úr sögunni.

Þorbjörg keppti á úrtökumóti í Slóvakíu um síðustu helgi sem var hennar möguleiki á sæti á Ólympíuleikunum.

„Það var ekkert annað tækifæri. Það er gríðarlega erfitt að tryggja sér sæti í skylmingakeppni leikanna. Aðeins 30 konur í öllum heiminum komast í höggsverðskeppnina," segir Þorbjörg sem segir hlutina ekki hafa gengið upp hjá sér í Slóvakíu.

Þorbjörg vann einn af fimm bardögum sínum og komst ekki í útsláttarkeppnina. Fjögur efstu sætin á mótinu gáfu sæti á Ólympíuleikunum.

„Ég hefði þurft að vinna tvo bardaga með góðum stigamun til þess að komast í útsláttinn. Þar hefði ég þurft að leggja tvo andstæðinga að velli til að tryggja mér sæti," segir Þorbjörg.

Skylmingakonan var aldrei þessu vant sofandi þegar undirritaður sló á þráðinn til hennar á ellefta tímanum á laugardagsmorgun.

Að öllu eðlilegu hefði Þorbjörg verið á æfingu á laugardaginn en sverðið hefur fengið að liggja á hillunni síðastliðna viku.

„Það er erfitt að halda áfram því vonbrigðin eru svo mikil. Hver íþróttamaður á sinn Ólympíudraum og ég hef stefnt að þessu lengi. Við þjálfarinn minn höfum lagt allt undir," segir Þorbjörg.

MIKIL VONBRIGÐI EN ENGIN UPPGJÖF Þorbjörg tók viku í að jafna sig á þeim vonbrigðum að Ólympíudraumurinn væri úti. Nú heldur ballið áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Engin uppgjöf

Þorbjörg hefur æfingar að nýju í dag en framundan eru stór verkefni hér á landi. Fyrst Norðurlandamótið í lok maí og svo árlegt B-heimsbikarmót í skylmingum helgina á eftir. Þorbjörg hefur sjö sinnum orðið Norðurlandameistari og einnig verið sigursæl á heimsbikarmótinu.

„Ég lenti reyndar í öðru sæti á síðasta ári en argentínsk stelpa sem sigraði tryggði sér um leið sæti á Ólympíuleikunum," segir Þorbjörg. Sú staðreynd gefur til kynna hve miklu auðveldara er fyrir skylmingafólk í Ameríku að tryggja sér sæti á Ólympíuleikunum en Evrópubúa.

„Skylmingahefðin er langmest í Evrópu og af þeim sökum er langerfiðast fyrir Evrópubúa að tryggja sér sæti í Lundúnum," segir Þorbjörg sem er þó hvergi bangin.

Auk fyrrgreindra móta keppir hún á Evrópumótinu í júlí og vill koma á framfæri miklu þakklæti til allra þeirra sem hafa stutt við bakið á henni. **-ktd**

SPORT
besta sætið

ÚRSLITA LEIKURINN

Vinsælustu íþróttir í heimi • sérútgáfa • maí 2012

Stöð 2 Sport og fylgistöðvar
216 KR.
Á DAG
KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS



EINN MEST SPENNANDI LEIKUR SÍÐARI TÍMA!

MAN. CITY

MAN. UTD.

Í KVÖLD

Mancini er staðráðinn í að koma City á spjöld sögunnar en er 20. Englands-meistaratitill United handan við hornið?

Síminn ICELANDAIR 1011 ...opið í 20 ár OPIN KERFI

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT 2 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Stöð 2 Sport 2 kl. 18.45**

Man. City - Man. Utd.

Bein útsending frá leik Manchester City og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er stærsti leikur tímabilsins og getur ráðið úrslitum um hvort liðið stendur uppi sem Englandsmeistari. United er með þriggja stiga forskot á toppnum en ef City sigrar eru liðin jöfn að stigum og City með betra markahlutfall þegar aðeins tvær umferðir eru eftir.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON ER SKOTIN

Krúttið sem leyndi á sér

Fyrir ekki svo löngu síðan eignaðist ég nýjan uppáhaldssjónvarpsþátt. Þetta var ekki ólíkt því að verða skotin í strák, eitthvað við þáttinn heillaði mig í fyrstu og svo jókst hrifningin við nánari kynni og nú er ég kollfallin. Og nafnið á þessum þætti? Hann heitir QI og er sýndur á BBC.

Það besta við þáttinn er breska fyndnin, það næst besta við þáttinn er grínistinn Alan Davies sem er bæði krúttlegur og hnyttinn.

Alan þessi er með feimnislegt bros, mikið krullað hár og svolítið smámæltur. Sem sagt; rosalegt krútt. Eða hvað?

Á fimmtudaginn í síðustu viku las ég um atvik sem átti sér stað árið 2007, en þá beit krúttið Alan eyrað af róna. Þegar Alan var spurður út í atvikið nokkrum árum síðar svaraði hann (smámæltur): „Hann var ekki róni. Hann var brjálað og ógeðslegt fífl. Hann kallaði mig hálfvita nokkrum sinnum og ég réðst á hann með nokkuð skoplegum afleiðingum."

Alan er sumsé ekki eins mikið krútt og hann lítur út fyrir að vera, en það hefur engin áhrif á tilfinningar mínar í garð QI. Ég elska þáttinn ennþá.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Girni, grúsk og gloríur **23.20** Listræninginn **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

14.40 Silfur Egils (e)
16.05 Landinn
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Babar
17.45 Mollý í klípu (1:6) (Stikk!) Norsk þáttaröð. Mollý er 12 ára og er að flytja til nýrra fósturforeldra.
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 EM í knattspyrnu (7:9) Hitað upp fyrir keppnina sem fram fer í Úkraínu og Póllandi í sumar.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.05 Heimur orðanna – Hver erum við? (2:5) (Planet Word) Breski leikarinn Stephen Fry segir frá tungumálum heimsins, fjölbreytileika þeirra og töfrum.
21.10 Hefnd (17:22) (Revenge)
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Íslenski boltinn Sýnt frá leikjum karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
23.05 Trúður (7:10) (Klovn) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.30 Lærdómsríkt samband (An Education) Bresk verðlaunamynd um unglingsstúlku í London á sjöunda áratug síðustu aldar og breytingarnar sem verða á lífi hennar þegar hún kynnist glaumgosa sem er helmingi eldri en hún.
01.05 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Stuck On You
10.00 Not Easily Broken
12.00 Shark Bait
14.00 Stuck On You
16.00 Not Easily Broken
18.00 Shark Bait S
20.00 Gran Torino
22.00 Sicko
00.00 Looking for Kitty
02.00 Five Fingers
04.00 Sicko
06.00 Angels & Demons

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (60:175)
10.15 Chuck (3:24)
11.00 Gilmore Girls (13:22)
11.45 Falcon Crest (18:30)
12.35 Nágrannar
13.00 So You Think You Can Dance (9:23)
13.45 So You Think You Can Dance (10:23)
15.10 ET Weekend
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (19:23)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Malcolm In the Middle (21:22)
19.45 Better With You (17:22)
20.10 Smash (9:15)
20.55 Game of Thrones (5:10)
21.50 Silent Witness (1:12) Bresk sakamálasería af bestu gerð sem fjallar um liðsmenn réttarrannsóknardeildar lögreglunnar í London sem kölluð er til þegar morð hafa verið framin. Leo Dalton, Harry Cunningham og Nikki Alexander eru öll afar fær á sínu sviði og láta sönnunargögnin á líkinu leiða sig að sannleikanum. Hvert mál er sem þau fást við er rakið í tveimur þáttum.
22.45 Ronin Mynd um írskan lýðveldissinna sem ræður harðsvíraða málaliða til þess að hafa uppi á ferðatösku sem er í vörslu fyrrverandi KGB-njósnara.
00.45 Twin Peaks (17:22)
01.30 Better Of Ted (12:13)
01.55 How I Met Your Mother (3:24)
02.20 Two and a Half Men (9:24)
02.40 White Collar (8:16)
03.25 Burn Notice (15:20)
04.10 Bones (13:23)
04.55 Strangers With Candy

SPORT *besta sætið*

07.00 Iceland Express: Grindavík - Þór
15.40 NBA 2011/2012 - Playoff Games
17.30 Iceland Express: Grindavík - Þór
19.15 Spænski boltinn: Rayo - Barcelona
21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
21.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Bayern München
00.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Tottenham - Blackburn
12.50 Wigan - Newcastle
14.40 Norwich - Liverpool
16.30 Sunnudagsmessan
17.50 Premier League Review 2011/12
18.45 Man. City - Man. Utd. BEINT
21.00 Premier League Review 2011/12
22.00 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans.
22.30 Man. City - Man. Utd.

EXTRA

19.25 The Doctors (102:175)
20.10 60 mínútur
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 The Mentalist (18:24)
22.35 Homeland (8:13)
23.25 Boardwalk Empire (11:12)
00.15 Malcolm In the Middle (21:22)
00.40 Better With You (17:22)
01.05 60 mínútur
02.00 The Doctors (102:175)
02.40 Íslenski listinn
03.05 Sjáðu
03.30 Fréttir Stöðvar 2
04.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.50 Minute To Win It (e)
16.35 Once Upon A Time (17:22) (e)
17.25 Dr. Phil Bandarískur spjallþáttur með sálfræðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpssal.
18.10 Titanic - Blood & Steel (3:12) (e)
19.00 America's Funniest Home Videos (40:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
19.25 Rules of Engagement (14:26) (e)
19.45 Will & Grace (21:24) (e)
20.10 90210 (14:22) Holly og Naomi neyðast til að vinna saman svo Holly geti reynt að lappa upp á samband sitt og móður sinnar, sem er einnig yfirmaður Naomi. Greg vill að Silver flytji með honum til New York og Annie heyrir eitt og annað um kærustu Liams.
21.00 Hawaii Five-0 (13:22) Eftir að táningur er myrtur hefst viðtæk leit að leigumorðingjanum og þeim sem að baki honum standa.
21.50 CSI (17:22) Rannsóknardeildin er kölluð á vettvang glæps þar sem háskólanemi hefur verið myrtur.
22.40 Jimmy Kimmel Húmoristinn Jimmy Kimmel er einn vinsælasti spjallþáttakóngurinn vestanhafs. Jimmy lætur gamminn geysa og fær gesti sína til að taka þátt í ótrúlegustu uppákomum.
23.25 Law & Order (7:22) (e)
00.10 Californication (9:12) (e)
00.40 Hawaii Five-0 (13:22) (e)
01.30 Eureka (16:20) (e)
02.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.10** Zurich Classic 2012 (4:4) **12.10** Golfing World **13.00** Zurich Classic 2012 (4:4) **18.00** Golfing World **18.50** Zurich Classic 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Champions Tour - Highlights (7:25) **23.45** ESPN America

N4

18.00 Að norðan **18.30** Starfið með Sigga Gunnars

BBC entertainment

06.45 The Vicar of Dibley **08.05** The Inspector Lynley Mysteries **09.35** Deal or No Deal **10.10** EastEnders **10.40** Come Dine With Me **11.30** My Family **13.00** The Vicar of Dibley **14.25** QI **15.25** Top Gear **16.15** Shooting Stars **17.20** Come Dine With Me **18.10** QI **19.05** Top Gear **20.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.45** Peep Show **21.15** Live at the Apollo **22.00** Derren Brown: Trick or Treat **22.50** The Vicar of Dibley **00.15** Derren Brown: Trick or Treat **01.05** Top Gear **02.00** Michael McIntyre's Comedy Roadshow

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** 21 Søndag **10.50** OBS **11.30** Restaurant bag tremmer **12.05** Downton Abbey **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Postmand Per. Specialposttjenesten **14.35** Ni Hao, Kai-Lan **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bjørnefamilien **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.35** Kidnappet

NRK 1

06.30 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Norskekysten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Barn for enhver pris **18.40** Jan i naturen **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Borgen **20.30** Valdres Teens **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lewis **22.45** Nytt på nytt **23.15** Naturens mirakel-ungar **00.05** Once Upon a Time in Mexico **01.45** Nasjonalgalleriet **02.15** Norskekysten **05.00** Sommerfugler **05.50** Ut i naturen

SVT1

14.00 Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Engelska slott och herrgårdar **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Valborg **19.00** Inför Eurovision Song Contest 2012 **20.00** Hej litteraturen! **20.30** Friare kan ingen vara **21.00** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.10** Engelska slott och herrgårdar **22.10** Coacherna **22.40** The Big C **23.10** Rapport **23.15** Robins **23.45** Hundra procent bonde

iNN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu **20.30** Undraheimar Kenía **21.00** Frumkvöðlar **21.30** Eldhús meistaranna

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 100,5 Kaninn	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun

7000!
ÁNÆGÐIR
TÓNLEIKAGESTIR
FREDDIE
MERCURY
HEIÐURSTÓNLEIKAR
EYÞÓR INGI-EIRÍKUR HAUKSSON-MATTHÍAS MATTHÍASSON-FRIÐRIK ÓMAR-MAGNI-HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
ÁSAMT 12 MANNA HLJÓMSVEIT OG RADDSVEIT FLYTJA ÖLL BESTU LÖG FREDDIE MERCURY
"Það var alveg ótrúleg upplifun að sitja á báðum tónleikunum í Eldborg í gær! Þvílíkir listamenn sem við eigum. Takk fyrir mig!" Brynja Ólafsdóttir.
"Heiðurstónleikar um Freddie Mercury voru í alþjóðlegum klassa og tvímælalaust þeir flottustu sem íslenskir rokkarar hafa gert" Hemmi Gunn dagskrárgerðarmaður.
"Fór á Freddy Mercury tónleikana í gær í hörpunni.. Hugsanlega bestu tónleikar sem ég hef farið á um ævina... Shitt, ég er ennþá í sjokki!" Birgir Sævarsson.
"Frábærir tónleikar sem stóðust fyllilega væntingar mínar og meira til. Var á köflum orðlaus." Rúnar Róberts á Bylgjunni.
"Þetta voru magnaðir tónleikar og skemmtun sem að rennur mér seint úr minni. Takk fyrir mig!" Aileen Soffía Svensdóttir.
"Vaaaaááááá Freddy Mercury tónleikarnir í Hörpunni voru æææææææææææææðððði!!! Takk takk takk fyrir æðisgengna tónleika. Vá hvað Ísland á framúrskarandi tónlistarfólk :)" Ásthildur Björnsdóttir.
"Geggjaðir tónleikar!!! Skemmti mér fyrir allan peninginn og rúmlega það :D" Elín Þórðardóttir.
NÆSTU TÓNLEIKAR
01.09 HARPA-REYKJAVÍK
08.09 HOF - AKUREYRI
midi.is
MIÐASALA Á WWW.MIDI.IS
OG Á WWW.MENNINGARHUS.IS HEFST 2 MAÍ KL. 12:00
RIGG EVENTS
LJÓSMYND: BRAGI KORT

GOTT Á GRILLIÐ

„Ég hef grillað pizzu með aðstoð álpappírs og útkoman var hreint út sagt stórkostlegt.“

Arnar Eggert Thoroddsen, tónlistarspekingur Íslands.

Danir elska íslenska hönnun

Guðbjörg Heiða Sigurðardóttir rekur verslunina Dalíu í Kaupmannahöfn. Verslunin var opnuð í byrjun mars og selur meðal annars íslenska hönnun sem fellur vel í kramið hjá dönskum frændum okkar.

Guðbjörg Heiða hefur búið í Danmörku í rúm fimm ár og vann áður á skemmtistað og kaffihúsi þar sem hún lærði sitthvað um fyrirtækjarekstur. Hún kveðst alltaf hafa haft gaman af smádóti og hönnun og að það hafi lengi verið draumur hennar að opna litla verslun.

„Mamma átti blómabúðina Dalíu í Fákafeninu og búðin er eiginlega tileinkuð henni. Ég sel litríkar gjafavörur og annað smálegt inn á heimilið sem og íslenska hönnun og eigin hönnun sem nefnist Made by Dalía. Danir eru mjög hrifnir af öllu sem telst heimagert og lífrænt þannig að íslenska hönnunin hefur slegið í gegn,“ útskýrir Guðbjörg Heiða sem naut aðstoðar vina og vandamanna við að koma búðinni af stað. „Þetta var alls ekki erfitt með hjálp fjölskyldu og vina, en án þeirra hefði þetta aldrei verið hægt. Þau unnu með mér myrkranna á milli og það tók okkur ekki nema tvær vikur að koma búðinni í stand og opna hana.“

Verslunin stendur við Jægersborggade á Norðurbrú þar sem má einnig finna kaffihús, karamelluverksmiðju, litlar fataverslanir og bakarí. Guðbjörgu líkar lífið í Kaupmannahöfn vel og viðurkennir að hún verði æ danskari í sér með hverju árinu sem líður. „Því lengur sem maður býr hér því fastari verða ræturnar og maður verður mjög danskur í sér. En auðvitað er alltaf gott að komast heim til Íslands inn á milli.“ -sm

LÍKAR LÍFIÐ Í DANMÖRKU Guðbjörg Heiða Sigurðardóttir opnaði verslunina Dalíu í Kaupmannahöfn í mars. Hún selur meðal annars íslenska hönnun sem fellur vel í kramið hjá Dönum.

FARA TÓLF SAMAN Þær Steinunn, Lilja, Jóna, Sigrún, Elísabet, Auður, Dagrún, Auðna, Melkorka, Guðrún, Björk og Lóa ætla að dvelja í fátækrahverfunum við Nairobi í mánuð og vinna sjálfboðastarf.

STEINUNN HELGA SIGURÐARDÓTTIR: FÖRUM INN Í FÁTÆKUSTU HVERFIN

Tólf hjúkkunemar til Kenýa

„Við förum inn í fátækustu hverfin rétt fyrir utan höfuðborg Kenýa, Nairobi, og störfum með fólkinu þar,“ segir Steinunn Helga Sigurðardóttir hjúkrunarfræðinemi.

Tólf bekkjasystur af þriðja ári í hjúkrunarfræði í HÍ halda til Afríku til að vinna sjálfboðastarf. Stelpurnar halda út þann 12. maí næstkomandi og verða í tæpan mánuð. Þær fara utan á eigin vegum en vinna fyrir samtökin The Kenya Project og Advance Africa.

„Við ákváðum að skipta okkur í tvo hópa en verðum samt allar á svipuðu svæði og eigum eflaust eftir að hittast mikið,“ segir Steinunn. Hugmyndina fengu stelpurnar eftir að hópur hjúkrunarfræðinema fór út í sams konar verkefni í fyrra. „Þetta hljómaði svo spennandi hjá þeim og þær sögðust hafa lært svo mikið af þessu að við ákváðum að fara líka. Þar sem við erum að fara á sama stað og þær fóru á í fyrra vitum við líka nokkurn veginn út í hvað við erum að fara – höldum við,“ bætir hún við og hlær.

Meðal þess sem stelpurnar koma til með að gera verður að vinna á fæðingardeildum, sinna almennum hjúkrunarstörfum og heimsækja munaðarleysingjahæli og miðstöð þar sem HIV-smitaðar konur geta leitað sér leiðsagnar og stuðnings.

Stelpurnar sjá algjörlega um að fjármagna ferðina sjálfar. „Við leituðum að styrkjum en það gekk mjög illa svo við erum bara búnar að vera duglegar að selja klósettpappír. Auk þess héldum við bingó um daginn og það gekk rosalega vel, svo það munar um það,“ segir Steinunn og bætir við að ýmis fyrirtæki hafa veitt þeim stuðning með gjöfum fyrir þær að taka með sér út. „Smokkur.is gaf okkur til dæmis 1.200 smokka, Rekstrarvörur og Birgðastöð Landspítalans gáfu okkur alls kyns hjúkrunarvörur og A4 gaf okkur stílabækur og ritföng,“ segir hún.

Stelpurnar klára síðasta prófið rúmum sólarhring áður en þær leggja af stað til Kenýa og þurftu því að ganga frá flestu áður en þær lögðust í próflesturinn. „Allar sprautur, tryggingar og slíkt er komið á hreint og við nokkurn veginn tilbúnar að stíga um borð í flugvélina,“ segir Steinunn spennt.

tinnaros@frettabladid.is

Sækist ekki eftir frægð og frama

Tónlistarmaðurinn 7oi, sem heitir réttu nafni Jóhann Friðgeir Jóhannsson, er á leið í sína fyrstu tónleikaferð. Hún hefst í Póllandi í byrjun maí og spilar hann þar fimm sinnum á jafnmörgum dögum.

Aðspurður segist hann aldrei hafa sóst mikið eftir því að spila á tónleikum á fimmtán ára ferli sínum. „Kannski er þetta smávægileg feimni eða eitthvað þannig. Maður er vanur því að sitja einn fyrir framan tölvuna. Ég geri þetta mér til ánægju en ef öðrum finnst þetta skemmtilegt líka er það bara gaman,“ segir Jóhann, sem spilar lágstemmda tónlist með rafrænum áhrifum.

Hann vill því ekki meina að draumur sé að rætast með ferðinni til Póllands. „Ég er svo sem ekkert að sækjast eftir neinni frægð eða frama. Mér finnst bara gaman að lenda í ævintýri, það er aðalástæðan fyrir því að ég er til í þetta.“

Jóhann hefur gefið út sjö plötur á eigin vegum síðan 1999 og er með eina nýja í bígerð. Hann er menntað tónskáld og hefur samið efni fyrir Íslenska dansflokkinn í gegnum árin.

Skúli mennski spilar með honum í Póllandi og fljúga þeir saman á vegum verkefnisins Músík Express. Skúli ætlar jafnframt að halda stutta tónleika í flugvélinni á leiðinni út. -fb

Á LEIÐ TIL PÓLLANDS 7oi er á leiðinni í sína fyrstu tónleikaferð á ferlinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Foreldrar og forráðamenn unglinga á vespum og skellinöðrum.

Vespur og skellinöðrur
eru farartæki í almennri umferð. En þó hraðinn sé ekki mikill eru ökumenn þessara farartækja í sömu hættu í falli eða árekstri við önnur farartæki og ökumenn bifhjóla. Í slíkum tilfellum getur góður hlífðarfatnaður skipt höfuðmáli. Réttur hlífðarbúnaður á slíkum farartækjum er hjálmur, hanskar, góðir skór, jakki eða peysubrynja og buxur með hlífum.

Foreldrar, sýnum ábyrgð og gott fordæmi

Tryggjum að börnin okkar séu vel varin og skili sér heil heim úr umferðinni!

HÓPAKSTUR BIFHJÓLAFÓLKS 1. MAÍ

11:30

Bifhjólafólk safnast saman á laugarvegi.

Bifhjólafólk, verum sýnileg og látum í okkur heyrast.

12:30

Hópakstur leggur af stað frá Laugarvegi, hjólað um, Lækjagötu, Vonarstræti, Suðurgötu, Hringbraut, Ánanaust, Mýrargötu, Geirsgötu, Sæbraut, Kringlumýrarbraut, Borgartún og endað á Kirkjusandi.

DAGSKRÁ

Tekið verður á móti hópnum á Kirkjusandi með kaffi og með'ði. Á planinu mun fara fram keppni í akstursleikni á vespum/skellinöðrum og eru verðlaun í boði fyrir færasta ökumanninn. Einnig verða veitt sérstök verðlaun fyrir þann sem er best gallaður með tilliti til öryggis.
Sniglar hvetja vespu- og skellinöðrufólk á öllum aldri til að mæta og taka þátt í keyrslunni með okkur.

Minnum á vorfund Umferðarstofu og Lögreglu í kvöld á Grandhótel kl 18:00. Fundurinn er öllum opinn.

www.kjoarnir.com

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Straumur
mánudags-
kvöld
kl. 22

FRÉTTIR AF FÓLKI

Skálmöld þakkar fyrir sig

Lag rokkaranna í Skálmöld, Árás, var notað við frumsýningu á nýju vopnakerfi fyrir tölvuleikinn Eve Online á Fanfest-hátíðinni í Hörpu á dögunum. Myndskeiðið vakti mikinn fögnuð á hátíðinni og það hefur einnig slegið í gegn í netheimum því hátt í tvö hundruð þúsund manns hafa séð það á Youtube. Til að þakka fyrir þetta farsæla samstarf hafa **Baldur Ragnarsson** og félagar í Skálmöld ákveðið að bjóða öllum starfsmönnum CCP á tónleika sína á Nasa 16. maí. Þar ætla rokkararnir að fagna upptökulokum á væntanlegri plötu sinni sem hefur fengið nafnið Börn Loka.

Eygló sárnar samlíking

Framsóknarkonan **Eygló Harðardóttir** er hneyksluð á Óttari Guðmundssyni geðlækni og telur hann hafa vegið að heiðri framsóknarmanna, þegar hann tjáði sig um geðraskanir Egils Skallagrímssonar í viðtali á Vísi. Þar lýsti hann því hvernig fornkappinn kynni að vera, væri hann uppi í dag. „Hann hefði getað orðið dæmigerður framsóknarbóndi og stundað grimma eiginhagsmunahyggju, en hann hugsaði alltaf fyrst og fremst um sig sjálfan," voru ummælin sem fóru svo öfugt ofan í Eygló. Þingkonan skrifaði færslu um málið á bloggsíðu sína á Eyjunni og fylgdu fjörugar umræður í kjölfarið. Ummælin tengjast nýútkominni bók Óttars, Hetjur og hugarvíl, þar sem hann greinir nokkrar þekktustu persónur Íslendingasagna með ýmsa geðsjúkdóma og persónuleikaraskanir, eftir nútímans reglum. **- fb, hhs**

Mest lesið

visir

1. Gagnrýna fjölda skipulagsdaga leikskóla - foreldrar þöglir þolend..
2. Harður árekstur á Miklubrautinni í gærkvöldi
3. Sprautaði piparúða inn á Hressó - gestir hlupu út
4. Breskur læknir afhöfðaður í Pakistan

Disney
HANNAH MONTANA
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

MIKLU MEIRI HOLLUSTA

Láttu skynsemina ráða og byrjaðu daginn á bragðgóðum og hollari morgunverði.

50% heilkorna

Færri kalóríur

Mikilvæg næringarefni

41% minna af sykri en í sambærilegum heilsukornflögum

Græna skráargatið hjálpar þér að velja hollasta kostinn

Meira af trefjum

Í Græna skráargatinu er lykillinn að hollara mataræði. Merkið var fyrst tekið upp í Svíþjóð árið 1989 og hefur síðan öðlast sess sem norræna hollustumerkið, nú síðast á Íslandi. Vörur merktar Skráargatinu uppfylla strangar kröfur um hollustu. Þess vegna er Fitness merkt með Skráargatinu.

ÍSLENSKA SIA.IS NAT 59558 04.2012